**SIF GUNNARSDÓTTIR**

*Les matreiðslubækur sér til skemmtunar*

matur

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**



**HREYFING**

*Snjóþrúguæði í uppsiglingu*

Sérblað um heilsu og lífsstíl

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**DAN KARATY**

*Snýr aftur til Íslands*

Kennir þjóðinni réttu sporin.

**FÓLK 40**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. febrúar 2008 — 38. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

**FÖSTUDAGUR**

### Minnislaus maður fær kvikmyndastyrk



Baugur styrkir nýja kvikmynd Lýðs Árnasonar um minnislausan athafnamann og stúlku á villigötum.

**FÓLK 46**

### Fékk símtal frá Hollywood

Framleiðendur í Hollywood ræða við Sæma rokk vegna kvikmyndar um Bobby Fischer.

**FÓLK 46**

### Baráttusigur hjá KR



KR gerði Njarðvík lífið leitt enn eina ferðina í gær er Vesturbæingar unnu ótrúlegan sigur í Ljónagryfjunni.

**ÍÞRÓTTIR 42**

**FÖSTUDAGUR**

### Komin til kóngsins

Sigga Heimis er nýr hönnunarstjóri hjá Fritz Hansen.

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**VEÐRIÐ Í DAG**




**STORMVIÐVÖRUN!** Í dag verður vaxandi suðaustanátt, stormur eða ofsaveður víða um land í kvöld. Skúrir eða él sunnan og vestan til í fyrstu og þurrt eystra en mikil rigning víða um land í kvöld, síst fyrir norðan. Hlýnandi veður.

**VEÐUR 4**

# Obama má ekki sjá skjölin um Laxness

**Forsetaframbjóðandinn Barack Obama fær ekki hnekkt úrskurði FBI um bann við lestri á áratuga gömlum skjölum um Halldór Kiljan Laxness, sem fræðimaðurinn Chay Lemoine hefur lengi barist fyrir að séu gerð aðgengileg.**

**BÓKMENNTIR** Forsetaframbjóðandinn Barack Obama fær ekki aflétt leynd af áratuga gömlum skjölum bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, um rithöfundinn Halldór Laxness. Skrifstofa Obama harmar þetta og segir að alríkislögreglan sé ósveigjanleg í málinu. Þetta kemur fram í bréfi sem skrifstofa Obama í öldungadeild bandaríska þingsins sendi frá sér um áramótin og Fréttablaðið hefur afrit af.

Bókmenntafræðingnum Chay Lemoine hafði áður verið meinaður aðgangur að þessum skjölum í október, með tilvísan til þess að upplýsingarnar í þeim ógnuðu þjóðaröryggi Bandaríkjanna, eins og greint var frá í Fréttablaðinu á sínum tíma.

Lemoine hefur í þrjú ár reynt að fá aðgang að ýmsum skjölum Bandaríkjamanna um Laxness og fengið í smáskömmtum. Nú standa ein fjögur skjöl eftir hjá FBI: upplýsingar sem sagðar eru ógna þjóðaröryggi og upplýsingar sem tengjast vegabréfaáritun, flokkuð sem einkamál.

Lemoine var orðinn vonlítill um að fá nokkurn tíma aðgang að skjölunum og grunar að þeim sé enn haldið leyndum til að vernda íslenska bandamenn bandarísku leyniþjónustunnar. Hann ákvað þó að leggja ekki árar í bát heldur leitaði á náðir öldungadeildarþingmanns síns, Obama, og bað hann að vinna í málinu fyrir sína hönd.

„Og mér finnst það svolítið merkilegt að í miðri kosningabaráttu hafi skrifstofa Obama gefið sér tíma til þess að bregðast við þessu bréfi mínu. Ég bjóst nú ekkert sérstaklega við því að þeir hefðu fyrir því að hafa samband við FBI fyrir mig! En fulltrúi Obama þakkaði mér sem sagt fyrir bréfið um ágreining minn við FBI og segir að því miður sé ákvörðun stofnunarinnar um mál mitt endanleg,“ segir Lemoine.

„Halldór hefði örugglega haft gaman af þessu; að öldungadeildarþingmenn og leyniþjónustur hér hafi svona áhyggjur af honum eftir öll þessi ár,“ segir Lemoine, sem nú reynir að fá aðgang að skjölunum eftir öðrum leiðum.

**- kóþ / sjá síðu 8**

Magnús Scheving:

## Íþróttaálfur með kvennafræðara

**FÓLK Magnús Scheving hefur undanfarið hálft ár verið að skrifa bók með dr. Miriam Stoppard, sem er hvað þekktust fyrir að vera höfundur bókarinnar Kvennafræðarans. Bókin ber heitið How to Raise Healthy Kids en ekki hefur verið ákveðið hvenær hún kemur út. Magnús segir að það hafi verið hæg heimatökin að komast í kynni við Stoppard en hún er vinkona forsetafrúarinnar, Dorrit Moussaieff. „Stoppard var sjónvarpsstjarna hérna á árum áður, hún er læknir og mikill fræðingur og því góður samstarfsfélagi,“ útskýrir Magnús.**

**- fgg/sjá síðu 46**



FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**ÁSGEIR JÓNSSON** Ásgeir, sem er forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, fór í gær yfir væntingar um stýrivexti.

Húsnæðisverð lækkar á árinu:

## Hörð lending lækki vextir ekki

**VIÐSKIPTI** Kólnun á fasteignamarkaði og lækkandi húsnæðisverð undir lok þessa árs vinnur á móti verðbólgu á þessu ári og því næsta.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri efnahagsspá greiningardeildar Kaupþings sem kynnt var í gær. Gert er ráð fyrir hraðri hjöðnun verðbólgu eftir því sem fasteignaverð tekur að lækka. Spáin gerir ráð fyrir að Seðlabankinn hefji lækkun stýrivaxta mun fyrr en ráðgert hefur verið vegna örrar kólnunar í hagkerfinu. Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildarinnar, segir núverandi vaxtastefnu Seðlabankans nær örugga leið að mjög harðri lendingu í efnahagslífi þjóðarinnar.

**- óká / sjá síðu 12**



**VETRAHÁTÍÐ HAFIN** Í höfuðborginni hófst í gær Vetrarhátíð sem nú er haldin í sjöunda sinn og stendur fram á laugardag. Þema hátíðarinnar er ljós og hreyfing og endurspeglast það á fjölbreytilegan hátt í dagskrá hátíðarinnar. Hér á ofan má sjá dansara við Fríkirkjuna í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vilhjálmur Vilhjálmsson segist hafa haft umboð til að undirrita samrunasamning:

# Umboðið frá borgarlögmanni

**BORGARMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, segist hafa leitað til Kristbjargar Stephensen borgarlögmanns og fengið staðfestingu frá henni um að hann hefði umboð til að samþykkja fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur samning um breytingar á eignarhaldi Reykjavík Engergy Invest (REI) og samruna við Geysi Green Energy.

Þetta kom fram í Kastljósi Ríkissjónvarpsins í gærkvöldi. Aðspurður hvort hann hefði haft umboð, en tveir hæstaréttarlögmenn draga það í efa í áliti sínu í lokaskýrslu stýrihóps um málefni REI, sagði Vilhjálmur svo vera: „Ég fer ekki til svona máls fyrr en ég er með það á hreinu að ég hafi svona umboð, mér dettur það ekki í hug og það er líka alveg ljóst að aðilar í kerfinu hefðu aðvarað borgarstjóra um það ef hann hefði ekki slíkt umboð.“

Ekki náðist í Kristbjörgu Stephensen við vinnslu fréttarinnar í gærkvöldi.

**- shá / sjá síðu 6**










* Innifalið í verði: Flug aðra leið og flugvallarskattar.

## SPURNING DAGSINS



*Mörður, áttu ekki orð yfir þetta?*

„Það eru orð að sönnu.“

Meðal skilyrða Samkeppniseftirlitsins fyrir sameiningu JPV og Máls og menningar er að fyrirtækið selji frá sér útgáfuréttinn að Íslenskri orðabók. Mörður Árnason er ritstjóri orðabókarinnar.

Skaut að höfði konu sinnar úr haglabyssu og segist hafa gert það óvart:

# Sex ár fyrir að skjóta að konu sinni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær rúmlega fimmtugan karlmann í sex ára fangelsi fyrir að skjóta að eiginkonu sinni með haglabyssu á heimili þeirra í Hnífsdal 8. júní síðastliðið sumar.

Konan hlaut rispur í andliti af völdum haglanna úr byssunni, auk þess sem eitt þeirra gataði peysu hennar við öxl. Í dómi segir að ljóst sé að maðurinn hafi beitt byssunni á þann hátt að um lífshættulegan verknað hafi verið að ræða sem hending ein réð að ekki hlaust bani af.

Maðurinn hélt því fram að skotið hefði verið voðaskot en þeirri málsvörn var hafnað og meðal annars bent á að maðurinn væri vanur veiðimaður og vissi vel hvernig ætti að fara með skotvopn.

Í dómnum kemur fram að við ákvörðun refsingar verði að líta til þess hversu einbeittur ásetningur ákærða til verknaðarins hafi verið.

Áður hafði Héraðsdómur Vestfjarða dæmt manninn í fjögurra og hálfs árs fangelsi og þyngdi því Hæstiréttur dóminn um eitt og hálft ár en til frádráttar refsingunni er gæsluvarðhald sem hann hefur sætt frá 9. júní í fyrra. - kdk



**EINBEITTUR BROTAVILJI** Í dómi Hæstaréttar segir að hending ein hafi ráðið því að ekki hlaust bani af skoti mannsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Féll um lúgu í lest skipsins:

# Slys um borð í sanddæluskipi

**LÖGREGLUMÁL** Starfsmaður rifbeinsbrotnaði þegar hann féll niður um tvo metra á lúguopi í lest á sanddæluskipi um klukkan sjö í gærmorgun. Varð slysið í skipasmíðastöð við Reykjavíkurhöfn þegar maðurinn var að vinna í lest á skipinu.

Var Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kallað á vettvang og notaðist það við kranabíl þar sem erfitt var að ná manninum upp. Voru börur látnar síga niður í lestina og manninum lyft upp um fimmtán til tuttugu metra. Var hann að svo búnu fluttur á slysadeild til frekari aðhlynningar. - ovd

# Snjóflóð röskuðu umferð fyrir vestan

**Snjóflóð féllu á veginn milli Súðavíkur og Ísafjarðar í gærmorgun og lokuðu veginum. Vel er fylgst með mögulegum snjóflóðasvæðum á Vestfjörðum. Hættulegt að ferðast í fjöllum. Getur skapast frekari hætta ef hlýnar snögglega.**

**SNJÓFLÓÐ** Snjóflóð féllu á veginn í Súðavíkurhlíð í gærmorgun og lokuðu leiðinni milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Snjóflóðin voru lítil og féllu úr giljum ofan vegarins. Kona keyrði á bíl sínum inn í flóðið skömmu eftir að það féll, skömmu fyrir átta. Sjúkrabíll kom á vettvang skömmu síðar og fór konan með honum til Ísafjarðar ómeidd.

Í kjölfar fyrsta flóðsins komu nokkur smærri sem þó voru nógu snjómikil til þess að loka veginum á nokkrum stöðum.

Hlynur Snorrason, lögreglufulltrúi á Ísafirði, sagði litla hættu hafa skapast. „Snjóflóðin voru lítil og féllu fjarri byggð. Það skapaðist ekki mikil hætta en við höfum alltaf töluverðan viðbúnað þegar snjóflóðaaðstæður skapast. Aðstæður geta breyst snögglega og þá er betra að hafa varann á,“ sagði Hlynur.

Lögregla, björgunarsveitarmenn og starfsmenn Vegagerðarinnar voru allir komnir á vettvang snjóflóðanna þegar flóð féll skammt frá göngunum við Hamarsgat. Við það króaðist lögreglubíll af en hann var fljótlega losaður út.

Í kjölfarið var öll umferð um veginn bönnuð og höfðu björgunarsveitarmenn og lögregla eftirlit með umferð.

Rúnar Karlsson, starfsmaður snjóflóðavaktarinnar á Ísafirði, segir flóðin einungis hafa fallið á veginn við Súðavíkurhlíð og byggð væri ekki innan hættusvæða mögulegra snjóflóða. „Flóðin féllu á veginn en að okkar mati er ekki hætta á snjóflóðum í byggð. Það getur verið hættulegt að ferðast ofarlega í fjöllum og það eru í raun engar aðstæður til þess. Við búum okkur undir það að frekari hætta geti skapast, sérstaklega ef það hlýnar snögglega, og meðan svo er þá er eftirlitið strangt.“

magnush@frettabladid.is



**LÍTIÐ SKYGGNI OG LOKAÐ** Veður var vont á þeim slóðum þar sem snjóflóð féllu á veginn í Súðavíkurhlíð eins og sést á þessari mynd. Björgunarsveitarmenn unnu ásamt lögreglunni að því að tryggja öryggi á vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR BB.IS

## ORÐIN VÖN SNJÓFLÓÐUM

„Ég veit að þetta hljómar undarlega en við hérna á Vestfjörðum erum orðin svo vön svona löguðu að við kærum okkur í raun kollótt um svona,“ segir Jóhanna Rúnarsdóttir, fjögurra barna móðir frá Súðavík sem lenti í snjóflóði á Súðavíkurhlíð í gærmorgun. Jóhanna var á leið í skólann þegar hún sá flóðið koma og gerði sér samstundis grein fyrir því í hvað stefndi. „Ég hefði kannski orðið hræddari ef ég hefði vitað af því að annað flóð var fallið fyrir aftan mig og því var ég hálf lokuð inni. En ég vissi það ekki og hringdi því bara í pabba og hlustaði á úvarpið,“ segir Jóhanna og skilar þakklæti til björgunarsveitarmannanna sem komu henni til aðstoðar.



**JÓHANNA RÚNARSDÓTTIR**



**HEIÐARNAR LOKAÐAR** Bæði Hellisheiði og Þrengsli lokuðust í gær vegna veðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjöldi bíla fastur á heiðunum:

# Ökumenn virða ekki lokanir

**SAMGÖNGUR Margir ökumenn sátu fastir á Hellisheiði og í Þrengslum í ófærðinni í gær. Þurfti að kalla til björgunarsveitir af Suðurlandi og af höfuðborgarsvæðinu til að hjálpa ökumönnum við að losa bíla sína eða flytja þá til byggða.**

**Segir í tilkynningu frá Landsbjörg að þrátt fyrir lokun Hellisheiðar hafi nokkrir ökumenn ákveðið að leggja á heiðina og síðan setið þar fastir í sköflum. Voru tíu bílar skildir eftir á Hellisheiði og ellefu bílar skildir eftir á Þrengslavegi.**

**Seinni part dagsins hafði veðrinu slotað að nokkru og unnu þá björgunarsveitir að því að losa bílana svo hægt væri að ryðja vegi og opna.** - ovd

Ítalía og New York:

# Mafíubófar handteknir

**ÍTALÍA, AP** Lögreglan á Ítalíu og í New York réðst í gær samtímis til atlögu gegn mafíunni og handtók tugi bófa sem stjórna eiturlyfjasmygli beggja vegna Atlantshafsins.

Margir hinna handteknu tengdust sikileyska mafíuforingjanum Salvatore la Piccolo, sem handtekinn var í nóvember, og glæpafjölskyldunni Gambino í New York. - gb

Forkosningar í BNA:

# Mitt Romney dregur sig í hlé

**BANDARÍKIN** Mitt Romney hefur ákveðið að draga sig í hlé í forvali repúblikana vegna forsetakosninganna í Bandaríkjunum, að sögn heimildarmanna bandaríska fréttastofa.



**MITT ROMNEY**

Romney berst við John McCain um útnefninguna en sá síðarnefndi hefur mikið forskot á Romney og stjórnmálaskýrendur telja að möguleikar Romney á að sigra McCain séu að engu orðnir. McCain virðist því eiga útnefninguna vísa.

McCain náði afgerandi forskoti í kapphlaupinu á miðvikudag með því að tryggja sér stuðning 707 kjörmanna fyrir landsfund flokksins í haust. Romney kom næstur með 294. - shá

Foreldrar í Rangárþingi ytra:

# Sama um börn sem aka bílum

**LÖGREGLUMÁL Barnaverndarnefnd Rangárþings ytra vill láta stemma stigu við akstri réttindalausra unglinga í sveitarfélaginu og undrast sinnuleysi foreldra þessara barna gagnvart vandamálinu.**

**„Nefndin hefur verulegar áhyggjur af ólöglegum og hættulegum vélhjóla- og bifreiðaakstri unglinga og viðhorfi foreldra til afskipta lögreglu og barnaverndaryfirvalda af ólögmætu atferli þeirra,“ segir í bókun barnaverndarnefndarinnar sem á síðasta fundi sínum tók fyrir tilkynningar frá lögreglu um slík atvik.** - gar






Lækningaforstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

# Dauði fanga verður rannsakaður

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það veður farið yfir málið frá upphafi til enda, nú þegar krufningarskýrsla liggur fyrir,“ segir Óskar Reykdalsson, lækningarforstjóri Heilbrigðisstofnunnar Suðurlands, um dauða fanga sem fannst látinn í klefa sínum á Litla-Hrauni í lok september í fyrra.

Stöð 2 greindi frá því í gær að krufningarskýrsla hefði leitt í ljós að maðurinn lést úr meþadoneitrun. Heilbrigðisþjónusta fangelsisins heyrir undir Heilbrigðisstofnun Suðurlands og segir Óskar að stofnunin muni í samvinnu við Landlæknisembættið gera vandlega athugun á málinu.

Óskar segir meþadon notað í fangelsinu til að draga úr fráhvörfum fanga sem margir hverjir eru langt leiddir af fíkniefnaneyslu.

„Það er fólki hættulegra að fara í fráhvörf heldur en fá meðferð við þeim,“ bendir hann á.

Óskar segir að fremur almenn tilhneiging sé hjá fíklum að ýkja þörf sína fyrir lyf sem slá á fráhvörf. Hann tekur þó skýrt fram að hann sé ekki að halda því fram að svo hafi verið í umræddu tilviki. Rannsókn muni leiða í ljós hvað gerðist.

Samkvæmt Stöð 2 segjast ættingjar fangans ekki skilja hvers vegna honum hafi verið gefið lyfið og að hann hafi í mesta lagi átt við áfengisvandamál að stríða. Þá telji þau sig hafa heimildir fyrir því að handvömm hafi leitt til þess að maðurinn lést í klefa sínum og ætla því að stefna ríkinu. - kdk



**LITLA-HRAUN** Meþadon er notað á Litla-Hrauni til að slá á fráhvörf langt leiddra fíkla. Of stórir skammtar geta dregið fólk til dauða en lækningarforstjóri Suðurlands segir slíkt afar fátítt.


Að hringja Kollekt *888*
Það er sama hver staðan er. Viðskiptavinir Símans geta alltaf hringt Kollekt úr GSM í GSM. Sláðu bara inn *888* á undan númerinu og sá sem þú hringir í greiðir símtalið.
Góð þjónusta
Viðskiptavinir Símans eru þeir ánægðustu meðal farsímafyrirtækja
800 7000 • siminn.is
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp

## GENGIÐ 07.02.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,61 | 66,93 |
| Sterlingspund | 129,97 | 130,61 |
| Evra | 97,43 | 97,97 |
| Dönsk króna | 13,072 | 13,148 |
| Norsk króna | 12,075 | 12,147 |
| Sænsk króna | 10,33 | 10,39 |
| Japanskt jen | 0,6261 | 0,6297 |
| SDR | 105,26 | 105,88 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
128,5455

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarmenn í SPRON segja Fjármálaeftirlitið hafa bannað upplýsingagjöf:

# Vildu upplýsa en gátu ekki

**VIÐSKIPTI** Stjórn SPRON segir Fjármálaeftirlitið (FME) hafa bannað að upplýsingar um sölu stjórnarmanna í SPRON væru gerðar opinberar. Í yfirlýsingu sem stjórn SPRON sendi frá sér í gær kemur fram að FME hafi „ekki heimilað birtingu viðskipta innherja í SPRON“.

Hildur Petersen, stjórnarformaður SPRON, seldi stofnfjárbréf eftir stjórnarfund félagsins 17. júlí fyrir um 7,2 milljónir að nafnvirði. Hluti af þeim fór til dóttur hennar eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

Ítrekað er í yfirlýsingunni að stjórn SPRON hafi viljað gera upplýsingarnar opinberar en ekki getað það.



**UPPGJÖR KYNNT** Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON, sést hér kynna uppgjör félagsins.

Fyrirtæki tengt Gunnari Þór Gíslasyni, Sundagarðar hf., seldi stofnfjárbréf fyrir um 188 milljónir að nafnvirði og Ásgeir Baldurs seldi stofnfjárhluti fyrir 271 þúsund að nafnvirði. Gunnar Þór og Ásgeir eru báðir stjórnarmenn í SPRON.

Í yfirlýsingunni kemur fram að stjórn SPRON hafi „vitaskuld fulla trú á fyrirtækinu“ og sala stjórnarmanna á stofnfjárbréfunum án þess að það hafi verið gert opinbert hafi ekki tengst því að bréfin hafi verið á yfirverði, miðað við verðmat Capacent á fyrirtækinu upp á 60 milljarða.

Stjórnin segist enn fremur undirstrika að „ástæður þess að stjórnarmenn seldu hluta af stofnfjáreign sinni á þessu tímabili voru fyrst og fremst persónulegar“. - mh

Ótti við komu árásarmanna:

# Ísrael vill vegg á landamærum

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk stjórnvöld hyggjast setja upp vegg á landamærunum við Egyptaland eftir að tímabundið rof í landamærum Egyptalands og Gaza skapaði ótta við að herskáir Palestínumenn ættu greiða leið inn í Ísrael frá Egyptalandi. Embættismenn greindu frá þessu á miðvikudag en vildu ekki láta nafns síns getið þar sem ákvörðunin var tekin á trúnaðarfundi.

Vegna fjalllendis mun landamæraveggurinn ekki ná yfir öll landamærin sem eru 230 kílómetra löng og verða skynjarar settir upp þar sem veggurinn hættir. - sdg

# Olíufélögin dæmd til að greiða bætur

**Hæstiréttur dæmdi í gær olíufélögin til þess að greiða Reykjavíkurborg og Strætó bs. um 79 milljónir króna í bætur vegna samráðs félaganna fyrir útboð árið 1996. Þetta er fyrsti hæstaréttardómurinn sem fellur vegna samráðsins.**

**DÓMSMÁL** „Niðurstaðan er vonbrigði en Hæstiréttur hefur talað,“ sagði Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, áður Olíufélagsins, eftir að Hæstiréttur hafði dæmt Skeljung, Ker og Olís til þess að greiða Reykjavíkurborg um 79 milljónir króna vegna samráðs félaganna fyrir útboð á vegum borgarinnar, nánar tiltekið Vélamiðstöðvarinnar, og Strætós bs. á sumar- og haustmánuðum 1996.

Um 73 milljónir eru vegna samráðs fyrir útboð á vegum borgarinnar en tæplega sex milljónir vegna samráðs á vegum Strætós bs., áður Strætisvagna Reykjavíkur. Til viðbótar bætast vextir frá 4. apríl 2002.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Reykjavíkurborgar, var sáttur við niðurstöðuna. „Þetta er ánægjuleg niðurstaða en eftir sem áður er ljóst að sönnun er erfið í málum sem þessum,“ sagði Vilhjálmur.

Upphaf málsins má rekja til rannsóknar samkeppnisyfirvalda sem hófst með húsleit í höfuðstöðvum félaganna 18. desember 2001. Rannsóknin leiddi til þess að félögin voru dæmd til þess að greiða 1,5 milljarða króna í stjórnvaldssektir.

Á grundvelli gagna sem aflað var við rannsóknina þótti forsvarsmönnum Reykjavíkurborgar og Strætós bs. ljóst að samráðið hefði valdið skaða.

Óumdeilt var í málinu að olíufélögin höfðu með sér samráð og greiddi Skeljungur, sem Reykjavíkurborg beindi viðskiptum sínum til eftir útboðið, hinum félögunum hlut af söluhagnaðinum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að Skeljungur, Olís og Ker hafi „ekkert fært fram í málinu, sem staðið gæti í vegi þeirri ályktun að tilgangur þessa alls að halda viðskiptum Reykjavíkurborgar hjá Skeljungi gegn verði sem ekki hefði staðist boð Kers og Olís ef reglur samkeppnislaga hefðu verið virtar í skiptum þeirra.“



**LÖGMENN GANGA ÚT ÚR SALNUM** Gísli Baldur Garðarsson, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og Kristinn Hallgrímsson sjást hér ganga úr dómsal Hæstaréttar eftir að dómur var kveðinn upp. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður og stjórnarformaður Olís, sagði þetta mál vera einstakt. „Þetta er á margan hátt einstakt mál þar sem brotin í þessu samráði var óumdeilt og viðurkennt. Það sem er jákvætt í þessu er að vextir eru færðir verulega niður en það er óljóst hvort þessi dómur hafi áhrif á önnur mál.“

Bæturnar sem dæmdar voru borginni byggðu á varakröfu Reykjavíkurborgar en hún tók mið af þeim fjárhæðum sem Skeljungur skuldbatt sig til þess að greiða Olís og Ker á tímabilinu 1996 til 2001.

Nokkur mál eru nú til meðferðar í dómskerfinu vegna samráðs olíufélaganna. Þar á meðal eru bótamál Alcan, Vestmannaeyjabæjar, íslenska ríkisins, útgerðarfélagsins Dala-Rafns og Sigurðar Hreinssonar. magnush@frettabladid.is

Afturreka handrukkarar:

# Bærinn styður ekki foreldrana

**FÓLK Meirihluti bæjarstjórnar Voga á Vatnsleysuströnd neitaði að samþykkja tillögu minnihlutans um að lýsa stuðningi við hjónin Ragnar Óskarsson og Björgu Ólöfu Bjarnadóttur vegna framgöngu þeirra við erfiðar aðstæður. Þau ráku af höndum sér handrukkara sem voru að innheimta fíkniefnaskuld sonar þeirra.**

**„Mesta og besta viðurkenning sem þeim hjónum Ragnari og Björgu getur hlotnast hlýtur að vera sú aukna áhersla sem meirihluti bæjarstjórnar leggur á forvarnir í sveitarfélaginu í kjölfar erfiðrar lífsreynslu þeirra,“ sagði meirihlutinn.** - gar



**BORGARNES** Framkvæmdir við fráveitu standa fyrir dyrum.

Áhyggjur í Borgarnesi:

# Sundurgrafinn bær í spilunum

**SVEITARSTJÓRNIR** Fulltrúi minnihlutans í byggðaráði Borgarbyggðar segist hafa miklar áhyggjur af væntanlegum fráveituframkvæmdum Orkuveitu Reykjavíkur.

„Líkur eru á að Borgarnes verði sundurgrafið næstu tvö sumur. Því þarf að setja ströng ákvæði um framkvæmdahraða og framkvæmdatíma á einstökum stöðum til að lágmark þau óþægindi sem af þessum framkvæmdum stafa,“ segir í bókun byggðaráðsfulltrúans.

Að sögn fulltrúa meirihlutans mun framkvæmdasvið bæjarins verða í nánu samstarfi við OR til að draga úr óþægindum. - gar



**ATKVÆÐI GREIDD** Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra setur atkvæðaseðil í kjörkassa þingsins. NORDICPHOTOS/AFP

Tyrkneska þingið:

# Höfuðklútar verða leyfðir

**TYRKLAND, AP Tyrkneska þingið samþykkti í gær stjórnarskrárbreytingu um að bann við notkun höfuðklúta í háskólum landsins yrði afnumið. Stjórnarskrárbreytingin tekur gildi ef þingið samþykkir hana í annarri atkvæðagreiðslu, sem fer fram á laugardaginn.**

**Áform þingsins um afnám bannsins eru afar umdeild í Tyrklandi. Stjórnkerfi landsins hefur áratugum saman byggst á aðskilnaði trúar og stjórnmála, og nýtur sú skipan víðtæks stuðnings í landinu.**

**Ríkisstjórnin, sem hefur yfirgnæfandi meirihluta á þingi, telur hins vegar bannið skerða trúfrelsi múslima.** - gb

Japanskir vísindamenn:

# Farsímar skaða ekki heilann

**TÆKNI** Farsímanotkun eykur ekki líkurnar á heilakrabbameini, segja vísindamenn við kvennaháskólann í Tókýó í Japan.

Samkvæmt rannsókn sem var nýlega birt í British Journal of Cancer fundust engin tengsl á milli reglulegrar farsímanotkunar og aukinnar hættu á þremur algengustu tegundum heilakrabbameins. Þetta kemur fram á fréttavef BBC. - sþs




Góður lífeyrir – ávísun á betra líf

Séreign - viðbótarlífeyrissparnaður
með tryggðum lágmarksvöxtum

Séreign er áhugaverður kostur fyrir þá sem vilja huga að framtíðinni í tæka tíð. Leggðu fyrir í Séreign og tryggðu þér mótframlag frá atvinnurekanda þínum til viðbótar við þitt eigið. Fáðu greitt fyrir að spara.

SPARNAÐUR

Sundagörðum 2 104 Reykjavík
Sími: 577 2025 Fax 577 2032
sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

Bayern Líf.

VERSICHERUNGSKAMMER BAYERN


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HUGA ÞARF AÐ NIÐURFÖLLUM**

Í kvöld verða komnir suðaustan 18-28 m/s víða um land með talsvert mikilli rigningu, einkum þó á Suður- og Suðausturlandi. Úrkomulítið verður norðan til. Í ljósi þess hversu snjóalög eru orðin mikil þarf sérstaklega að gæta að niðurföllum fyrir kvöldið.

Það byrjar að hvessa síðdegis í dag, fyrst sunnan til en verst verður veðrið nálægt miðnætti.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Vaxandi suðaustanátt, stormur í kvöld með rigningu. Hiti 2-5 stig.

um hádegi »





» á morgun





» sunnudagur





um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C alskýjað | London | 13°C heiðskírt | Friedrichshafen | 8°C hálfskýjað |
| Billund | 7°C alskýjað | París | 10°C heiðskírt | Lúxemborg | 7°C heiðskírt |
| Osló | 3°C hálfskýjað | Amsterdam | 10°C hálfskýjað | Alicante | 18°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 5°C alskýjað | Frankfurt | 9°C hálfskýjað | Róm | 11°C heiðskírt |
| Gautaborg | 8°C skúrir | Berlín | 7°C alskýjað | Las Palmas | 21°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# LAMBALÆRI MEÐ DÖÐLUM OG SHIITAKE SVEPPUM

## að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1 stk. lambalæri
10 stk. döðlur
1 búnt rósmarín
2 box shiitake sveppir

2 stk. hvítlauksgeirar
1 dl ólífuolía
salt og svartur pipar
steikarpoki

Snyrtið lambalærið. Afhýðið hvítlauk og maukið í morteli ásamt rósmaríni. Nuddið blöndunni vel á lambalærið og kryddið með salti og pipar. Skerið shiitake sveppi í sneiðar og raðið á lærið. Fletjið döðlurnar út og raðið á lærið. Setjið lambalærið í steikarpoka og lokið fyrir. Eldið í 1 1/2 klst. við 160°C. Uppskriftin miðast við sex manns.










**ÍTALÍA**

*ferskt pasta beint frá Ítalíu*






**Hagkaup Holtagörðum** ný og glæsileg verslun sem allir verða að kíkja á! Næg bílastæði




**Diet Coke plus**
- vítamínbætt




**Gerimax orkutyggjó**
- orka á örskotsstundu

Gildir til 10. febrúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Þekkir þú einhvern sem glímir við tölvufíkn?*

| | |
|---|---|
| Já | 45% |
| Nei | 55% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson að segja af sér í kjölfar skýrslu stýrihópsins um REI?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Lagaprófessor gagnrýnir framgang borgarstjórnar í REI-málinu:

# Hefði átt að skipa óháða nefnd

**BORGARMÁL** Sigurður Líndal lagaprófessor segir að heppilegra hefði verið að óháð nefnd hefði fjallað um málefni REI og Orkuveitunnar. „Ef tilgangurinn var að komast til botns í þessu máli hefði verið heppilegra að hún hefði verið skipuð óháðum aðilum sem síðan hefðu kallað til þá menn er málið varðar,“ segir Sigurður. „Reyndar er ég ekki klár á því hvaða hlutverki stýrihópurinn átti að gegna en ég veit heldur ekki hvað hópur sem skipaður væri óháðum aðilum hefði getað gert betur en hópur sem skipaður með þessum hætti.“

Spurður hvort hann teldi að stýrihópnum hefði hugsanlega verið ætlað að semja um ásættanlega niðurstöðu í þessu máli sem hefði minnstar afleiðingar svaraði hann, „ekki ætla ég mönnum að það hafi verið tilgangurinn í upphafi, það er hins vegar alltaf tilhneigingin að málin þróist á þann veginn þegar nefndir eru skipaðar með þessum hætti.“

Um það álitamál hvort Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hafði umboð eða ekki til að semja um samruna REI og Geysir Green Energy segir hann, „ef það er minnsta vafi, ég tala nú ekki um í stóru máli sem þessu, þá leitar maður til umbjóðandans og þá á ég við hina fulltrúana í borgarstjórn. Annað væri afar óvarlegt.“ **- jse**



**SIGURÐUR LÍNDAL LAGAPRÓFESSOR** Sigurður segir það afar óvarlegt hjá fyrrverandi borgarstjóra í jafn stóru máli sem REI-málinu að leita ekki álits hjá umbjóðendum sínum, það er að segja hinum fulltrúum í borgarráði, ef vafi lék á hvort hann hafði umboð til að semja.

41 árekstur í borginni í gær:

# Á sumardekkjum í hálku

**LÖGREGLUMÁL** „Það virðist við hæfi að hvetja fólk til að keyra í samræmi við aðstæður. Það virðist eitthvað vanta upp á það.“ segir Arnar Rúnar Marteinsson aðalavarðstjóri, en frá því átta í gærmorgun til ellefu í gærkvöldi var 41 árekstur tilkynntur til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. „Slíkur fjöldi sýnir okkur að ekki eru allir sem taka tilit til hálkunnar og ófærðarinnar sem verið hefur síðustu daga,“ segir Arnar og bætir við að fólk eigi ekki að hætta sér út í umferðina nema bílarnir séu búnir undir vetrarakstur.„Við höfum jafnvel séð bíla á sumardekkjum.“ **- kdk**

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:

# Málið hefur tekið sinn toll

**BORGARMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fyrrverandi borgarstjóri segir að REI-málið hafi veikt stöðu sína sem stjórnmálamanns. „Auðvitað hefur þetta veikt stöðu mína,“ sagði hann eftir fund borgarráðs í gær. „Þetta er búinn að vera erfiður tími hjá mér, því er ekki að leyna.“ Svo bætti hann við klökkur, „en ég hef góða fjölskyldu og sterk bein.“

Hann sagðist vel skilja ákvörðun Björns Inga Hrafnssonar um að hætta í stjórnmálum. „Það er ekki skemmtilegt að stunda pólitík þegar menn eru bornir þungum ásökunum eins og hann lenti í. Ég hef ekki lent í slíku.“

Hann sagðist ætla að einbeita sér að því að starfa vel fyrir borgarbúa það sem eftir lifir kjörtímabils. **- jse**



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Fyrrverandi borgarstjóri varð klökkur þegar hann var spurður hvort REI-málið hefði veikt stöðu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON BORGARSTJÓRI** Einhver mun axla ábyrgð, borgarstjórinn efast ekkert um það. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ólafur F. Magnússon:

# Einhver mun axla ábyrgð

**BORGARMÁL „Ég efast ekki um að einhver muni gera það,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri þegar hann var spurður hvort einhver ætti ekki að axla ábyrgð vegna REI-málsins. „En ég vil ekki tjá mig frekar um það,“ bætti hann svo við.**

**Hann sagði að REI-málið sýni að taki verði upp nýja stjórnarhætti hjá borginni. „Og ég efast ekkert um það að undir minni stjórn verði viðhafin opin og heiðarleg vinnubrögð,“ segir hann.**

**Hann fagnaði því að samstaða hefði náðst um málið hjá stýrihópnum og ítrekaði að hann hefði ekki átt nokkurn þátt í því verklagi sem gagnrýnt var í skýrslunni. Hann vildi ekki svara því hvort Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson ætti að segja af sér vegna málsins.** **- jse**

# Ákall almennings um betri vinnubrögð

**REI-málið sýnir hversu pólitíkin getur leitt menn langt í því að fara á svig við eðlilegar reglur og vinnubrögð segir formaður stýrihóps um málefni REI. Skýrslan var kynnt fyrir borgarráði í gær. Umboð einstaklinga var óljóst.**

**BORGARMÁL** Lokaskýrsla stýrihóps um málefni REI og Orkuveitu Reykjavíkur var kynnt á borgarráðsfundi í gær. Svandís Svavarsdóttir, formaður stýrihópsins, sagði þegar hún kom af borgarráðsfundinum að það mætti draga mikinn pólitískan lærdóm af skýrslunni. „REI-málið er ákall frá almenningi til stjórnmálamanna að viðhafa heiðarleg og opin vinnubrögð. Það var það sem gekk fram af almenningi þegar hann sá hvað pólitíkin getur leitt menn langt í því að fara á svig við eðlilegar reglur og eðlileg vinnubrögð, fara á svig við opna og klára umræðu sem almenningur á rétt á. Við erum sammála um þetta og að lærdómur af skýrslu stýrihópsins megi ekki fara ofan í skúffu.“

Svandís sagði að sá lærdómur sem dreginn yrði af þessum máli myndi verða yfirfærður á allar nefndir og svið Reykjavíkurborgar sem og hjá stofnunum borgarinnar eins og Strætó, Faxaflóahöfnum og Sorpu.

Meðal þess sem Svandís sagði að nefndarmenn væru sammála um að væri gagnrýnisvert við stjórnsýslu í REI-málinu var: „Í fyrsta lagi höfum við ekki fengið neina útskýringu á því hvað olli þeim hraða sem var á ferlinu þó svo að við höfum fengið ýmsar vísbendingar um hvað hafi verið þar á ferðinni. Eins var umboð einstaklinga mjög óljóst svo ekki sé fastar að orði kveðið, samráð var fyrir borð borið og upplýsingagjöf var mjög takmörkuð.“ Einnig sagði hún aðkomu FL-Group óeðlilega með meira móti.

Orðalagi í lokaskýrslunni hefur verið breytt frá vinnuskýrslunni sem Fréttablaðið sagði frá í gær en öll meginatriðin standa þó óbreytt.

„Það sem eru mestu tímamótin í þessu plaggi er að við skyldum ná um þetta skýrri samstöðu,“ sagði Svandís. „Það sitja við borðið í þessum hópi fólk sem eru miklir snillingar en sannarlega fólk sem er ekki sammála. Það eru mikil tímamót að geta leitt þetta allt til lykta. Ekki aðeins tímamót í sögu Reykjavíkur heldur einnig í sögu íslenskra stjórnmála því það hefur ekki gerst hingað til að samstöðu sé náð með þessum hætti um þung ágreiningsmál eins og þetta.“

Svandís sagði enn fremur að skýrslan bæri þess merki að vera sett saman af fólki úr mörgum flokkum. „Við myndum tala öðruvísi hvert um sig ef við myndum tjá okkur um málið,“ bætti hún við. **jse@frettabladid.is**



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR FORMAÐUR STÝRIHÓPS UM MÁLEFNI REI OG ORKUVEITU REYKJAVÍKUR** Heilmikinn lærdóm má draga af REI-málinu og mun hann verða yfirfærður á öll svið og stofnanir borgarinnar, segir Svandís Svavarsdóttir sem fór fyrir stýrihópi um málefni REI og Orkuveitu Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




* Innifalið í verði: Flug aðra leið og flugvallarskattar. Ferðatímabil: 2. maí–31. des.


Breiðholtshátíð, menningarhátíð eldri borgara hafin:

# Eldri borgarar bregða á leik

**FÉLAGSMÁL** Breiðholtshátíð – menningarhátíð eldri borgara í Breiðholti hófst í heitu pottunum í Breiðholtslauginni í fyrradag en þá voru dægurmálin rædd meðan Þorvaldur Jónsson harmonikkuleikari lék ljúfa tóna á sundlaugarbakkanum.

„Þetta er í þriðja sinn sem þessi hátíð er haldin með þessu sniði,“ segir Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður félagsstarfs í Gerðubergi. „Hún stendur í fimm daga og hver dagur er með sína yfirskrift.“ Þannig var dagurinn í gær með yfirskriftina íþróttadagur eldri borgara enda var spriklað í sundlauginni og svo í Austurbergi en harmonikkuleikarinn var aldrei langt undan.

Dagurinn í dag ber yfirskriftina „Kynslóðirnar saman í Breiðholti“ enda munu eldri borgarar heimsækja leikskólann Hraunborg og rifja þar upp bernsku sína. „Þó að þetta sé að nafninu til hátíð eldri borgara er þetta í raun hátíð allra því svona hátíð styrkir grenndarsamfélagið til bættrar nærþjónustu,“ segir Guðrún.

Listamenn úr röðum eldri borgara munu setja mark sitt á hátíðina en Skúli Gunnlaugsson frá Miðfelli í Hrunamannahreppi er heiðursgestur hennar og var opnuð sýning á verkum hans í Árskógum í gær.

Á laugardag verður svo hátíðardagskrá í Ráðhúsinu frá klukkan þrjú til sjö en þar mun meðal annarra Kynslóðasveitin leika fyrir gesti en meðlimir hennar eru úr fjórum ættliðum, sá yngsti er á fermingaraldri og ber húðirnar. **- jse**



**STIGINN LÉTTUR DANS** Eldri borgarar láta heldur betur til sín taka þessa dagana meðan Breiðholtshátíðin stendur yfir. Fjölmargir atburðir fylgja hátíðarhöldunum en harmonikkuleikari og þar með dansinn er aldrei langt undan.

# Arctic Trucks á Segulpólinn með Top Gear!

## Komdu og skoðaðu sjónvarpsstjörnurnar úr Top Gear – Polar Special, sérsmíðaða Toyota Hilux og Toyota Land Cruiser



## Sýning hjá Arctic Trucks, Kletthálsi 3, laugardaginn 9. febrúar kl. 12 til 16

**Í apríl 2007** stóðu þáttastjórnendur breska sjónvarpsþáttarins Top Gear hjá BBC fyrir ökuferð á Segulpólinn með aðstoð Toyota í Bretlandi og Arctic Trucks á Íslandi. Aldrei áður hafði bíl verið ekið þessa leið – og ekki er víst að svo verði aftur!



Arctic Trucks breytti þremur Toyota jeppum sérstaklega fyrir þessa erfiðu áskorun auk þess sem þrír starfsmenn frá fyrirtækinu tóku þátt í ferðinni, sem var bæði ævintýraleg og stórkostleg lífsreynsla!

### Leiðangurinn á Segulpólinn

Komdu og skoðaðu bílana sem fóru á Segulpólinn og útbúnaðinn sem nauðsynlegur var til fararinnar. Heyrðu ferðasöguna, eins og starfsmenn Arctic Trucks upplifðu hana, um leiðina á pólinn og aftur til baka!

### Kynning á breytingum fyrir nýjan Toyota Land Cruiser 200

Við kynnum breytingar á nýjum Toyota Land Cruiser 200 í samvinnu við Toyota á Íslandi. Arctic Trucks hefur hannað breytingar fyrir bílinn og verða teikningarnar til sýnis ásamt því að hægt verður að skoða bílinn og fá upplýsingar um eiginleika hans frá tæknimönnum okkar.

ARCTIC TRUCKS®

www.arctictrucks.is

**Umsjónarmenn fasteigna II**
**- Markvisst nám í stjórnun fasteigna -**

Námskeið ætlað aðilum sem bera ábyrgð á byggingum og gegna eftirlitshlutverki með þeim.

Námskeiðsþættirnir eru fjölmargir og meðal þeirra eru:

- Allt um ytra birgði húsa
- Áætlanagerð
- Stjórnun framkvæmda
- Samskipti í vinnu
- Öryggiskerfi
- Umhverfismál

Um er að ræða 50 stundir og ekki er nauðsynlegt að hafa sótt námskeiðið **umsjónarmenn fasteigna I** áður.

Næsta námskeið hefst ***18. febrúar***.

Frekari upplýsingar í ***síma 522 9000*** eða á heimasíðu okkar ***www.nmi.is***.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar








**Auglýsingasími**
**512 50 50**
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


Dóttir Halldórs Laxness er sátt við úrskurð Samkeppniseftirlitsins:

# Bjartur telur nú peningana

**BÓKMENNTIR** „Við erum búin að opna budduna og erum að telja hvort við eigum pening," segir Snæbjörn Arngrímsson, hjá bókaútgáfunni Bjarti.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að Samkeppniseftirlitið hefur gert að skilyrði fyrir stofnun og rekstri bókaútgáfunnar Forlagsins að hún komi ekki að útgáfu Íslenskrar orðabókar og heildarverka Halldórs Laxness.

Snæbjörn segir útgáfu orðabókarinnar mjög stórt og sérhæft verkefni, sem krefjist mikillar orku og sérþekkingar.

„Við verðum að íhuga það rækilega hvort við erum tilbúin í slík átök," segir hann. Slíkt sé ómögulegt án styrkja frá yfirvöldum.

Guðný, dóttir Halldórs Laxness, segir úrskurð Samkeppniseftirlitsins eðlilegan. „Það er ekki hægt að hafa bara eitt forlag og einn dósakaupmann. Það er allt of mikil fákeppni hérna og eins og samkeppni nái bara ekki inn í skallann á Íslendingum. Það verður að gera eitthvað þegar svo er og ekki hægt að grenja yfir því þegar það lendir á manni sjálfum," segir hún, spurð hvort erfingjar Halldórs sýti að mega ekki semja við Forlagið.

Úrskurðurinn hafi komið á góðum tíma því útgáfusamningurinn renni hvort eð er út í júlí. **- kóþ**



**HALLDÓR LAXNESS OG FRÚ AUÐUR** Enn er líf og fjör í kringum minningu og ævistarf Halldórs Laxness, bæði hér á landi og erlendis. Útlit er fyrir að svo verði um ókomna tíð. MYND/ÚR SAFNI



**ÁHYGGJUFULLAR ÚT AF EIGIN HÖGUM** Læknaritarar fjölmenntu á þingpalla til að hlusta á umræðurnar og vegna plássleysis þurftu sumir frá að hverfa. Fram kom í málflutningi stjórnarliða að engum yrði sagt upp þótt verkefni yrðu færð út fyrir veggi Landspítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Útvistun leiðir ekki til uppsagna læknaritara

**Tólf vilja annast tölvuinnslátt um 30 þúsund læknabréfa í verktöku. 70 manns hafa ekki undan. Ögmundur Jónasson segir sjálfstæðismenn hygla vildarvinum við útvistun verkefna í heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisráðherra segir það dylgjur.**

**ALÞINGI** Á undanförnum árum hafa safnast upp 30 þúsund læknabréf á Landspítalanum sem enn á eftir að skrá inn í sjúkraskrár.

Eftir kynningu Landspítalans á verkinu bárust í það tólf tilboð, sum frá heilbrigðisstofnunum úti um land. Ekki hefur verið ákveðið hver hlýtur verkið.

Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, var í gær harðorður í garð sjálfstæðismanna í umræðum um einkarekstur og útvistun á starfsemi Landspítala. Sagði hann flokkinn þröngva heilbrigðisstofnunum út í einkarekstur með sveltistefnu í fjárveitingum og pólitískum handlöngurum. Nefndi hann að meðal þeirra sem ásældust ritun sjúkraskráa væri fyrirtæki í eigu Ásdísar Höllu Bragadóttur, fyrrverandi bæjarstjóra í Garðabæ. Þá kvaðst Ögmundur þekkja dæmi þess að lækningaforstjórar hefðu beitt áhrifum og völdum til að vinna einkavæðingunni framgang.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra andmælti Ögmundi harðlega. Sagði hann skrökva og dylgja.

Guðlaugur sagði rekstur Landspítalans í höndum stjórnenda hans og þeirra að ákveða hvernig færslu sjúkraskráa væri háttað. Sagði hann jafnframt að gæði og öryggi skránna gæti mögulega batnað með útvistun.

Ásta R. Jóhannesdóttir, Samfylkingunni, sagði öryggi sjúklinga byggjast á að skráning læknabréfa sé reglubundin en safnist ekki upp. Kvaðst hún hafa upplýsingar um að persónuverndar væri mjög vel gætt og að útvistunarverkefnið væri tilraun til 6-8 mánaða.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, lýsti sig andvígan áformunum og taldi upplýsingar um sjúklinga ekki eiga erindi út fyrir spítalann.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sagðist á hinn bóginn ekki andvígur útvistun en gæta þyrfti að kostnaði og trausti.

Þuríður Backman, VG, sagði að skoða þyrfti reynsluna af þeim verkum sem þegar hefur verið útvistað.

Ásta Möller, Sjálfstæðisflokki, sagði einkarekstur í heilbrigðisþjónustu vera til hagsbóta fyrir bæði almenning og ríkissjóð.

**bjorn@frettabladid.is**

Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Bretlands í Afganistan:

# Rice segir ástandið nú skárra

**AFGANISTAN, AP** Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Bretlands, þau Condoleezza Rice og David Miliband, komu óvænt til Afganistans í gær og héldu rakleiðis til Kandahar, borgarinnar í suðurhluta landsins þar sem talibanastjórnin hafði áður höfuðstöðvar sínar.

Rice sagði ástandið í Afganistan hafa skánað töluvert, þótt enn væri það erfitt: „Ef við berum saman Afganistan árið 2001 og svo eins og það er nú, þá hefur breytingin til hins betra verið stórmerkileg."

Meðan Rice var í Afganistan í gær var Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, hins vegar staddur á fundi varnarmálaráðherra Atlantshafsbandalagsríkjanna í Vilníus, höfuðborg Litháens.



**RICE OG MILIBAND** Hittust í London á miðvikudag og brugðu sér til Afganistans í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Hann lagði þar hart að fundarmönnum að senda fleiri hermenn til Afganistans, því NATO-liðið þar væri ekki nógu fjölmennt til að ráða við þau erfiðu verkefni sem þar er við að glíma.

Yfirmenn NATO hafa lengi reynt, en með litlum árangri, að fá evrópsku aðildarríkin til að fjölga í liði sínu þar.

Á vegum NATO eru nú 42 þúsund hermenn í Afganistan, en þriðjungur þeirra kemur frá Bandaríkjunum. Að auki eru nærri 13 þúsund bandarískir hermenn í Afganistan að berjast þar gegn hryðjuverkastarfsemi. **- gb**



Porsche Cayenne GTS

**Greinilega á hreyfingu.**

**Þrátt fyrir að vera kyrr...**

# Þreföld frumsýning !

**Cayman S Porsche Design Edition 1**
**Cayenne GTS**
**911 GT2**

**Opið föstudag frá kl. 09 - 18**
**Opið laugardag frá kl. 11 - 16**

PORSCHE

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is
www.porsche.is

Orkuveita Reykjavíkur

# Er þetta ekki orðið ágætt?

Skiptu yfir í boðgreiðslur

Óþarfa gluggapóstur finnur sér leið inn á of mörg heimili í dag. Á tímum rafrænna greiðslna og vefvæðingar ætti gluggapóstur fyrir löngu að vera leifar gamals tíma, sóunar og óskynsemi. Svo ekki sé minnst á umhverfisspjöllin.

Með því að fara inn á www.or.is/bodgreidslur getur þú lagt þitt af mörkum til umhverfisverndar og borgað reikningana þína með boðgreiðslum. Enginn pappír, enginn gluggapóstur, ekkert vesen.




ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 40710 01/08

• Ef allir viðskiptavinir OR skipta yfir í boðgreiðslur sparast 7068 kg af pappír á ári eða 295 tré.

www.or.is




**FANGELSI** Nokkrir fangar þurfa að deila klefa tímabundið.

# Fangar iðrast

## Á heimasíðu félags fanga er beðist afsökunar á harðorðri gagnrýni á fangelsismálayfirvöld og ummælum sem fangar segja hafa verið óvarfærnisleg.

**FANGELSISMÁL** Afstaða, félag fanga, hefur beðist afsökunar á harðorðri gagnrýni sinni á fangelsismálayfirvöld, sem birt voru í grein á heimasíðu þeirra í byrjun vikunnar.

Titill þeirrar greinar Afstöðu sem beðist er afsökunar á er: „Fangar þurfa að deila klefum með öðrum“. Í henni var meðal annars vísað í álit frá stjórn Afstöðu en þar sagði: „Úrræðaleysi Fangelsismálastofnunar helgast því af þröngsýni og íhaldssamri stefnu sem rekin er með gróðasjónarmiðum að markmiði og langt frá því markmiði sem stofnunin hefur lagt fram.“

Í afsökunarbeiðninni sem nú hefur verið birt á síðunni vegna fyrrgreindra ummæla segir að Afstaða vilji „koma á framfæri afsökunarbeiðni til fangelsisyfirvalda, og annarra sem hlut eiga að máli, vegna þessa orðalags sem, eftir á að hyggja, var afar óvarfærnislegt og rangt. Stefna Fangelsismálastofnunar er að sjálfsögðu á engan hátt rekin af gróðasjónarmiðum, langt í frá, og stefna Fangelsismálastofnunar er hvorki þröngsýn og íhaldssöm“. Segir auk þess á síðunni að þessi orð hafi verið látin falla að vanhugsuðu máli og vegna ótta fanga á Litla-Hrauni við þær aðstæður sem þar eru komnar upp en vegna gagngerra endurbóta í fangelsinu á Akureyri var nauðsynlegt að flytja þaðan fanga og vista í fangelsinu í Kópavogi og á Litla-Hrauni. Vegna þessara tilfærslna þurfa nokkrir fangar að deila klefa með öðrum þar til í mars en fagfólk valdi þá fanga saman.



**PÁLL WINKEL**

„Ég fagna yfirlýsingunni. Það er mikilvægt að fangelsisyfirvöld eigi góð samskipti við forsvarsmenn fanga. Við munum svo sannarlega leggja okkar af mörkum til að tryggja að svo verði,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, um afsökunarbeiðni Afstöðu. **- kdk**




Merki um öruggari bílakaup

Bíll sem ber merki um Bílaábyrgð Varðar er betri bíll, vegna þess að hann er tryggður fyrir óvæntum bilunum og göllum þó hann sé ekki lengur í verksmiðjuábyrgð.

Kynntu þér kosti Bílaábyrgðar í síma 514 1000 eða á vordur.is

Vörður tryggingar hf.




**MICHAEL BLOOMBERG** Borgarstjóri New York ætlar að blanda sér í kosningabaráttuna án þess að bjóða sig fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bloomberg ekki í framboð:

# Vill samt hafa áhrif á málefni

**BANDARÍKIN, AP** Michael Bloomberg, borgarstjóri í New York, tók af skarið í gær og sagðist ekki ætla að bjóða sig fram utan flokka í forsetakosningunum í haust.

Hann ætlar samt að gera tilraun til að hafa áhrif á kosningabaráttuna. Hann vill hafa áhrif á það um hvað umræðurnar snúast.

„Við erum að gera þá tilraun núna,“ sagði hann. „Ég tel mér skylt að reyna það.“

Bloomberg er 65 ára milljarðamæringur og notaði auðæfi sín óspart í kosningabaráttuna um borgarstjóraembættið í New York árið 2001. **- gb**

**HORNAFJÖRÐUR**

### Mörg hreindýr

Lögreglan á Höfn varar við óvenju mörgum hreindýrum á vegum eystra. Full ástæða sé til að fara varlega enda hafi verið ekið á þó nokkur dýr það sem af er vetri. Eru dýrin í stórum hópum og mjög spök.

Ár rottunnar:

## Hrátt rottukjöt aldrei vinsælla

**TAÍLAND, AP Ár rottunnar gekk í garð í gær samkvæmt kínversku dagatali og stendur til 29. janúar 2009. Í tilefni undirbúnings hátíðarhalda hins nýja árs rýkur rottukjöt af nýslátruðu út. Rotturnar eru veiddar á hrísgrjónaökrum og eru því hreinni, kjötmeiri og fitusnauðari en ættingjar þeirra af ruslahaugum borganna. Rottukjötsbásar eru nú almenn sjón við vegarkanta hraðbrauta. Kílóið kostar um 320 íslenskar krónur.**

**Fólk frá fátækum sveitahéruðum þekkir þetta þó vel því það hefur lengi nýtt sér rottukjöt yfir vetrartímann þegar lítið er um mat.**

- kka

Ný lesendakönnun sýnir yfirburðastöðu Nyhedsavisen í Danmörku:

# Mest lesna dagblaðið í Danmörku

**DANMÖRK** Nyhedsavisen er nú mest lesna dagblaðið í Danmörku. Í frétt á viðskiptavefnum business.dk kemur fram að í janúar lásu 604 þúsund Danir blaðið á hverjum degi. „Það er frábært að við erum í fyrsta sæti. Nú höldum við áfram,“ er haft eftir Morten Nissen Nielsen, forstjóra á Nyhedsavisen.

Nielsen hafnar því að það hafi hvetjandi áhrif á tölurnar að Nyhedsavisen sé í þann mund að fara að segja upp „helmingnum af starfsmönnum á ritstjórn og loki dreifingunni í Óðinsvéum,“ eins og segir í fréttinni á vefnum. „Þessu upplagi er dreift annars staðar í landinu svo að við höldum upplaginu í meira en 500 þúsund blöðum.“

Í kynningu til fjárfestanna hafa stjórnendur Nyhedsavisen látið í ljós væntingar um að ná 700 þúsund lesendum í maí og 800 þúsund lesendum í nóvember. Morten Nissen Nielsen vill ekkert ræða um þau markmið. „Ég vil bara segja að ég er númer eitt,“ segir hann.

Næstflestir lesa 24 timer eða 554 þúsund manns en það blað hefur minnkað upplagið og dregið úr dreifingunni síðustu mánuði. Jyllands-Posten kemur í þriðja sæti með 508 þúsund manna daglegan lestur og MetroXpress er í fjórða sæti með 501 þúsund lesendur á hverjum degi.

- ghs

### ÁTTA STÆRSTU BLÖÐIN

| Dagblöð | fjöldi lesenda |
|---|---|
| Nyhedsavisen | 604.000 |
| 24 timer | 554.000 |
| Jyllands-Posten | 508.000 |
| MetroXpress | 501.000 |
| Politiken | 456.000 |
| Urban | 428.000 |
| Ekstra Bladet | 421.000 |
| B.T. | 386.000 |

Heimild: www.business.dk




**YFIR SEX HUNDRUÐ ÞÚSUND** Meira en sex hundruð þúsund manns lásu Nyhedsavisen daglega í janúar.

Eyjagöng rædd í þingnefnd:

## Langt í að taka þurfi afstöðu

**ALÞINGI** Hugmyndir um jarðgöng til Vestmannaeyja voru til umræðu á fundi samgöngunefndar Alþingis í gær.

Nefndin hafði ekki áður fengið kynningu á málinu og segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir formaður að nefndin ætli í framtíðinni að eiga oftar frumkvæði að því að taka upp mál. Slíkt sé til þess fallið að styrkja störf þingsins.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

Árni Þór Sigurðsson, VG, segir Eyjagöng ekki vera í neinum sérstökum pólitískum farvegi og að langt sé í að taka þurfi afstöðu til málsins.

- bþs

Árni M. Mathiesen:

## Ljóst hver fer með forræði kjarasamninga

**ALÞINGI Það er fjármálaráðherra sem fer með forræði kjarasamninga fyrir hönd ríkisins. Sjónarmið menntamálaráðherra í þeim efnum eru því ekki sjónarmið ríkisstjórnarinnar.**



**ÁRNI M. MATHIESEN**

**Þetta sagði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra á Alþingi í gær. Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, innti hann eftir stefnumótun stjórnarinnar í kjaraviðræðum í ljósi yfirlýsinga Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra á fundi með samflokksmönnum sínum á laugardag. Þar sagði hún að hækka þyrfti laun kennara.**

- bþs

Leikskólar í Reykjavík:

## Ráðið í fimmtíu stöðugildi

**LEIKSKÓLAR** Ástandið í leikskólamálum í Reykjavík hefur batnað. Ráðið hefur verið í um fimmtíu stöðugildi á leikskólum borgarinnar, gróflega áætlað, þannig að nú vantar fólk í um áttatíu stöðugildi. Fólk vantaði í 130 stöðugildi um síðustu áramót.

Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri á leikskólasviði, segir að dregið hafi úr lokunum deilda á leikskólum þar sem ástandið hafi verið verst enda séu nýir starfsmenn óðum að taka til starfa. Nú þurfi aðeins þrír til fjórir leikskólar að senda börn heim og það færri daga en áður.

- ghs

SAMNINGALOTA UM HELGINA: AÐEINS Í BÍLAÞINGI HEKLU Á KLETTHÁLSI.

ÞESSA EINU HELGI HAFA SÖLUMENN ÓTAKMARKAÐ LEYFI TIL AÐ SEMJA VIÐ ÞIG!

Frá fimmtudegi til laugardags verða sölumenn Bílaþings HEKLU á Klettihálsi ekki aðeins í óvenju góðu samningaskapi heldur hafa þeir leyfi til að lækka verðið meira á ÖLLUM bílum – en aðeins um þessa helgi! Komdu við í Bílaþingi HEKLU á Kletthálsi og gerðu góð kaup á nýlegum notuðum bílum.

**Sérstakur 15% afsláttur af öllum Skoda bifreiðum.**

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKODA BIFREIÐUM Í KLETTHÁLSI UM HELGINA 15% AFSLÁTTUR




HEKLA

Opið 10-18 virka daga og 10-14 laugardaga

Klettháls 11 | sími 590 5044 | www.bilathing.is | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum



**HJÓLAÐ Í BOGOTA** Hjólreiðamenn á ferð um breiðgötu í höfuðborg Kólumbíu á „Bíllausum degi" í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Byggingarstofnun tekur yfir starfsemi Brunamálastofnunar og ýmis önnur verkefni:

# Ný stofnun hefur störf 1. júní

**STJÓRNSÝSLA** Ný stofnun, Byggingarstofnun, tekur til starfa 1. júní, samkvæmt frumvarpi umhverfisráðherra um mannvirki.

Stofnunin tekur yfir starfsemi Brunamálastofnunar auk fjölda annarra verkefna sem vistuð eru í öðrum stofnunum eða ráðuneytum. Má þar nefna eftirlit með öryggi raforkuvirkjana, neysluveitna og raffanga í mannvirkjum sem og eftirlit með lyftum og viðskiptum með byggingarvörur. Þá verða aðgengismál á könnu stofnunarinnar.

Lög um mannvirki sem, samkvæmt frumvarpinu, eiga að taka gildi 1. janúar 2009 ná yfir ýmsar framkvæmdir sem áður hafa verið undanþegnar byggingarleyfi. Á það við um virkjanir, dreifi- og flutningskerfi veitna, mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka og mannvirki á flugvallarsvæði og fyrrum varnarsvæði Keflavíkurflugvallar.

Starfsemi Byggingarstofnunar verður fjármögnuð með sérstöku byggingaröryggisgjaldi sem stofnað verður til á grunni brunavarnagjalds sem kostar starfsemi Brunamálastofnunar. Leggst gjaldið ofan á brunatryggingar fasteigna.

- bþs



**BRUNAMÁLASTOFNUN** Verði frumvarp umhverfisráðherra að lögum verður Byggingarstofnun til á grunni Brunamálastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðlaugur Þór Þórðarson:

# Landlæknir sjái um starfsleyfin

**ALÞINGI** Landlæknir mun sjá um útgáfu starfsleyfa heilbrigðisstétta í stað ráðuneytis, samkvæmt frumvarpi sem Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur mælt fyrir á Alþingi.

Í ræðu sagði hann þessa breytingu eðlilega þar sem um væri að ræða dæmigerða starfsemi stofnunar og ekki ráðuneytis. Annars staðar á Norðurlöndunum væri þessi háttur hafður á.

Frumvarpið er hluti af tveggja ára áætlun ráðuneytisins um aðgerðir til einföldunar á opinberum reglum og stjórnsýslu.

- sþs






FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**EFNAHAGSHORFUR AÐ VETRI** Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, og Ásdís Kristjánsdóttir sérfræðingur kynntu nýjustu hagspá deildarinnar í gær. Horfurnar gefa tilefni til lækkunar vaxta Seðlabankans fyrr en áður hefur verið spáð.

# Efnahagslífið kólnar hratt

**Lækkun á fasteignamarkaði er spáð á seinni hluta þessa árs. Efnahagslífið er á hraðri leið til kólnunar.**

**VIÐSKIPTI** „Núverandi vaxtastefna Seðlabanka – eins og hún var kynnt í síðustu Peningamálum – er nær örugg leið að mjög harðri lendingu og hættulega nærri fjármálaóstöðugleika ef henni er haldið til streitu við núverandi aðstæður," segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings.

Kaupþing kynnti í gær hagspá greiningardeildar bankans fyrir árin 2008 til 2010 undir heitinu „Efnahagshorfur að vetri". Ásgeir fór sérstaklega yfir væntingar til næstu stýrivaxtaákvörðunar Seðlabankans, en hennar er að vænta á fimmtudaginn kemur. Hann segir hlutabréfamarkað og lausafjármarkað vera ármenn í hagkerfinu og marki fyrir hagsveiflum. Á eftir fylgi svo fasteignamarkaður og loks raunhagkerfið. Ásgeir segir þróun í hagkerfinu mjög hraða nú vegna áhrifa erlendis frá. Hann segir lækkun eignaverðs, aukið skuldatryggingarálag (CDS) og almennan óróleika á erlendum lausafjármörkuðum nú leggjast svo þungt á eina sveif með mjög háum stýrivöxtum hér að raunveruleg hætta sé á brotlendingu hagkerfisins. „Í öllu falli ætti núverandi staða að gefa Seðlabanka Íslands færi á því að fara að fordæmi erlendra seðlabanka og lækka vexti án þess að glata trúverðugleika sínum eða virðingu á markaði."

Í kynningu Ásdísar Kristjánsdóttur á hagspá bankans kemur raunar fram að gert sé ráð fyrir breyttum stýrivaxtaferli hjá Seðlabankanum og að lækkunarferlið hefjist þegar á næsta vaxtaákvörðunardegi 14. þessa mánaðar, eða að öðrum kosti í apríl. Gert er ráð fyrir að stýrivextirnir standi í 9,75 prósentum í lok árs, en þeir eru nú 13,75 prósent. „Hagspá okkar frá því í október hefur breyst mjög mikið frá síðustu spá okkar í október," segir Ásdís og kveður þar koma til mjög breyttar aðstæður þar sem undirmálslánakrísan hafi dýpkað á erlendum mörkuðum. „Við gerum nú ráð fyrir hraðari kólnun og dýpri niðursveiflu en við höfðum áður gert ráð fyrir."

Ásdís segir ljóst að peningalegt aðhald verði áfram til staðar meðan stýrivextir haldist háir og áhættuálag á skuldabréf bankana verði í núverandi stigi. „Við gerum ráð fyrir að þjóðarútgjöld dragist saman og að bakslag myndist í hagvexti. Samhliða því sem viðsnúningur verður í utanríkisviðskiptum gerum við ráð fyrir að viðskiptasem og vöruskiptahallinn dragist hratt saman út spátímabilið."

Kólnun segir Ásdís þegar hafna á fasteignamarkaði og gerir greiningardeildin í spá sinni ráð fyrir að fasteignaverð taki að lækka í lok þessa árs. Þá er gert ráð fyrir veikingu krónunnar á árinu samhliða lækkun stýrivaxta þótt vaxtamunur við útlönd styðji áfram við hana. Um mitt ár er gengisvísitölunni spáð í 136 stig en að hún styrkist lítillega undir lok ársins.

Ásdís segir verðbólgu munu hjaðna hratt eftir því sem fasteignaverð taki að lækka og nú megi gera ráð fyrir því að húsnæðisliðurinn vinni á móti verðbólgu á þessu og næsta ári. olikr@frettabladid.is




## ÁL Í FYRSTA SINN VERÐMÆTARA SJÁVARAFURÐUM

Útflutningsverðmæti áls verður á næsta ári í fyrsta sinn meira en verðmæti sjávarafurða. Í nýrri hagspá greiningardeildar Kaupþings er gert ráð fyrir að útflutningsverðmæti áls aukist úr rúmum 80 milljörðum króna í um 135 milljarða á þessu ári og fari í um 140 milljarða á árinu 2009. Þá hefur áhrif niðurskurður í aflaheimildum.

Gert er ráð fyrir samdrætti á þessu ári en endurnýjaðu hagvöxtur taki við á næsta ári. Hann verði drifinn áfram af viðsnúningi í utanríkisviðskiptum, þar sem álútflutningur aukist og innflutningur dragist saman í takt við minnkandi útgjöld þjóðarinnar.

# DRIFKRAFTUR OKKAR



Ögrandi aðstæður viðskiptavina eru okkur stöðug hvatning til þess að þróa vörur með það fyrir augum að bæta lífsgæði þeirra. Sú vinna er drifin áfram af sköpunarkrafti og einlægum vilja til að ná góðum árangri.

Í gær hlaut Össur Þekkingarverðlaun Félags viðskipta- og hagfræðinga. Við þökkum þann heiður sem okkur er sýndur.

ÖSSUR®

www.ossur.com

*Life Without Limitations®*

COPYRIGHT© ÖSSUR FEBRÚAR 2008

# Vetrarfjör B&L hefst í dag



BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL ÁRSINS
2008
BÍLABLAÐAMANNA




**Land Rover Freelander**
Sjálfskiptur, leður, 2.2L., 160 hö.

Vetrarfjörsverð: **4.670.000**
Verð áður: 4.770.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 110 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka
**345.000 kr.**

**Tuscon**
Beinskiptur, 2.0L.

Vetrarfjörsverð: **2.850.000**
Verð áður: 2.930.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 70 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka
**285.000 kr.**







**BMW X5**
Sjálfskiptur, 3,0L., 272 hö.

Vetrarfjörsverð: **7.780.000**
Verð áður: 8.020.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 160 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 140 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka
**590.000 kr.**

**Renault Megane Sport Tourer**
Beinskiptur, 1,6L., 115 hö.

Vetrarfjörsverð: **2.290.000**
Verð áður: 2.400.000

Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 40 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka
**200.000 kr.**

Tilboð Vetrarfjörs gilda ekki með öðrum tilboðum. Bílar á mynd eru ekki í öllum tilfellum með sama búnaði og er í tilboðinu. Birt með fyrirvara um verðbreytingar og innsláttarvillur.

# VETRAR FJÖR

Frábært verð á vetrarvönum bílum í febrúar.
Verið velkomin á Vetrarfjör í B&L!




Bíll ársins í flokki jeppa og jepplinga
BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA
BÍLL ÁRSINS 2007

**SantaFe**
Sjálfskiptur, 2.7L.

Vetrartilboð: **3.980.000**
Verð áður: 4.080.000
Innifalið: Vetrardekk (verðmæti 85 þ.), dráttarbeisli (verðmæti 85 þ.) og bensínkort (verðmæti 50 þ.)

Heildarverðmæti Vetrarfjörspakka
**320.000 kr.**



Tekið er á móti gestum og gangandi með heitu kakói og kleinum í sýningarsal okkar að Grjóthálsi. Óvæntir glaðningar fyrir gesti Vetrarfjörs – frábær verð hjá B&L og umboðsmönnum um allt land.



Síðustu **Arctic-Cat** sleðarnir á sérstöku Vetrarfjörstilboði *- fyrstir koma, fyrstir fá*



B&L Grjóthálsi 1 - 110 Rvk - Sími: 575 1200 - www.bl.is
**Opið: 10-18 virka daga, 12-16 um helgina**
Umboðsaðilar: Bílás,Þjóðbraut 1, Sími: 431 2622 - Bílasala Akureyrar, Freyjunesi 2.Sími: 461 2533
B&L Selfoss, Hrísmýri 2a., Sími: 575 1460 - Bílasala Keflavíkur., Bolafæti.1, Sími: 421 4444

Með bílinn handa þér

## „ORÐRÉTT“

### Ekkert svona

**„Mér finnst fáránlegt að þingið sé með sitt eigið reykherbergi.“**

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON UM REYKHERBERGIÐ Í ALÞINGISHÚSINU.

**Fréttablaðið 7. febrúar.**

### Eldstygg

**„Það er ein kind sem ræður ferðinni og er eldstygg.“**

MARGRÉT ÞORLÁKSDÓTTIR, ANNAR EIGENDA KINDA Í SJÁLFHELDU Í ÓLAFSVÍKURENNI.

**Fréttablaðið 7. febrúar.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÓLAFUR HR. SIGURÐSSON BÆJARSTJÓRI Á SEYÐISFIRÐI

## *Enginn skortur á starfsfólki*

„Það er bara skítaveður,“ segir bæjarstjórinn á Seyðisfirði, Ólafur Hr. Sigurðsson og hlær við. „Rok og leiðindi. Fjarðarheiðin lokast alltaf og menn sem sækja vinnu annað missa úr, með tilheyrandi tekjutapi.“

Ólafur segir einu lausnina að gera jarðgöng. „Göng takk, á morgun,“ segir hann með áherslu. Fram að þessu hefur engin ákvörðun verið tekin um framkvæmdina, en Ólafur hefur fulla trú á að málið sé í góðum farvegi.



Ein tillagan hljóðar upp á göng sem myndu liggja á milli Seyðisfjarðar og Eskifjarðar og myndu stytta verulega fjarlægðir á milli kaupstaða á Mið-Austurlandi, eða á milli Neskaupstaðar, Eskifjarðar, Mjóafjarðar, Seyðisfjarðar og Héraðs og rjúfa vetrareinangrun.

Hann segir að verið sé að vinna í málinu og það mjakist hægt og rólega, menn séu bjartsýnir.

„Sem stendur er verið að vinna fyrir okkur skýrslu um hagkvæmni boraðra jarðganga upp á Hérað.“

Ólafur segir að svona mál taki mikinn tíma, svo ekki sé margt annað í gangi eins og er.

„Svo er nægur snjór á skíðasvæðinu,“ heldur hann áfram. Hann segir að þar hafi miklar framkvæmdir verið í gangi og allt sé nýtt, nýr troðari og nýr skíðaskáli. Það vanti heldur ekki starfsfólk eins og í Reykjavík, fólk fari bara úr öðrum verkefnum tímabundið þegar snjófæri sé gott.

En er þá ekki bara málið að skipuleggja ferðir í snjóinn? „Já, það eru náttúrulega bara ferðaskrifstofurnar sem sjá um það, “ segir Ólafur, en bætir við að hann taki vel á móti fólkinu.

## SJÓNARHÓLL
ÁSTANDIÐ Á HJÚKRUNARHEIMILUM



MARGRETA BJÖRKE
Eigandi verslunarinnar Janus.

### *Erfitt að ekki fáist fólk til starfa*

„Ástandið á dvalar- og hjúkrunarheimilum er mjög erfitt, sérstaklega fyrir okkur aðstandendurna sem erum í mikilli vinnu,“ segir Margreta Björke, eigandi verslunarinnar Janus á Barónsstíg. „Mörg sjúkrarými standa auð og beðið er með að taka inn fólk af því að það er ekki nægilega margt starfsfólk. Það er mjög erfitt að það sé ekki pláss fyrir fólk sem ekki getur hugsað um sig sjálft. Þá er líka víða verið að breyta herbergjum í eins manns herbergi sem gerir að verkum að allt er stopp. En stóra vandamálið er að fá starfsfólk. Spítalarnir eru fullir og ekki auðvelt að komast þar inn. Þá er dýrt fyrir samfélagið að fylla plássin með veiku eldra fólki.“

Margreta telur að hækka þurfi laun starfsfólksins. „Fólk verður að fá mannsæmandi laun fyrir svona erfiða vinnu. Það verður líka að byggja hraðar upp dvalar- og hjúkrunarheimili. Samfélagið hefur ekki hugsað nógu snemma um það hversu margt eldra fólk yrði í framtíðinni. Leggja verður meira fjármagn til aldraðra því að þetta er fólkið sem byggði upp landið. Það hefur borgað skatta alla ævi og það er algjört skilyrði að hugsað sé vel um það.“

# Tölvufíknin heldur fólki í heljargreipum

**Óstjórnleg tölvunotkun er sívaxandi vandamál. Áráttan gengur svo langt að fólk flosnar upp úr vinnu og skóla, bíður skipbrot í einkalífi sínu og tapar jafnvel heilsunni. Tölvufíkn veldur félagslegri einangrun sem verður að vítahring.**



**VIÐ SKJÁINN** Fjölmörg dæmi er um að einstaklingar missi stjórn á lífi sínu vegna tölvunotkunar sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

„Ég slökkti á tölvunni þegar ég var 32 ára og kveikti ekki á henni aftur í tvo mánuði. Það þyrmdi yfir mig kvíði og ofboðslegt þunglyndi. Þá hafði tölvufíknin stjórnað lífi mínu frá sjö ára aldri,“ segir Þorsteinn K. Jóhannsson, meistaranemi í stærðfræði og sérkennari við háskólann á Bifröst. Rannsóknir benda til að fimm til tíu prósent allra tölvunotenda eigi á hættu að missa stjórn á tölvunotkun sinni. Börnum og unglingum er sérstaklega hætt við að missa tök á tölvunotkun sinni.

Þorsteinn hefur að undanförnu haldið fjölmarga fyrirlestra víða um land um tölvufíkn. Þar freistar hann þess að fræða nemendur, foreldra og kennara um óhóflega tölvunotkun og þau vandamál sem henni fylgir. „Tölvufíkn verður ekki eingöngu mæld í því hversu löngum tíma einstaklingur eyðir fyrir framan skjáinn. Miklu frekar hvaða áhrif tölvunotkunin hefur á skólagöngu eða vinnu og hvort tölvan er tekin framyfir vini, eldri áhugamál, fjölskyldu og jafnvel eigin heilsu.“

Þorsteinn sem þekkir vandann af eigin raun segir fíknina marka líf einstaklingsins en ekki síður aðstandenda. „Þrátt fyrir tíu klukkustundir á dag fyrir framan tölvuskjáinn gerði ég mér aldrei grein fyrir því að ég væri tölvufíkill.“ Þorsteinn starfaði í tölvuverslun á þeim tíma sem hann tók á sínum vanda. „Ég áttaði mig þá á því að viðskiptavinirnir voru margir hverjir fársjúkir. Þar varð ég vitni að því að fullorðið fólk lét hendur skipta yfir síðasta eintakinu af nýjum tölvuleik.“

Björn Harðarson sálfræðingur hefur sérhæft sig í meðferð á fíknum hvers konar. Hann segir tölvufíkn eða -áráttu um margt skylt við spilafíkn og meðferð geti verið afar vandasöm. Hjá unglingum getur tölvunotkunin leitt til þunglyndis, lágs sjálfsmats og kvíða.

Vilborg G. Guðnadóttir, deildarstjóri á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL), segir að félagslega einangruð börn og unglingar leiti mikið í heim tölvunnar. „Það getur svo sannarlega farið úr böndunum og við aðstoðum marga foreldra við að setja mörk á tölvunotkunina. En þetta eitt og sér er aldrei ástæða innlagnar hjá okkur.“

Vilborg segir að oft lýsi þetta sér með mjög öfgafullum hætti og sé ein birtingarmynd þess vanda sem skjólstæðingar geðdeildarinnar eiga í. „Þetta virðast oft vera einu samskiptin sem þessir einstaklingar eiga. Stundum er þeirra raunveruleiki einfaldlega allur þar.“

**svavar@frettabladid.is**

> Þrátt fyrir tíu klukkustundir á dag fyrir framan tölvuskjáinn gerði ég mér aldrei grein fyrir því að ég væri tölvufíkill.



**ÞORSTEINN K. JÓHANNSSON**
MEISTARANEMI






Góðtemplarar á Akureyri:

## Sjúkrahúsið fær 50 milljónir

Góðtemplarareglan á Akureyri hefur afhent Sjúkrahúsinu þar í bæ 50 milljónir króna að gjöf. Gjöfinni verður varið í stofnun sjóðs til kaupa á tækjum og búnaði til greiningar og meðferðar hjartasjúkdóma.

„Við urðum eiginlega að draga djúpt andann þegar þeir komu færandi hendi,“ segir Halldór Jónsson, forstjóri sjúkrahússins. Góðtemplarareglan, sem stofnuð var árið 1884, stofnaði til ýmiss konar fyrirtækjareksturs til að standa straum af starfseminni og byggði nokkur stórhýsi. Fyrirtækin og húsin hafa nú verið seld og hluti ágóðans var notaður til að gera upp svokallað Friðbjarnarhús við Aðalstræti en sjúkrahúsið fékk afganginn að gjöf.

**- jse**

VIKA 1

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Fimm innflytjendur munu út árið veita lesendum Fréttablaðsins innsýn í líf sitt. Fjórir þeirra segja okkur nú hvað bar hæst í vikunni.

Charlotte Ólöf Ferrier:

### HEIMABAKAÐAR BOLLUR BESTAR



„Ég heimsótti fjölskyldu kærasta míns um helgina,“ segir Charlotte Ólöf Ferrier. „Þar fékk ég heimabakað brauð, bollur og saltkjöt og baunir. Allt var heimagert og mjög gott. Svo fékk ég bollur á bolludaginn en þær voru ekki eins góðar og þær heimagerðu.“

Hún segir hefðirnar ekki eins á Englandi. „Á þriðjudeginum borðum við pönnukökur. Þá á að klára allan sykur, egg og hveiti og forðast slíkt til páska,“ segir Charlotte sem eins og sannur Íslendingur náði sér í flensu í vikunni.

Rachid Benguella:

### SVIPAR TIL HEFÐA Í MAROKKÓ



„Ég borðaði mikið af sprengidagskjöti í hádeginu á þriðjudaginn,“ segir Rachid Benguella um helstu atburði vikunnar. „Við erum með svipaða hefð í Marokkó. Við geymum hluta af lambi sem við fórnum, setjum það í salt og sólþurrkum. Það er svo borðað á sérstökum hátíðisdögum og með kjötinu er borðað kúskús. Það er mjög svipað bragð af þessu saltaða lambakjöti.“ Rachid segist kunna mjög vel við þessa íslensku hefð og að hún hafi minnt hann á heimalandið.

Algirdas Slapikas:

### FER AÐ LÆRA HEIMASÍÐUGERÐ



„Það er ekki svo mikið að gera í vinnunni enda vorum við að sjósetja bát í liðinni viku,“ segir Algirdas Slapikas sem er Litháí og vinnur hjá plastiðnaðarfyrirtækinu Trefjum.

„Nú er ég að búa mig undir námskeið í heimasíðugerð. Ég hef áhuga á tölvum og trúi því að þetta geti gagnast mér vel. Svo hafði ég orð á þessu við yfirmann minn og honum leist vel á þetta svo það er aldrei að vita nema að þetta geti gagnast mér í vinnunni þegar fram líða stundir.“

Junphen Sriyoha:

### FAGNAÐI KOMU VINKONU SINNAR



„Ég fékk mikil viðbrögð eftir umfjöllun Fréttablaðsins,“ segir Junphen Sriyoha, afgreiðslukona í Fjarðarkaupum. Junphen fékk glaðning sem hún vonar að vari lengur en frægðarsólin. „Vinkona mín sem ég kynntist í vinnubúðunum á Reyðarfirði, þegar ég vann þar við ræstingar, var að flytja í bæinn frá Akureyri. Við tókum okkur til og héldum upp á það með því að skella okkur í miðbæinn og skemmtum okkur bara vel.“



**TILBOÐ**
9601319
**Vetrarjakki**
Stærðir: S-XXL.
**5.900,-**
~~8.990,-~~

# FEBRÚARTILBOÐ

## Allt fyrir veturinn í verslunum N1 á frábæru verði



**TILBOÐ**
960 8006(9574)
**Flíspeysa**
Snickers flíspeysa.
Stærðir: S-XXL.
**4.900,-**
~~7.990,-~~



**TILBOÐ**
960 9411
**Flísbolur**
Snickers Micro flísbolur.
Stærðir: S-XXL.
**1.990,-**
~~2.890,-~~



**TILBOÐ**
960 9412
**Flísbuxur**
Snickers Micro flísbuxur.
**1.490,-**
~~2.490,-~~




**TILBOÐ**
526 4980930
**Ísbræðir á rúður, 0,5 l**
**390,-**
~~532,-~~




**TILBOÐ**
948 3013492
**Ísvari, 0,5 l**
**390,-**
~~498~~



**TILBOÐ**
3852 85060534
**Skíða- & brettafesting**
með segulfestingu.
**5.900,-**
~~9.900,-~~



**TILBOÐ**
063 HY-SML-B11CAH
**LED vinnuljós**
15 LED, hleðslu, 12/230V
**2.490,-**
~~3.290,-~~

Tilboðin gilda út febrúar eða meðan birgðir endast

**N1** VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 - SÍMI 440 1200
REYKJAVÍK - AKUREYRI - AKRANES - HAFNARFJÖRÐUR - KEFLAVÍK - SELFOSS - HORNARFJÖRÐUR - EGILSSTAÐIR
WWW.N1.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 8-18
LAUGARDAGA 10-14



**Vefurinn:** Todoist

Skipuleggðu líf þitt betur með því að búa til „to do“ lista. Láttu Todoist svo minna þig á hlutina.

www.todoist.com

# tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

TÆKNISPJALL: ÞÓRÐUR SVERRISSON, FORSTJÓRI NÝHERJA

## Ræddu um strauma og stefnur í upplýsingatækni

Nýherji hélt ráðstefnu um helstu strauma og stefnur í upplýsingatækni á Hilton-hótelinu í Reykjavík í gær. Meðal fyrirlesara voru stjórnendur frá erlendu upplýsingatæknifyrirtækjunum Gartner og Avaya.

„Á þessari ráðstefnu var verið að fjalla um mikilvægi upplýsingatækni í þróun á viðskiptalíkönum og í viðskiptum,“ segir Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja. „Upplýsingatækni er að verða mikilvægt bakland í rekstri fyrirtækja en ekki bara einhver tölvudeild. Þarna var verið að draga þessa staðreynd upp og fara yfir hvernig upplýsingatæknideildirnar geti staðið undir þeim kröfum og væntingum sem gerðar eru til þeirra.“

Þórður segir annað umræðuefni á ráðstefnunni hafa verið samþætt samskipti. „Það er lykilatriði til að starfsmenn geti verið virkari í sínum störfum að samþætta samskiptakerfin þannig að þeir geti til dæmis sent símtöl úr borðsíma í farsíma eða svarað tölvupósti úr farsíma,“ segir hann. „Þetta er allt saman spurning um að þú komist inn í póst-, bókhalds- og þjónustukerfin hvar sem er.“

Um 150 manns sóttu ráðstefnuna, flestir yfirmenn úr upplýsingatæknideildum fyrirtækja. „Hérna voru framkvæmdastjórar úr öllum helstu fyrirtækjum,“ segir Þórður. Hann kvaðst ánægður með mætinguna.



Aðspurður hvað honum hafi þótt áhugaverðast á ráðstefnunni nefnir Þórður fyrirlestur Mary Mesaglio, þróunarstjóra hjá Gartner. „Svo fannst mér líka sérstaklega áhugavert að heyra í Peter Hannaford, viðskiptaþróunarstjóra hjá fyrirtækinu APC, um orkunotkun í tölvurýmum og gagnaverum, og hvernig sé hægt að hagræða því.“

### Tæknin brúar bilið




Tæknin hjálpar til við að minnka bilið á milli fátækra og ríkra þjóða, samkvæmt nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna. Farsímar og nettengingar hafa meðal annars ýtt undir framfarir og bætt efnahagslífið í fátækari löndum á borð við Úganda, Senegal og Kenía. Þó er varað við of mikilli bjartsýni; þróunarlönd séu ríkari þjóðum enn langt að baki.

### Hnýta saman sæstrengi

Viðgerðamenn hafa hafist handa við að laga sæstrengina tvo í Miðjarðarhafinu sem skemmdust í síðustu viku. Búist er við að það taki um það bil viku að lappa upp á strengina, en skemmdirnar ollu miklum truflunum á netsambandi í Mið-Austurlöndum og Indlandi. Enn er ekki vitað hvað varð til þess að strengirnir slitnuðu.

### Eining eða óeining?

Vísindamenn gætu þurft að endurskilgreina mælieininguna „stjarnfræðileg eining“ áður en langt um líður vegna breytinga sem verða á sólinni. Einingin, sem er skammstöfuð AU, er meðalvegalengdin milli sólar og jarðar og stendur í 149.597.870,691 kílómetrum. Formlega skilgreiningin er þó mun flóknari, og notar meðal annars massa sólarinnar sem fer stöðugt minnkandi. Nánar tiltekið um sex milljarða kílógramma á hverri sekúndu.

### Beðið eftir Nukem



Godot tölvuleikjanna, Duke Nukem Forever, fékk útgáfudag í stutta stund í gær. Í dagblaðinu Dallas Business Journal var hann sagður eiga að koma út í desember á þessu ári, og var vitnað í talsmann framleiðandans, 3D Realms. Samkvæmt fréttatilkynningu sem forstjórinn George Broussard skrifaði og birti á spjallborði 3D Realms var þessi frétt hins vegar röng. Duke Nukem Forever hafi enn engan útgáfudag fengið. Aðdáendur Duke þurfa því að hinkra aðeins lengur eftir leiknum, sem átti upphaflega að koma út árið 1998.




International studies in Denmark?

**Computer Science** (2¼ years)
Systems designer, Programmer, IT consultant, Project manager, Systems administrator.

**Marketing Management** (2 years)
Marketing coordinator, Advertising consultant, Account manager, Purchasing assistant.

**Multimedia Design and Communication** (2 years)
Web designer, Web developer, Multimedia consultant, Media planner, Event manager.

Higher education academy programmes. Direct qualifications for employment or 1 year top-up to become a bachelor.

**Information meeting, 15 February at 17**
Hilton Reykjavik Nordica
Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavik

www.aabc.dk/english

The Business Academy
Aarhus Business College


# Lengi getur gott batnað

**Nú árar vel fyrir tölvuleikjaunnendur. Á síðasta ári fengum við að njóta frábærra leikja á borð við Mass Effect, Bioshock, Skate, Halo 3, Super Mario Galaxy og Uncharted: Drake‘s Fortune, og allt stefnir í að þetta ár verði enn betra. Fréttablaðið skoðaði fimm áhugaverða leiki sem eiga að koma út á árinu.**



### GRAND THEFT AUTO IV

**Hver:** Níundi leikurinn í hinni vinsælu og ofbeldisfullu Grand Theft Auto leikjaröð. Sá fyrsti sem kemur út á leikjatölvum þessarar kynslóðar.
**Um hvað:** Aðalpersónan Nikolai Bellic flytur til Liberty City (sem er nákvæm eftirlíking af New York) frá heimalandi sínu í Austur-Evrópu til að upplifa ameríska drauminn. Draumurinn verður að martröð þegar hann er látinn ganga í glæpasamtök og verður að drepa mann og annan til að komast af.
**Hvað er nýtt:** Stórendurbætt grafíkvél, netspilun, fjölbreyttari borg, nýtt miðunarkerfi fyrir vopn og margt fleira.
**Hvenær:** Kemur út 29. apríl fyrir Xbox 360 og PlayStation 3.



### METAL GEAR SOLID 4

**Hver:** Fjórði leikurinn í Metal Gear Solid-leikjaröðinni eftir Hideo Kojima, og sá fyrsti sem kemur út á PlayStation 3.
**Um hvað:** Gerist árið 2014, þegar algengt er orðið að málaliðar heyi stríð fyrir hönd stórfyrirtækja. Sem fyrr stjórnar spilarinn Solid Snake, sem er sendur til Mið-Austurlanda í þeim tilgangi að knésetja yfirmann stærsta málaliðafyrirtækisins. Það gerir hann með því að læðast um, fela sig og drepa hljóðlaust.
**Hvað er nýtt:** Mun betri grafík, enda kom síðasti leikurinn í seríunni út á PlayStation 2. Nýjar persónur, breytt umhverfi, nýr felubúningur og ýmislegt fleira.
**Hvenær:** Kemur út á öðrum ársfjórðungi fyrir PlayStation 3 leikjatölvuna.



### FALLOUT 3

**Hver:** Löngu tímabært framhald einna vinsælustu hlutverkjaleikja allra tíma: Fallout og Fallout 2. Hefur verið frestað og frestað, en er nú loksins við það að koma út.
**Um hvað:** Sem fyrr gerist leikurinn í Bandaríkjunum eftir kjarnorkustyrjöld. Einn daginn vaknar aðalpersónan upp við það að faðir hans er horfinn úr kjarnorkubyrginu þar sem þeir feðgar bjuggu, og yfirgefur sjálfur byrgið í leit að honum. Hlutverkaleikur með hasarívafi.
**Hvað er nýtt:** Breytt bardagakerfi, nýtt umhverfi, spánný grafíkvél. Hægt að spila leikinn í fyrstu persónu sjónarhorni.
**Hvenær:** Kemur út í haust fyrir Xbox 360, PlayStation 3 og Windows.



### SUPER SMASH BROS. BRAWL

**Hver:** Þriðji leikurinn í Super Smash Bros. bardagaleikjaseríunni frá Nintendo. Sá fyrsti sem kemur út á Wii.
**Um hvað:** Óhefðbundinn slagsmálaleikur þar sem gamlar og nýjar tölvuleikjapersónur berjast hver við aðra. Meðal persóna sem koma við sögu eru Mario, Luigi og Yoshi úr Super Mario-leikjunum, Samus úr Metroid-leikjunum og Link úr Zelda-leikjaseríunni.
**Hvað er nýtt:** Hægt verður að spila sem Snake úr Metal Gear Solid-leikjunum, Sonic úr samnefndum leikjum og Pit úr Kid Icarus-leikjaseríunni. Bætt grafík og netspilun.
**Hvenær:** Kominn í búðir í Japan en kemur út síðar á árinu í Evrópu fyrir Wii-leikjatölvuna.



### SPORE

**Hver:** Nýjasti leikurinn frá Will Wright, manninum á bak við SimCity og The Sims. Líklega sá metnaðarfyllsti sem sést hefur um árabil.
**Um hvað:** Eins konar líf-hermir þar sem spilarinn hannar lífveru og fylgir henni eftir allt frá örverustiginu og þar til tegundin leggur undir sig önnur sólkerfi. Hægt er að stýra hverju einasta smáatriði í hönnun skepnunnar, til dæmis lit, fjölda útlima og augna, stærð, styrk og hraða.
**Hvað er nýtt:** Allt. Spilunin skiptist í fimm hluta sem hver spilast eins og allt annar leikur. Án efa óvenjulegasti leikur ársins.
**Hvenær:** Hefur ekki fengið staðfestan útgáfudag, en kemur út fyrir lok ársins á Windows og Mac OS X.

heima Öndvegi

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

# 10 - 50% AFSLÁTTUR

RAFE**MAR, KRISTALIA, INCANTO, CHAT**EAU D'AX,
CALLI**GARIS, HÜLSTA,** JENSEN O.FL.



**Fiori leðurtungusófi: Verð áður: kr. 269.800,- verð nú: 198.000,-**

**Opið í dag kl. 10-18, á morgun, laugardag kl. 11-16.**

Síðumúla 30 - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16

HEIMA HÚSIÐ

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [*Hlutabréf*]

**OMX ÍSLAND 15**
5.068 **+0,68%**

**Fjöldi viðskipta:** 571
**Velta:** 7.387 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| BAKKAVÖR | +1,33% | 365 | -6,77% |
| | | SPRON | -3,72% |
| | | EXISTA | -2,66% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,94 -1,00% ... Bakkavör 45,75 +1,33% ... Eimskipafélagið 31,00 -0,80% ... Exista 12,10 -2,66% ... FL Group 9,56 -1,95% ... Glitnir 18,15 -0,82% ... Icelandair 26,45 -0,19% ... Kaupþing 721,00 -0,28% ... Landsbankinn 28,75 -0,86% ... Marel 99,20 -0,10% ... SPRON 5,70 -3,72% ... Straumur-Burðarás 12,90 -0,77% ... Teymi 5,36 -0,19% ... Össur 92,00 -0,54%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Brúa ekki lánabilið

### Forstjóri Íbúðalánasjóðs segir hægja á.

„Mér sýnist að það sé farið að hægja verulega á. Það er áberandi minna að gera núna. Lítið í lok janúar og nú í byrjun febrúar," segir Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs.

Sjóðurinn lánaði út þrjá og hálfan milljarð króna til almennra íbúðalána í janúar, jafn mikið og fyrir ári. „Það er útlit fyrir færri umsóknir og færri afgreidd lán núna," segir Guðmundur.

Útlán bankanna hafa dregist mikið saman. Þeir lána nú fyrir sem nemur einni íbúð á dag. Fasteignamatið segir að dregið hafi úr veltu í janúar um tæpan þriðjung frá sama mánuði í fyrra.

Guðmundur bendir á að lánahlutfall Íbúðalánasjóðs sé takmarkað og einnig hámarkslánin. „Það getur verið erfitt fyrir fólk að brúa þetta bil." **- ikh**



**GUÐMUNDUR BJARNASON** Forstjóri Íbúðalánasjóðs segir áberandi minna að gera í lok janúar og það sem af er febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Eigið fé næststærsta hluthafa Existu neikvætt

**SPRON tapaði sex milljörðum á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Eigið fé Kistu, hlutdeildarfélags sparisjóðsins, er neikvætt um þrjá milljarða og þarf að bæta í baukinn.**

„Exista er langtímafjárfesting sem hefur skilað góðri ávöxtun," segir Guðmundur Hauksson, forstjóri SPRON. Hann lagði áherslu á það á fundi þar sem uppgjörið var kynnt í gærmorgun að hlutabréf Existu, sem færð eru í bækur sparisjóðsins með hlutdeildaraðferð, væri traust langtímafjárfesting og ætli bankinn ekki að selja sig niður.

SPRON tapaði sex milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi síðasta árs samanborið við 763 milljóna tap á sama tíma í hitteðfyrra. Hreinar vaxta- og þjónustutekjur jukust hins vegar verulega á sama tíma. Vaxtatekjurnar námu 800 milljónum króna, sem er 360 prósenta aukning, en þjónustutekjur um 137 prósent, námu 629 milljónum króna, sem er talsvert umfram væntingar greiningardeilda.

Á sama tíma var tap upp á tíu milljarða af fjáreignum og fjárskuldum auk hlutdeildar í afkomu hlutdeildarfélaga sem át upp hagnað af daglegum rekstri sparisjóðsins.

Mestu munar um tap á 7,5 prósenta eignarhlut SPRON í Existu. Félagið á 3,2 prósent í Existu í eigin nafni en afganginn í gegnum fjárfestingarfélagið Kistu, sem jafnframt er næststærsti hluthafinn í Existu með tæpan níu prósenta hlut.



**GUÐMUNDUR HAUKSSON** Tekjur af daglegum rekstri SPRON jukust verulega á síðasta fjórðungi nýliðins árs. Gengishrun hlutdeildarfélaga át upp hagnaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SPRON á tæpan helming í Kistu og var verðmæti hlutarins metinn á 2,3 milljarða króna í árslok. Greiningardeild Kaupþings bendir á að neikvæð áhrif Kistu á rekstur SPRON hafi numið 4,2 milljörðum króna á síðasta ári. Megi ætla, miðað við gengisþróun Existu á fyrsta fjórðungi þessa árs, sem hefur fallið um 40 prósent frá áramótum, að eigið fé Kistu sé nú neikvætt um hátt í þrjá milljarða. Undir þetta tekur greiningardeild Landsbankans.

Guðmundur sagði ljóst að hluthafar Kistu, sem meðal annars eru Existu-sparisjóðirnir svokölluðu, gætu þurft að auka hlutaféð. „Við munum styrkja það," sagði hann en tók jafnframt fram að bankinn hefði engar varnir gegn frekari lækkun. „Við tökum á okkur niðursveifluna."

jonab@frettabladid.is

**AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF. VERÐUR HALDINN Á GRAND HÓTEL VIÐ SIGTÚN, REYKJAVÍK, FÖSTUDAGINN 22. FEBRÚAR 2008 OG HEFST KL. 8:30**

Á DAGSKRÁ FUNDARINS VERÐUR:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt grein 4.02 í samþykktum félagsins
2. Tillaga um að heimila stjórn að kaupa eigin bréf félagsins
3. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins. Breytingar varða:
   a. Stjórn félagsins verði veitt heimild til að ákveða útgáfu hlutafjár í erlendri mynt í stað íslenskra króna
   b. Fjöldi stjórnarsæta breytt úr fimm í fjögur til sjö
   c. Ákvæði þess efnis, að 2/3 atkvæða í félaginu þurfi til þess að falla frá forkaupsrétti hluthafa í tilfelli hlutafjárhækkunar verði eytt. Í stað komi ákvæði þess efnis að slík ákvörðun verði því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi
   d. Ákvæði þess efnis að einungis hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins, átta dögum fyrir hluthafafund eigi atkvæðisrétt, verði eytt
   e. Fresti vegna boðunar hluthafafundar breytt úr tveimur vikum í eina viku
   f. Stjórn heimilað að halda hluthafafund utan heimilis félags
   g. Stjórn heimilað að halda hluthafafundi rafrænt, að hluta eða að fullu
   h. Síðasta heimil dagsetning til þess að halda aðalfund færð frá lok júní til lok apríl
   i. Röð dagskrárliða á aðalfundi breytt
   j. Orðið ,,forstjóri" notað í stað „framkvæmdastjóri"
   k. Orðalag uppfært til samræmis við lög um rafræna eignaskrá verðbréfa
   l. Orðalag uppfært til að endurspegla ákvæði hlutafélagalaga um stjórnarkjör
   m. Orðalag um þörf á undirskrift stjórnar samræmt ákvæðum hlutafélagalaga
4. Tillaga um tilhögun kaupréttarsamninga fyrir stjórnendur félagsins
5. Önnur mál

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda, mun vera hluthöfum til sýnis viku fyrir aðalfund á skrifstofu félagsins að Grjóthálsi 5, Reykjavík. Reikningar og önnur gögn verða einnig birt á heimasíðu félagsins sem er www.ossur.com

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað frá 8:15.
Hluthafar eru hvattir til að mæta tímanlega til að taka við fundargögnum.
Fundurinn hefst stundvíslega kl. 8:30.

Reykjavík 7. febrúar 2008
Stjórn Össurar hf.

ÖSSUR®
*Life Without Limitations*®



**YFIRMENN 365** Viðar Þorkelsson fjármálastjóri og Ari Edwald, forstjóri 365, segja uppgjör félagsins gott. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Besta ár 365

„Þetta er mjög gott uppgjör," segir Ari Edwald, forstjóri 365. Hann segir brattan stíganda hafa verið í fjölmiðlahlutanum frá fjórða ársfjórðungi 2005, ef frá er skilið árið 2006, en rekstrarhagnaður á tímabilinu var 35 prósent.

Samstæðan tapaði tæpum 2,3 milljörðum króna á síðasta ári, þar af 2,2 milljörðum á þriðja ársfjórðungi. Í hitteðfyrra tapaði félagið tæpum sjö milljörðum. Rekstrarhagnaður nam 1.162 milljónum króna í fyrra miðað við 12 milljóna króna tap áður. Þá var eigið fé rúmir 4,5 milljarðar króna við árslok sem er 1,6 milljarða lækkun frá áramótum. Eiginfjárhlutfall á sama tíma var 31 prósent. Vaxtaberandi skuldir námu 7,2 milljörðum króna í lok síðasta árs en stefnt er að lækkun þeirra með 1,5 milljarða hlutafjáraukningu. Tap félagsins er mest vegna afskriftar á eignarhlut í bresku prentsmiðjunni Wyndeham Press upp á 2,1 milljarð króna. **- jab**

**HEIMSEFNAHAGSMÁL**

### Munur á vaxtaákvörðunum

Englandsbanki lækkaði stýrivexti um 25 punkta í gær. Þeir standa nú í 5,25 prósentum. Þetta er í samræmi við spár markaðsaðila sem segja að bankastjórnin standi frammi fyrir erfiðum aðstæðum. Hún vilji halda verðbólgu niðri á sama tíma og aðstæður á fjármálamörkuðum séu með versta móti, vextir með hæsta móti og lánsfé dýrt. Ákvörðunin er sömuleiðis í samræmi við aðgerðir bandaríska seðlabankans, sem hefur lækkað stýrivexti hratt frá síðasta hausti. Evrópski seðlabankinn ákvað hins vegar í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í fjórum prósentum. Hlutabréfamarkaðir í Evrópu féllu í kjölfarið.

# ÚTSALA

## allt að 70% afsláttur

**20%** afsláttur af öllum gíturum

**25%** afsláttur af American Series Fender gíturum

**25%** afsláttur af Yamaha hljómborðum

**20%** afsláttur af hljóðnemum og stúdíóhátölurum

**15-50%** afsláttur af trommum og aukahlutum

**70%** afsláttur af ýmsum búnaði og sýningareintökum

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

SÍÐUMÚLA 20 - Sími 591 5350 - www.hljodfaerahusid.is

EFFEKT - www.effekt.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KJÖTMARKAÐU

40% afsláttur




Holta ferskar bringur 40% afsláttur
**1559 kr/kg.** *MERKT VERÐ 2599 KR/KG.*

40% afsláttur




Holta fersk kjúklingalæri 40% afsláttur
**395 kr/kg.** *MERKT VERÐ 659 KR/KG.*

40% afsláttur




Holta ferskir kjúklingaleggir 40% afsláttur
**395 kr/kg.** *MERKT VERÐ 659 KR/KG.*




Óðals svínakótilettur **898 kr/kg.**




Óðals svínagúllas **898 kr/kg.**




Óðals svínasnittsel **898 kr/kg.**




KS ferskur lambabógur **499 kr/kg.**

30% afsláttur




Ali ferskur svínahnakki úrb. 30% afsláttur
**1259 kr/kg.** *MERKT VERÐ 1798 KR.*

20% afsláttur




KS frosið lambalæri 20% afsláttur
**879 kr/kg.** *MERKT VERÐ 1098 kr/kg*




KS frosið lambalæri í sneiðum **999 kr/kg.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# R UM HELGINA

40% afsláttur




Holta ferskir kjúklingavængir 40% afsláttur
**239 kr/kg.** *MERKT VERÐ 399 KR/KG.*

40% afsláttur




Holta hversdagssteik 40% afsláttur
**455 kr/kg.** *MERKT VERÐ 759 KR/KG.*

30% afsláttur




Bónus ferskir kjúklingabitar 30% afsláttur
**315 kr/kg.** *MERKT VERÐ 449 KR/KG.*




Óðals svínahnakki **898 kr/kg.**




Óðals svínahakk **498 kr/kg.**




Óðals svínaskankar **179 kr/kg.**




Ali ferskur svínabógur **499 kr/kg.**




Ali ferskar svínakótilettur 40% afsláttur.
**1019 kr/kg.** *MERKT VERÐ 1698 KR/KG.*




KS ferskt lambaprime **1499 kr/kg.**




KS frosið lambasúpukjöt 1.flokkur **474 kr/kg.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Réttmæti stjórnarsamstarfsins:

# Íhugunartími

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Á liðnu hausti gerði iðnaðarráðherra grein fyrir hugmyndum sínum um verulegar skipulagsbreytingar í orkumálum í fréttaviðtali í þessu blaði. Þingflokkar ríkisstjórnarinnar hafa um nokkurn tíma haft stjórnarfrumvarp um þetta efni til skoðunar. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa tekið til þess lengri íhugunartíma en þingflokkur ráðherrans.

Þegar svo ber við að þingmenn stjórnarflokka taka mislangan tíma til að vega og meta frumvörp sem ríkisstjórn hefur komið sér saman um gefur það stjórnarandstöðuflokkum jafnan tækifæri til að sá efasemdum um málefnalega samstöðu stjórnarliðsins. Það er gömul saga og ný.

Velti menn því síðan fyrir sér hvort slíkar efasemdir eigi við rök að styðjast fer það eftir atvikum og efni máls. Í þessu tilviki hefur iðnaðarráðherrann fyrir margt löngu upplýst um alla helstu efnisþætti frumvarpsins. Fyrir þá sök er pólitísk umræða um efnið uppi á yfirborðinu.

Að stórum hluta er verið að útfæra hugmyndir sem fram komu í skýrslu um þessi efni fyrir áratug en voru ekki framkvæmdar nema að hluta vegna andstöðu forstjóra stærstu orkufyrirtækja sveitarfélaganna. Þar er fyrst og fremst um að ræða eðlilega og nauðsynlega aðgreiningu ólíkra rekstrarviðfangsefna í orkubúskapnum eins og almannaþjónustu og samkeppnisframleiðslu fyrir stóriðju.

Aðgreining milli eignarhalds á auðlindunum sjálfum og orkuframleiðslunnar opnar möguleika á að einkaaðilar geti komið að framleiðslustarfsemi og útrásarverkefnum þó að þær auðlindir sem verið hafa í opinberri eigu verði það áfram. Í þessu er fólgin ágætis málamiðlun. Hún getur komið í veg fyrir margvíslega árekstra og losað um óþarfa fjötra. Útfærslan felur í sér nokkur vandasöm tæknileg úrlausnarefni en ekki stór pólitísk vandamál.

Ríki og sveitarfélög hafa byggt upp og rekið mikinn meirihluta bæði framleiðslustarfsemi og þjónustu á þessu sviði. Mest af þeim orkulindum sem nýttar eru í dag eru í eigu opinberra aðila. Framsal á þessum eignum hefur eftir atvikum verið háð samþykki Alþingis og sveitarstjórna.

Ráðherrann hefur upplýst að áform hans standi til þess að gera framsalsrétt sveitarstjórna á orkulindum undirorpinn samþykki Alþingis. Þetta felur í sér óbreytta skipan að því er varðar orkulindir í ríkiseigu en takmarkar svigrúm sveitarstjórna. Sjálfsagt er í þessu fólgin nokkur forræðishyggja gagnvart sveitarstjórnum. Hún telst þó varla alvarlegt stílbrot.

Nokkur hluti nýttra orkulinda er í eigu einstaklinga. Svo er einnig um ýmis ónýtt orkuréttindi bæði að því er varðar vatnsorku og jarðhita. Ráðherrann hefur lýst því yfir að hann hafi engin áform um að raska þessum stjórnarskrárvörðu eignarréttindum.

Þessi yfirlýsing er lykilatriði þegar menn velta fyrir sér pólitískum grundvallaratriðum í tengslum við þetta mál. Með hliðsjón af jafnræðisreglu stjórnarskipunarinnar má aukheldur af þessu ráða að ágreiningslaust sé á milli stjórnarflokkanna að hrófla ekki við stjórnarskrárvarinni stöðu annarrar atvinnustarfsemi sem byggir á auðlindanýtingu.

Að öllu virtu má því segja að það væri til marks um réttmæti núverandi stjórnarsamstarfs ef Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingunni tekst að ráða þessu mikilvæga máli til lykta án þess að vekja upp stjórnarskrárdeilur sín á milli. Í því samhengi er ríflegur íhugunartími ekki áhyggjuefni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Loksins tækifæri

„Einhver" verður dreginn til ábyrgðar vegna REI. Þetta voru Ólafur F. Magnússon og Svandís Svavarsdóttir sammála um í gær. Hver það verður getur verið vandi að spá um. Margir munu væntanlega benda á þáverandi borgarstjóra, Vilhjálm Þ., og spurning hvort Sif Sigfúsdóttir geti losað sig úr vinnu með skömmum fyrirvara. En einnig verður að hafa í huga að lengi hefur verið ljóst að sjálfstæðismenn í borgarstjórn eru ekki dolfallnir í hrifningu sinni á Guðmundi Þóroddssyni, forstjóra OR í leyfi. Því eru margir sem spá því að hann verði fyrstur til að víkja.



### Með slíka vini

„Vinir verða alltaf vinir." Þetta hafði vefmiðilllinn Visir.is í gær eftir Hauki Leóssyni, fyrrum stjórnarformanni Orkuveitu Reykjavíkur og vini Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, fyrrum borgarstjóra. Einhverjum, sem horfði á Kastljósið á miðvikudagskvöld, gæti hafa dottið í hug að vinarþelið risti ekki djúpt, en í yfirlýsingu frá Hauki sem þar var birt kom fram að í REI-málinu hafi Vilhjálmur ávallt verið upplýstur um allt það sem fram fór. Ólíkt því sem Vilhjálmur hefur sagt og segir enn.

### Ekkert kaffi með borgarstjóra

Vetrarhátíð í Reykjavík er hafin með fjölbreyttri dagskrá. Einn dagskrárliðurinn virðist þó hafa dottið upp fyrir, en það er kaffiboð með borgarfulltrúum í Tjarnarsal Ráðhússins. Fyrrverandi borgarstjóri hafði samþykkt að kíkja í kaffi – og einhverjir borgarfulltrúar með honum, en eitthvað virðist þetta hafa breyst með borgarstjóraskiptunum. Enda er ekki hægt að gera ráð fyrir að nýi borgarstjórinn hafi sömu dagskrá og sá gamli og eins getur skipulag Vetrarhátíðar breyst þegar verið er að púsla mörgum atriðum saman. Hver sem ástæðan er, er að minnsta kosti ekki gert ráð fyrir kaffinu á laugardag. Dagur mun samt fá sitt kaffi, og jafnvel köku meðði, því hann ætlar að bjóða upp á köku í Kolaportinu í tilefni þess að síðasta embættisverk hans var að bjarga staðnum.



svanborg@frettabladid.is

# Vinnusemi og skattar



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Lífskjör

Stundum heyrist, að sumar þjóðir séu latari en aðrar og þess vegna fátækari. Þótt vissulega séu menn misjafnir og sumir latari en aðrir, eru slíkar alhæfingar um heilar þjóðir fráleitar. En hvað skýrir þá óumdeilanlegu staðreynd, að sumar þjóðir vinna miklu meira en aðrar? Nóbelsverðlaunahafinn Edward C. Prescott hefur komist að einfaldri og sennilegri niðurstöðu. Hún er, að vinnusemi þjóða fari að miklu leyti eftir því, hversu háa skatta þær þurfi að greiða af vinnu sinni. Því hærri sem skattarnir eru, því minna vinnur fólk, og öfugt.

### Meiri vinnusemi með lægri sköttum

Um miðja tuttugustu öld unnu Bandaríkjamenn og Evrópubúar jafnmikið, en í aldarlok unnu Bandaríkjamenn talsvert meira og höfðu að jafnaði hærri tekjur. Meginskýringin er, segir Prescott, að Evrópubúar þurfa að greiða hærri skatta af vinnu sinni. Um þetta flutti Prescott fyrirlestur í Reykjavík 26. júlí á síðasta ári. Nokkrar efasemdaraddir heyrðust þá um boðskap hans. Guðmundur Gunnarsson verkalýðsleiðtogi vitnaði í rannsóknir annarra bandarískra fræðimanna, sem sýndu, að vinnusemi réðist af fleiru en sköttum. Stefán Ólafsson prófessor fullyrti, að Íslendingar ynnu mjög mikið og framleiðni væri hér lítil. Hann endurtók þetta í erindi, sem hann flutti á dögunum og stór frétt birtist um hér í blaðinu ásamt viðhafnarviðtali. Var á Stefáni að skilja, að Íslendingar ynnu þegar of mikið, og þess vegna væri óþarfi að lækka skatta til að auka enn vinnusemi þeirra.

Nú hefur Prescott betrumbætt kenningu sína og birtir grein um hana í bók, sem væntanleg er á næstunni undir ritstjórn okkar dr. Tryggva Þórs Herbertssonar, Cutting Taxes to Increase Prosperity. Prescott minnir þar á, að kenning sín er ekki um það, að vinnusemi ráðist að öllu leyti af sköttum, heldur að miklu leyti. Hann bendir líka á, að miklu breyti, hvernig skatttekjunum er

*Vinnusemi þjóða fari að miklu leyti eftir því, hversu háa skatta þær þurfi að greiða af vinnu sinni. Því hærri sem skattarnir eru, því minna vinnir fólk, og öfugt.*

varið. Ef þeim er endurdreift til fólks, þá hefur það ekki eins vond áhrif á vinnusemi þess og ella. Á Norðurlöndum eru skattar til dæmis háir, en vinnusemi veruleg. Vegna víðtækrar endurdreifingar (barnabóta, ellilífeyris og svo framvegis) eru ráðstöfunartekjur eftir skatta hærri en ætla mætti af hinum háu sköttum. Prescott vekur einnig athygli á því, að ólík aldurssamsetning þjóða getur haft áhrif á vinnusemi þeirra. Skattar hafa ekki eins mikil áhrif á vinnusemi karla á besta aldri í fullu starfi en á vinnusemi annarra hópa.

### Er framleiðni á Íslandi vanmetin?

Okkur Íslendingum hlýtur að þykja fróðlegust sú tilgáta Prescotts, að í íslenskum tölum um vinnustundir sé skekkja. Unnar vinnustundir séu hér ofmældar. Það geti ekki verið, að þær séu svipaðar og í Bandaríkjunum, um 1.800 á mann að meðaltali (en meðaltalið í Evrópu er um 1.500 á mann). Prescott bendir meðal annars á, að hlutfallslega fleiri vinni á Íslandi en í Bandaríkjunum (um 10% fleiri) og að hlutfallslega fleiri vinni líka hlutastörf (um 30% á Íslandi, en um 15% þar vestra). Ef matar- og kaffihlé og lögbundnir frídagar og sumarleyfisdagar dreifast jafnt á allt þetta fólk, þá er þegar komin til sögu mælingarskekkja. Prescott telur einnig rétt að leiðrétta fyrir erlendu vinnuafli á Íslandi, jafnt fjölda manna sem vinnustundum. Síðan vita þeir, sem borið hafa saman vinnumarkaðinn á Íslandi og í öðrum löndum, að hér er meira talið með í vinnustundum en víðast annars staðar, til dæmis óunnin yfirvinna, auk þess sem lögbundnir frídagar eru fleiri.

Prescott heldur því fram, að framleiðni á Íslandi sé talsvert meiri en ráða megi af opinberum tölum, þar sem vinnustundir séu hér oftaldar. Stefán Ólafsson fullyrðir hið gagnstæða. Ég sneri mér fyrir nokkrum vikum til Stefáns og bað hann að vísa mér í gögn sín. Ég hef enn ekki fengið svar. Fróðlegt væri þó að ræða þetta betur og æsingalaust. En auðvitað er röksemdin fyrir því að lækka skatta á einstaklinga ekki sú, að þá vinni þeir meira, þótt það sé eflaust rétt, eins og Prescott. Röksemdin er, að þá fá þeir, sem vilja bæta kjör sín og sinna með meiri vinnu, tækifæri til þess, án þess að ríkið hirði mestalla kjarabótina af þeim. Öðrum er eftir sem áður frjálst að vinna minna, en þeir verða um leið að sætta sig við lægri tekjur.

# Kennarar í hundrað ár

**UMRÆÐAN**

Barnafræðsla



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Það eru margvísleg tímamót nú um mundir sem vert er að fagna. 100 ára saga kvenna í bæjar- og borgarstjórn, 100 ára afmæli borgarstjóraembættisins og 100 ár eru nú liðin frá því að fyrstu lögin um barnafræðslu voru sett.

Það má með sanni segja að þessi snjóþungi vetur einkennist af merkilegum skólapólitískum viðburðum; sameining Kennaraháskólans og Háskóla Íslands stendur fyrir dyrum og ný lög um öll skólastigin liggja fyrir Alþingi sem kveða meðal annars á um lengingu kennaranámsins. Því fagna ég sérstaklega enda er það til marks um stóran hug hjá lítilli þjóð sem lætur sig menntun varða og gerir að forgangsmáli. Þau lög og framganga menntamálaráðherra í umræðum um kaup og kjör kennara gefa fögur fyrirheit um að það er sameiginlegt úrlausnarverkefni ríkis og sveitarfélaga að setja börn og velferð þeirra, menntun og framtíðarmöguleika í fyrsta sæti – á undan öllu öðru.

Af mörgu má dæma samfélag en helst þó af því hvernig það býr að börnum sínum. Íslenskir skólar fá gjarnan þá einkunn frá erlendum gestum að þeir einkennist af miklum jöfnuði og fyrir það erum við öfundsverð. Það krefst mikils af kennurum að hafa jafn fjölbreyttan og breiðan nemendahóp innan hvers skóla en það gerir starf þeirra jafnframt merkingarbært og geysilega mikilvægt. Nú þegar kennarar í Reykjavík fagna 100 ára afmæli sínu er þungt í þeim hljóðið vegna viðvarandi manneklu og álags.

Meirihluti Samfylkingar, Vinstri grænna, Framsóknar og F-lista ákvað í október að leggja tæpar 800 milljónir til framlínustarfsfólks borgarinnar, ásamt því sem ýmis hlunnindi voru samræmd. Sú aðgerð hefur fengið marga sveitarstjórnarmenn í nágrannasveitarfélögunum til að gera slíkt hið sama og víst er að kennarar og starfsfólk grunnskólanna hefur sannarlega staðið vaktina á erfiðum tímum. Ég fagna því að núverandi meirihluti hafi haldið sig við áður ákveðnar aðgerðir og að kennarar fái nú umbun frá stjórnvöldum fyrir vel unnin störf. Þeir eiga hana margfalt skilið.

*Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingar.*



**Krydd** geymist ekki endalaust og því er nauðsynlegt að fara reglulega í gegnum kryddsafnið og henda því sem er útrunnið. Þegar nýtt krydd er keypt í staðinn fyrir það gamla er svo tilvalið að bæta við einhverju sem ekki hefur verið prófað áður.

**Gjafakort** á Hereford steikhús getur verið skemmtileg afmælisgjöf. Afmælisbarnið getur þá farið og gert vel við sig í mat og drykk og hugsanlega boðið einhverjum sérstökum með sér.



**Pasta** er ekki bara pasta og um að gera fyrir þá sem ekki hafa prófað að reyna spínatpasta, heilhveitipasta eða speltpasta. Margir vilja nefnilega meina að þetta venjulega hvíta pasta sé síst á bragðið af því sem er í boði.










Það er alltaf gaman þegar fjölskyldan safnast saman á köldum vetrarkvöldum og nýtur samvista yfir góðum mat. Sif er hér með fulla skál af rótarávöxtum sem hún notar gjarnan í marokkóska vetrarréttinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kryddaður vetrarréttur

***Sif Gunnarsdóttir er óhrædd við að prófa sig áfram í eldhúsinu þótt henni takist misjafnlega til.***

Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, les gjarnan kokkabækur og uppskriftablöð sér til skemmtunar. „Mér finnst gaman að prófa mig áfram í eldhúsinu. Stundum tekst vel til en stundum er þetta bara ógn og skelfing og fjölskyldan þarf að fá sér skyr í eftirmat til að seðja sárasta hungrið,“ segir hún og hlær.

Einn réttur hefur þó vakið sérstaka lukku á heimili Sifjar en það er marokkóskur vetrarréttur sem hún rakst á í dönsku matarblaði fyrir nokkrum árum. „Þetta er lambakjötsréttur með miklu grænmeti og bæði ferskum og þurrkuðum kryddjurtum. Í honum er til dæmis kúmen og kóríander og ilmar allt húsið þegar hann er í ofninum. Það er líka sáraeinfalt að matreiða réttinn og þarf einungis að skera niður kjöt og grænmeti, setja í góðan leirpott og inn í ofn. Ef maður er með gesti er svo bara hægt að setjast niður og spjalla í klukkutíma eða svo,“ útskýrir Sif.

Hún segist yfirleitt bera fram salat og brauð með réttinum og ef hún er í sérstöku stuði gerir hún nanbrauð. „Ég er reyndar ennþá að leita að hinni fullkomnu nanbrauðsuppskrift og lýsi hér með eftir henni.“

Í gær hófst Vetrarhátíð en Sif er meðal skipuleggjenda hennar. „Það verður margt á dagskrá og fyrst við vorum að tala um brauð má til dæmis nefna að í lok málþings um fjölmenningu, sem verður haldið í Iðnó fyrir hádegi í dag, verður boðið upp á brauð frá öllum heimshornum. Það er nefnilega sama hvar mann ber niður, allar þjóðir gera einhvers konar brauð,“ segir Sif.

Hún nefnir ýmislegt fleira af dagskránni en þar ber safnanóttina, sem er í kvöld, líklega hæst. Þá verða nítján söfn opin frá sjö til eitt með fjölbreyttum uppákomum. Á morgun verður síðan boðið upp á fjölbreytta fjölskylduviðburði og endar hátíðin á tónleikum með rússnesku stelpnahljómsveitinni Ivanova á Nasa um kvöldið.

*vera@frettabladid.is*




**Kjúklingur** er góður í pottrétti með kókosmjólk, rauðu karríi og grænmeti. Látið kjúklinginn malla lengi. Rétturinn er jafnvel betri upphitaður daginn eftir.

# Já, borðaðu bara!

***Heimsendingafyrirtækið Just-Eat nýtur vaxandi vinsælda meðal Íslendinga og hefur nú 4.000 veitingahús á sínum snærum í Evrópu.***

„Just-Eat varð upphaflega til í Danmörku þar sem það hefur verið starfrækt í sjö ár, en stofnandi þess fékk hugmyndina þegar hann fór til Óslóar í vinnuferð og fann enga heimsendingu matar á netinu. Hann sá sér því leik á borði, bretti upp ermar og kom með þessa frábæru lausn sem Just-Eat er, en að jafnaði opnar Just-Eat í þremur nýjum löndum á ári, nú síðast í Svíþjóð í vikunni," segir Þröstur Már Sveinsson, framkvæmdastjóri Just-Eat á Íslandi.

„Við lentum á fyrirlestri stofnanda Just-Eat þegar við bjuggum í Danmörku og stukkum á hann því við höfðum trú á að þetta gæti virkað vel hér heima. Það hefur gengið eftir og nú afgreiðum við um 12 þúsund máltíðir á mánuði, með 15 prósenta aukningu á milli mánaða," segir Þröstur sem lítið sem ekkert hefur auglýst, en einstaklingar jafnt sem fyrirtæki hafa tekið ástfóstri við Just-Eat.is.

„Orðsporið hefur borist mann frá manni og við ekki þurft að auglýsa. Fyrir fyrirtæki er ákaflega þægilegt að geta gengið frá pöntun að morgni, gengið frá greiðslu á netinu og fengið mat sendan til starfsfólks án frekari eftirmála. Okkar markmið var að ná inn 60 íslenskum veitingastöðum, sem jafngildir 60 prósenta hlutdeild á markaðnum. Það virðist ætla að ganga eftir á þessu ári, því nú eru 42 veitingastaðir á Just-Eat.is og fimmtán til viðbótar í viðræðum," segir Þröstur, og úrval veitingahúsa er fjölbreytt.

„Hér voru mörg veitingahús sem vildu senda heim en réðu ekki við það smæðar sinnar vegna. Við buðum þeim að sjá um heimsendingar, ásamt því að fá til liðs við okkur stóru heimsendingakeðjurnar. Þá var eins og smellt væri fingri og pantanir hrúguðust inn, enda kærkomið að geta pantað heim fjölbreyttari mat en áður," segir Þröstur sem staðfestir að pitsa tróni enn á toppi íslenskra heimsendinga.




Þröstur Már Sveinsson, framkvæmdastjóri Just-Eat.is, sem býður landsmönnum að panta heimsendan mat frá úrvali íslenskra veitingastaða í gegnum netið. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Pitsa er sívinsæl, en nú býðst allt úrvalið, hvort sem það er kjúklingur, fiskur, steikur eða fjölþjóðlegur matur eins og grískur, indverskur, mexíkóskur eða kínverskur. Við finnum mikla aukningu í pöntun á hvers kyns heilsufæði, en pantanir sveiflast mikið eftir árstímum, vikudögum og tíma dags," segir Þröstur.

„Þetta er afskaplega öruggt kerfi og einfalt í notkun. Pantanir eru gerðar á heimasíðunni www.just-eat.is og þegar fólk hefur slegið inn póstnúmer sitt birtist listi veitingahúsa sem senda heim í það póstnúmer, en matseðlar birtast þegar valið er annaðhvort sótt eða heimsent. Pöntun fer svo beint á viðkomandi veitingahús og vaktmenn frá okkur fylgja pöntunum eftir og sjá til þess að veitingahús eldi ekki máltíð fyrr en sendill er farinn frá okkur. Þannig tryggjum við að matur sé aldrei orðinn kaldur eða staðinn þegar hann berst þeim sem pantaði."

*thordis@frettabladid.is*

## Uppskrift Sifjar

### Lamb í leirpotti

Lambakjöt fyrir fjóra - skorið í bita
2 msk. olía og út í hana skal hræra salti og pipar og eftirfarandi kryddi:

- 1 tsk. saffran
- 2 tsk. engifer
- 1 tsk. kúmen
- 1 tsk. paprikukrydd
- Nokkur hvítlauksrif
- 2 stórir laukar
- 8 gulrætur
- 3 stórar bökunarkartöflur
- Ferskt kóríander
- Grænmetissoð

**Aðferð:**
Fyrst skal velta kjötbitunum upp úr kryddolíublöndunni ásamt lauk og hvítlauk og blanda vel. Setjið síðan í góðan leirpott. Hellið dálitlu grænmetissoði yfir og síðan gulrótum og kartöflum. Strá svo ferskum kóríander yfir allt saman, setja lokið á og leirpottinn inn í 200 gráða heitan ofn í klukkutíma. Má bæta við grænmetissoði og kryddi eftir smekk.

BK KJÚKLINGUR
alvöru grillaður kjúklingur
hollt er gott
Grensásvegi 5 | Reykjavík | Sími 588 8585
Opið alla daga 11:00 - 22:00

Hákarla Afi
Þorrablótsnefndir & Veisluþjónustur athugið!
Hákarl til sölu sími: 892-8080

Besti kjúklingaborgarinn í bænum?
Höfum opnað aftur eftir stækkun og breytingar!
Kjúklingastaðurinn Suðurveri
Alltaf góður!

PAPINOS PIZZA
20% afsláttur af öllu í Hafnarfirði
Hækkaðu þig upp um einn
5 9 12345
papinos.is

HÁDEGI / KVÖLD VEISLUR / FUNDIR
VEISLA UM VEISLU TIL VEISLU Í GÓÐUM VEISLUSAL
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
+354 552 5588
DOMO@DOMO.IS
WWW.DOMO.IS
DOMO

Besti afþreyingarvefurinn 2007
Samtök vefiðnaðarins völdu visir.is besta afþreyingarvefinn fyrir árið 2007.
VÍSIR.IS ...ég sá það á vísir.is
Sjá vef Samtaka vefiðnaðarins – svef.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# FÖSTUDAGUR

8. FEBRÚAR 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS



**ÓLÖF NORDAL**
keypti glæsivillu Ingólfs Guðbrandssonar

**REBEKKA**
ætlar að vinna Laugardagslögin

**KJARTAN GUÐJÓNSSON**
og uppáhaldshlutirnir

Sigga Heimis er nýr hönnunarstjóri hjá Fritz Hansen

# Komin til kóngsins

## *Helgin 8.-10. febrúar*

**FÖSTUDAGUR:** Frumsýning Íslensku óperunnar á La traviata í leikstjórn Jamie Hayes. Fullkomið upphaf að góðri helgi. • Þorrinn verður blótaður á Prikinu á föstudagskvöldinu með tilheyrandi þorramat og stemningu en þetta er annað árið í röð sem blótið er haldið þar. • Ljósmyndasýning á vegum Ljósmyndakeppni.is verður opnuð í hesthúsinu í Viðey, á bak við Viðeyjarstofu, kl. 19.00. Sama kvöld verður kveikt á friðarsúlunni í Viðey á milli klukkan 19-01 í tilefni af Vetrarhátíð. • **LAUGARDAGUR:** Haldið verður þriggja klukkutíma námskeið í hláturjóga í Manni lifandi en námskeiðið hefst klukkan 11.00.

## HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

*Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, ritstjóri Skessuhorns.*

„Það verður brjálað að gera hjá mér um helgina. Ég er að fara að útskrifast með BA-gráðu í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði frá Háskólanum á Bifröst á laugardag, þ.e.a.s. ef veður leyfir! Ætli föstudagurinn fari ekki mestmegnis í að undirbúa veisluna. Svo er það spurning með sunnudaginn. Ég læt það bara ráðast.“



## þú kemst ekki í gegnum vikuna ...




...nema þú áttir þig á því að grænn er hinn nýi svarti. Það er ekki nóg að borða bara lífrænt og flokka ruslið, þú verður að reyna að hemja neysluna. Ef þú veist ekki hvernig þú átt að fara að því fjárfestu þá í bókinni „Green is the new black“ eftir Tamsin Blanchard en hún fæst á amazon.com.

... nema þú kaupir þér hveitigraspressu og kassa af hveitigrasi. Svo verður þú að gefa þér tíma til að massa þetta og koma jafnvægi á líf þitt í skammdeginu.





... nema þú uppgötvir hvað klæðir þig best.

... nema þú náir púlsinum upp með þrekæfingum. Það brennir enginn kaloríum með því að labba löturhægt á brettinu í World Class.

... nema þú skráir þig á Facebook. Tímaeyðsla hvað???







Glæsivillan að Laugarásvegi 21 hefur nú skipt um eigendur. Húsið er mjög sérstakt en fyrrum eigandi þess, Ingólfur Guðbrandsson, lagði mikla alúð og natni í að gera það eins sjarmerandi og hugsast getur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

*Ævintýravilla Ingólfs Guðbrandssonar er komin í hendurnar á Ólöfu Nordal og fjölskyldu*

# Ætla að breyta sem minnstu


Ólöf Nordal


Tómas Sigurðsson


Ingólfur Guðbrandsson


Vala Matt

Við keyptum Laugarásveg 21 á síðasta ári og fengum húsið afhent 1. febrúar og erum því ekki alveg búin að setja niður fyrir okkur hvaða breytingar við munum gera,“ upplýsir Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, en hún og eiginmaður hennar, Tómas Sigurðsson forstjóri Alcoa á Reyðarfirði, keyptu húsið af ferðamálafrömuðnum Ingólfi Guðbrandssyni. Húsið fór á sölu hjá fasteignasölunni Eignamiðlun síðasta sumar en Ingólfur vildi minnka við sig í fermetrafjölda og er nú fluttur í íbúð á einni hæð. Laugarásvegur 21 hefur lengi verið talið eitt af fallegri húsum Laugarássins en Valgerður Mattíasdóttir fór í innlit til Ingólfs fyrir nokkrum misserum þar sem þjóðin fékk tækifæri til að sjá einstakt heimili hans. „Mín upplifun á heimsókninni til Ingólfs í þetta sérstaka hús var mjög skemmtileg vegna þess að húsið endurspeglaði svo vel eigandann og var persónulegt,“ sagði Vala Matt þegar hún var beðin um að lýsa húsi Ingólfs. „Ég vona innilega að þeir sem keyptu þetta sérstæða hús eyðileggi ekki of mikið af upprunalegu innréttingunum sem eru mjög skemmtilegar og hafa staðist tímans tönn,“ bætir Vala við. Húsið var byggt árið 1959 og hafa allar innréttingar hússins fengið að halda sér frá upphafi. Húsið er rúmir 300 fermetrar að stærð, hátt til lofts og vítt til veggja og því ætti ekki að væsa um fjölskylduna í húsinu. Ólöf og Tómas eiga saman fjögur börn en þau eiga alveg eftir að koma sér fyrir í húsinu. „Við ætlum okkur ekki að gera neinar stórkostlega breytingar á húsinu enda er húsið er mjög sérstakt og við munum halda því áfram í þeirri mynd,“ sagði Ólöf alsæl með nýja húsið og staðsetninguna en Ólöf sleit barnsskónum á Laugarásveginum. „Ég ólst nánast upp í næsta húsi við Laugarásveg 21 en ég bjó fyrir neðan húsið og eyddi þar barnæskunni og því er þetta hverfi í miklu uppáhaldi hjá mér.“ Ólöf og Tómas eyða þó flestum stundum sínum í húsi sínu á Reyðarfirði þar sem þeirra aðalheimili er. „Það skiptir okkur miklu máli að eiga athvarf hér í Reykjavík vegna starfs míns og við höfum rekið tvö heimili á sitt hvorum staðnum í áraraðir. Þegar hús Ingólfs fór á sölu ákváðum við hins vegar að selja húsið okkar á Seltjarnarnesi og kaupa þetta í staðinn enda er þetta draumastaðsetningin okkar,“ segir Ólöf að lokum.

bergthora@frettabladid.is

## borgin mín BAGDAD

BRAGI VALDIMAR SKÚLASON Baggalútur



**MORGUNMATURINN:** Fátt er notalegra en að setjast á olíuhjúpaða bakka Tígris, dýfa þreyttum fótum í grábrúnt vatnið og maula nýveiddan masgouf, grillaðan á staðnum.

**SKYNDIBITINN:** Þegar maður kemur heim eftir erfiðan dag í eyðimörkinni er gott að grípa með sér gómsætan dolma-vafning, með auka gúrku.

**UPPÁHALDSVERSLUN:** Leikfangaverslunin Uzi does it á Abu Nuwas stræti hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Hópar fjörugra og uppátektasamra skæruliða sjá til þess að maður er stöðugt á heilsusamlegum hlaupum milli staða.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Það jafnast ekkert á við að sitja undir stjörnubjörtum himni í hinum fornfræga dýragarði Bagdadbúa; sötra alkóhólfrítt rauðvín, slafra í sig blóðugu Tikka og fylgjast með öpunum við leik og störf – altsvo þeim fáu sem ekki voru sprengdir í loft upp eða voru étnir af sársoltnum almúganum eftir innrás Íslendinga og bandamanna þeirra hérna um árið.




**BEST VIÐ BORGINA:** Heillandi suðupottur mannlífs og menningarheima í stöðugri endurnýjun – sem er auk þess í öruggri fjarlægð frá Íslandi.

## FÖSTUDAGUR

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar
**Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir
*martamaria@365.is*
Bergþóra Magnúsdóttir
*bergthora@365.is*
**Forsíðumynd** Anton
**Útlitshönnun**
Arnór Bogason og
Kristín Agnarsdóttir
**Auglýsingar** Guðný Gunnlaugsdóttir
*gunnyg@365.is sími 512 5462*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24
105 Reykjavík, sími 512 5000



# Viltu lækka símreikninginn um 2.000 kr. á mánuði?

*
2000 kr.
notkun á mánuði
í 12 mánuði
fylgir öllum símatilboðum hjá Nova!

Farsímatilboðum Nova fylgir 2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði hvort sem þú velur áskrift eða frelsi.

Internetið í símann fylgir með!
Gullpakkinn 990 kr./mán. fylgir með til 1. júní 2008!

Sony Ericsson
W910i
38.900 kr./stgr.

Útborgun
14.900 kr.
Afborgun 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði fylgir!




NOKIA
6120
Útborgun
0 kr.
Afborgun 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði fylgir!
24.000 kr./stgr.






NOKIA
E51
Útborgun
4.900 kr.
Afborgun 2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði fylgir!
28.900 kr./stgr.

Þessir farsímar og margir fleiri á frábæru tilboði hjá Nova.

NOVA
Stærsti skemmtistaður í heimi!

Nova | Verslanir Lágmúla og Smáralind | Þjónustuver 519 1919
www.nova.is

DAGUR & STEINI

Afborgun 2.000 kr./mán í 12 mán. greidd með kreditkorti og mánaðarlegur reikningur í áskrift. Greiðsludreifingargjald 150 kr. á mánuði.

*Rebekka Kolbeinsdóttir söngkona ætlar að slá í gegn á morgun*

# „The End“ upphafið að Eurovision-ævintýri



„Ég var nýbyrjuð í hljómsveit sem heitir The End en kærasti minn er söngvari hljómsveitarinnar. Siggi Zúmm á auglýsingastofunni Pipar heyrði af því að Barði væri að leita að söngkonu til að flytja í lag í forkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva og benti honum á mig. Eftir að Barði var búinn að heyra lög með mér var haft samband við mig og ég var spurð að því hvort ég væri til í að syngja lag Barða í keppninni,“ segir Rebekka Kolbeinsdóttir söngkona. Hún sló heldur betur í gegn í flutningnum á lagi Barða Jóhannssonar Ho ho ho we say hey hey hey í Laugardagslögunum en á morgun ræðst endanlega hvort lagið kemst áfram í forkeppni söngvakeppninnar.

Rebekka er systir Ívars Arnar Kolbeinssonar, söngvara Dr. Mister & Mr. Handsome, og fetar því í fótspor bróður síns sem hefur að vísu ekki lagt í forkeppni Eurovision enn sem komið er. „Ég var ekki lengi að hugsa mig um og fílaði strax lagið þegar ég heyrði það í fyrsta skipti. Þetta gerðist allt afar fljótt en daginn eftir símtalið frá Barða var ég komin í stúdíó enda einungis fjórir dagar í keppnina og því var allt sett á fullt,“ bætir Rebekka við. Þau sem flytja lagið hlutu mikið lof fyrir hressilegan flutning enda ekki amalegt að hafa sjálfan Gilzenegger olíuborinn á hliðarlínunni. „Hópurinn er æðislegur og með okkur hefur tekist mikil vinátta. Það hefur verið frábært að vinna með Barða og við náum rosalega vel saman,“ segir Rebekka en hópurinn æfir stíft og þétt þessa dagana.

Rebekka er ættuð frá Hvolsvelli en er uppalin að mestu í Hafnarfirðinum. Tónlistin hefur alla tíð gegnt stóru hlutverki í lífi hennar og var mikilvægur hluti af uppeldi hennar. Hún lærði um tíma söng hjá Guðmundu Elíasdóttur sópransöngkonu. „Það var alltaf draumurinn að verða söngkona. Ég hef sungið frá því ég man eftir mér bæði í kórum og tekið þátt uppfærslum á söngleikjum en forkeppni Eurovisionkeppninnar er stærsta tækifærið hingað til. Ég hef lengi beðið eftir þessu tækifæri því söngurinn er það sem mig langar til að vinna við í framtíðinni,“ segir söngkonan að lokum sem horfir nú á drauminn verða að veruleika.



# Skífulistinn topp 20

## Vinsælustu titlarnir

### VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Lay Low | ↑ | Ökutímar |
| 2 | Villi Vill | ↓ | Myndin af þér |
| 3 | Hjálmar | – | Ferðasót |
| 4 | Mugison | ↓ | Mugiboogie |
| 5 | Mars Volta | N | The Bedlam In Goliath |
| 6 | Páll Óskar | ↓ | Allt fyrir ástina |
| 7 | Radiohead | ↓ | In Rainbows |
| 8 | Leona Lewis | N | Spirit |
| 9 | Ýmsir | ↓ | Pottþétt 45 |
| 10 | Jack Johnson | N | Sleep Through The Static |
| 11 | Sprengjuhöllin | ↓ | Tímarnir okkar |
| 12 | Eagles | ↑ | Long Road Out Of Eden |
| 13 | Ellen Kristjánsdóttir | A | Einhversstaðar einhverntíma |
| 14 | Hjaltalín | ↓ | Hjaltalín |
| 15 | Robert Plant & A Krauss | ↑ | Raising Sand |
| 16 | Cat Stevens | ↓ | The Very Best Of |
| 17 | Johnny Cash | ↓ | Ring Of Fire |
| 18 | Bloodgroup | ↓ | Sticky Situation |
| 19 | Gus Gus | ↓ | Forever |
| 20 | Creedence Clearw. Revival | ↓ | Chronicle: 20 Greatest Hits |

A Aftur á lista N Nýtt á lista ↓ Lækkar frá síðustu viku ↑ Hækkar frá síðustu viku — Stendur í stað

### VINSÆLUSTU DVD

| | |
|---|---|
| 1 | Astrópía |
| 2 | Næturvaktin |
| 3 | Superbad |
| 4 | Secret, The - íslenskt |
| 5 | No Reservations |
| 6 | I Now Pron. You Chuck & Larry |
| 7 | Bring It On - In it to win it |
| 8 | High School Musical 1 |
| 9 | Meet the Robinsons DVD |
| 10 | Grettir í Raun |
| 11 | Bourne Ultimatum |
| 12 | Mýrin |
| 13 | Pirates of the Caribbean 3 |
| 14 | Knocked Up |
| 15 | Anna og Skapsveiflurnar |
| 16 | Charlottes Web |
| 17 | Her Best Move |
| 18 | Doddi þættir 1-8 |
| 19 | High School Musical 2 |
| 20 | Grey's anatomy Sería 3 |

Listinn gildir 8. - 15. febrúar 2008














Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

S·K·Í·F·A·N


SHLOMO MINTZ
fiðluleikari leikur 24 *Caprísur Op. 1*
eftir **NICCOLÓ PAGANINI**
*laugardaginn 9. febrúar kl. 17.00 í* **GRAFARVOGSKIRKJU**
*miðar seldir á* ***midi.is*** *og við innganginn*
*miðaverð:* ***4.000*** *(****2.500*** *fyrir tónlistarnema, selt við innganginn)*

# fatastíllinn

*Óperusöngkonan Bylgja Dís Gunnarsdóttir*

## VÖNDUÐ VETRARTÍSKA

Tískuvikan var sett í Kaupmannahöfn síðastliðinn miðvikudag. Hin danska Susanne Rutzou var meðal þeirra fyrstu sem sýndu vetrartískuna 2008. Hún sýndi svart í bland við undurfagran rauðbleikan, turkís, sinnepsgulan og djúpfjólubláan lit. Sniðin voru fljótandi með grafísku ívafi. Á næstu dögum munu hin íslensku Andersen & Lauth, Steinunn og Mundi design vera með tískusýningar á Ráðhústorginu og verður beðið með eftirvæntingu eftir því.



*Hún útskrifaðist í nóvember og er nú komin á sviðið í Íslensku óperunni ...*

# Fellur fyrir dýrum fötum




**Bylgja Dís** er með mastersgráðu í óperusöng úr Royal Scottish Academy of Music and Drama í Glasgow. Nú er hún að takast á við sitt fyrsta hjá Íslensku óperunni en það er hlutverk Flóru í La Traviata eftir Verdi sem verður frumsýnd í kvöld klukkan 8.







**Hver eru bestu kaupin þín?**

„Þegar ég bjó í Glasgow var ég fátækur námsmaður og gat sjaldan leyft mér að kaupa föt, var í sömu gallabuxunum þessi tvö ár.“



**Átt þú þér uppáhaldshönnuði, merki eða búðir?**

„Nei, reyndar fell ég fyrir dýrum fötum, því miður! Ég kaupi mér þar af leiðandi sjaldan föt. Þegar ég þarf að kaupa föt fyrir sérstakt tilefni er bráðnauðsynlegt að hafa mömmu með. Hún er nánast eins og lukkugripur í slíkum verslunarferðum.“

**Hvernig myndir þú lýsa fatastílnum þínum?**

„Þessa dagana klæði ég mig í stutt pils og kjóla og blanda saman fíngerðu og grófu . Silki, blúndu og svo kannski ull.“

**Hvað finnst þér nauðsynlegast að eiga í fataskápnum?**

„Fallegar svartar buxur.“

**Áttu þér einhverja fyrirmyndir þegar kemur að klæðaburði?**

„Ég reyni bara að klæða mig í föt sem fara mér vel og hafa karakter. Mér finnst mjög mikilvægt að mér líði vel í því sem ég klæðist og að fötin hamli mér ekki. Ég þoli ekki föt sem eru úr óþægilegum efnum og ég verð að geta gengið á mínum eðlilega gönguhraða og því eru háir hælar og oddmjóir skór ekki í uppáhaldi.“







**1** Peysa og skór frá Karen Millen.

**2** „Ég er nýbúin að kaupa mér þessa fjólubláu skó en fjólublái liturinn er einn af uppáhaldslitunum mínum.“

**3** Uppáhaldspilsið mitt en ég keypti það einmitt í London líka.

**4** Ég nota þennan kjól rosalega mikið við grófar sokkabuxur og peysur.

**5** Taska sem ég fann á markaði í London og er í miklu eftirlæti hjá mér.

**6** Hringur sem pabbi gaf mömmu einhvern tímann en þau gáfu mér hann nýverið og ég er alsæl með hann.



REPUBLIC OF Fritz Hansen®



SJÖUNA hannaði Arne Jacobsen á sjötta áratug síðustu aldar fyrir nýjan skóla sem hann hafði teiknað. SJÖUNUM má stafla, tengja saman, festa á borðplötur og armar. Þær eru til með hjólum, bólstraðar og óbólstraðar, í mörgum litum og með mismunandi áferð.

epal

# HÁPUNKTAR ÚR HÖNNUNARSÖGUNNI



SVANINN hannaði Arne Jacobsen Royal Hotel í Kaupmannahöfn sem nú heitir Radisson SAS. SVANURINN átti að færa mjúkar línur inn í hið ögn stífa umhverfi þessarar miklu byggingar.



OXFORD-stólinn hannaði Arne Jacobsen árið 1963 fyrir prófessora St. Catherine´s College í Oxford. OXFORD-stóllinn fæst með háu og lágu baki, með eða án hjóla og með leður- og tauáklæði.

*Sigga Heimis hefur getið sér gott orð í hönnunarheiminum en síðustu sjö árin hefur hún starfað hjá IKEA. Í næsta mánuði mun líf hennar breytast mikið því þá mun hún hefja störf sem hönnunarstjóri hjá danska hönnunarkónginum Fritz Hansen. Á ljúfum febrúarmorgni spjallaði hún við Mörtu Maríu Jónasdóttur um karríerinn og kúnstina að ala upp þrjú börn.*

# Ég er stundum svolítið ofvirk

Þegar sænski verslunarrisinn IKEA var heimsóttur mátti sjá myndir af Siggu Heimis á svarthvítum plakötum á víð og dreif um búðina. Hún á heiðurinn af jólakrönsunum sem hafa tröllriðið öllu síðustu ár ásamt hinum ýmsu vörum frá IKEA sem prýða heimili landsmanna. Í síðustu viku sagði hún starfi sínu lausu hjá IKEA því hún mun sinna starfi hönnunarstjóra hjá Fritz Hansen frá og með 1. mars næstkomandi.

Fritz Hansen er eitt virtasta hönnunarfyrirtæki Danmerkur sem framleiðir meðal annars hönnun Arnes Jacobsen og Pouls Kjærholm. „Þetta er mjög skemmtilegt fyrirtæki sem allir Danir þekkja, fánaberi skandinavískrar hönnunar. Þetta er fyrirmyndarfyrirtæki þegar kemur að því að hlúa að gömlu klassíkerunum og selur húsgögn um allan heim. Fyrirtækið hefur verið gríðarlega sterkt í hönnun húsgagna fyrir fyrirtæki, hótel og veitingastaði. Síðustu ár hafa þeir farið að selja meira og meira inn á heimili og vinsældir Eggsins eftir Arne Jacobsen hafa til dæmis aldrei verið meiri,“ segir Sigga en hönnunarstjórastarfið er nýtt af nálinni hjá fyrirtækinu. Hingað til hefur Fritz Hansen sérhæft sig í hönnun á húsgögnum fyrir skrifstofur, opinberar stofnanir, hótel og veitingastaði og kallast sú lína Public market. Nú ætla þeir að búa til aðra línu sem á að vera sérsniðin að þörfum heimilisins og mun sú lína kallast Private market en Sigga mun stýra henni. „Þeim fannst vera kominn tími til að gera línu sem væri sérhönnuð fyrir heimili. Þeir ákváðu að fara af stað og leita að manneskju sem gæti stýrt þessu verkefni. Það þýðir að finna unga og spennandi hönnuði og yngja upp í hönnun 2008 með stimpli Fritz Hansen sem tákn um gæði. Svo á fyrirtækið peningaskáp með gömlum teikningum eftir Arne Jacobsen en teikningarnar eru vel á annað hundrað.

Í nýja starfinu mun ég hafa lykil að þessum peningaskáp og get látið framleiða húsgögn eftir þessum gömlu teikningum og setja þau í nútímalegan búning. Stjórnendur fyrirtækisins vilja byggja upp sterka heimilislínu og vonandi verður hún jafn öflug og Public-línan.“ Þegar hún er spurð að því hvort hún hafi litið Fritz Hansen hýru auga í gegnum tíðina verður hún draumkennd á svip og viðurkennir að hana hafi lengi dreymt um að starfa hjá fyrirtækinu. „Fritz Hansen er augljóslega toppurinn af skandinavísku fyrirtækjunum. Ég lærði á Ítalíu og þar er mjög mikið lagt upp úr gæðum og lífslengd. Húsgagn er ekki einungis nytjahlutur heldur listaverk. Cassina er til dæmis flaggskip Ítalanna. Svo er gaman að skoða húsgögn út frá sögulegu sjónarhorni, af hverju hlutir verða til? Sérstaklega með eldri hönnun. Oft hafa komið fram tækninýjungar sem hafa gerbreytt vinnsluferlinu. Eins og til dæmis með Eames-hjónin. Charles Eames var verkfræðingur og vann í flugvélaverksmiðju í stríðinu og þar fékk hann margar sínar hugmyndir, t.d. hvernig hægt væri að beygja við og vinna ál. Þegar þau hófust handa nýtti hann sér þessa þekkingu við húsgagnahönnunina.“ Hún segir að síðustu tvö ár hafi slegið allt út í sölu hjá Fritz Hansen og margir nýir markaðir séu að opnast. „Fyrirtækið er að fara inn á markað í Rússlandi og Sádi-Arabíu. Sádi-Arabar vilja reyndar fá Eggið í hvítu leðri og á gylltum fæti en Fritz Hansen tekur það ekki í mál. Það er gríðarlega stór markaður þar sem þarf að hugsa um og það er alveg hægt að gera það á smekklegan hátt,“ segir hún. Blaðamanni finnst hvítt Egg með gullfæti reyndar hljóma sjúklega vel en sem betur fer hafa ekki allir sama smekkinn.

Þótt það hafi gengið sérlega vel hjá Fritz Hansen síðustu tvö árin hefur markaðurinn ekki verið eins móttækilegur fyrir nýrri hönnun. Markaðurinn vill Arne og gömlu meistarana. Sigga segir að í þessu felist mikil áskorun, að búa til nýja hluti og gera þá þannig að alla langi til að eignast þá. Fritz Hansen ætlar einnig að koma á fót hönnunarakademíu. „Þegar ég vann hjá IKEA starfaði ég mikið með hönnunarskólum, valdi inn skólana sem við unnum með og fleira í þeim dúr. Við ætlum að gera svipaða hluti hjá Fritz Hansen og við munum bjóða ungum hönnuðum til okkar. Það þarf að stokka upp kynslóðabilið í hönnuninni, hlúa að ungviðinu og blanda því við eldri hönnuði. Oft er verið að taka allt af sama aldursbili, úr sömu skólunum og sama landinu og þá vantar breiddina. Ég vil hafa smá kokkteil í þessu.“

**Örlagadagurinn**

Örlagavaldurinn í lífi Siggu er vinkona hennar sem hringdi í hana í desember og sagði henni að fyrirtækið hefði verið að auglýsa hönnunarstjórastarf og hún yrði að sækja um þrátt fyrir að umsóknarfresturinn væri liðinn. Daginn eftir sendi hún ferilskrána sína inn til Fritz Hansen, meira í gamni en alvöru. Næsta dag fékk hún símtal frá fyrirtækinu sem vildi endilega fá hana í viðtal strax daginn eftir. „Ég var í miðju kafi í vinnunni en náði að fá mig lausa til að fara að hitta þá. Fyrst voru tíu teknir í viðtal og svo var ég kölluð aftur og þá voru bara þrír eftir. Og svo var mér boðin vinnan,“ segir Sigga. Hún segir að það hafi hjálpað henni mikið að hafa alþjóðlegan bakgrunn en hún lærði á Ítalíu og svo hafi þeim þótt hún passa vel í starfið þar sem hún hafði heimilisbakgrunninn frá IKEA. „Ég er búin að veltast um í heimilispælingum síðastliðin ár. Ég veit að konur taka ákvarðanir um innkaup í 80% tilfella þegar verið að versla. Það er svolítið annað að vera að hanna skrifstofuhúsgögn. Ég er náttúrulega mjög ánægð með það.“



Sigga segist hafa lært að redda sér á Ítalíu því þar hafi ekki verið nein aðstaða til að smíða eða leira eins og tíðkast í skandinavísku skólunum.

*Uppáhaldsmaturinn:* Jólarjúpurnar hennar mömmu

*Mesti lúxusinn:* Að sofa út!

*Heimili mitt er...* griðastaðurinn

*Vinnan mín er...* áhugamálið mitt

*Best við Svíþjóð?* Laufskógurinn að vori

*Uppáhaldsverslunin?* Úff!! á svo margar, en ég get sérstaklega nefnt Lilla Svarta í Malmö og Corso Como 10 í Mílanó

*Hvað gerir þú til að dekra við þig?* Fer út að borða með manninum mínum eða/og í nudd.

*Ef þú fengir 50 milljónir í Lottóvinning, hvað myndir þú kaupa?* Lítið hús á Íslandi.

*Líkamsræktin:* Að elta börnin mín, eins, tveggja og fjögurra ára.

*Drykkurinn:* Eðalrauðvín.

*Ilmvatnið:* Acqua di Parma, írisilmurinn.

*Draumafrí:* Goa á Indlandi, Víetnam eða fara með alla fjölskylduna til Taílands.

Á þeim tímapunkti sem hún fékk vinnuna hjá Fritz Hansen var hún þó með annað á prjónunum. „Ég flutti til Malmö síðasta sumar og var búin að innrétta vinnuaðstöðu fyrir mig og næsta mál á dagskrá var að fá „freelance“-samning við IKEA svo ég gæti sinnt öðrum verkefnum með. Ég er búin að vera í sjö ár hjá IKEA og mér fannst það orðið gott. Maður verður að passa sig á því að staðna ekki,“ segir Sigga. Hennar fyrsta verk hjá Fritz Hansen verður að kynnast fyrirtækinu nánar. „Það er enginn fastráðinn hönnuður hjá fyrirtækinu. Við veljum stærstu nöfnin en það hafa margir frægir unnið fyrir Fritz Hansen um árin. Ég hlakka mikið til að geta valið inn hönnuði sem passa í hvert verkefni.“ En hvert skyldi vera hennar uppáhaldshúsgagn úr smiðju Fritz Hansen? „Ég hef alltaf verið ógurlega hrifin af Kjærholm og auðvitað er ég hrifin af Egginu og Jacobsen í heild sinni. Eiginkona Kjærholm er ennþá á lífi og vinnur ötullega að því að halda lífi í hönnun hans. Ég hlakka til að hitta hana. Flestir hlutir sem hann hefur teiknað eru í framleiðslu. Það er samt erfitt að velja á milli þegar svo margir góðir bitar eru í boði.“

**Samstarfsfólkið missti andlitið**

Að starfa sem hönnuður eða að vera hönnunarstjóri eru tvö ólík störf. Hún segist vera að þroskast sem hönnuður og því tilbúin að taka næsta skref. „Ég hef verið að fá verkefni inn á borð til mín með nákvæmum leiðbeiningum. Það á kannski að vera kertastjaki sem á að vera með skandinavísku útliti og hann má ekki kosta meira en eitthvað ákveðið. Nú fæ ég að fikta í þessu og leggja línurnar. Það finnst mér spennandi. Það þarf að búa til ákveðna stefnu og fylgja henni eftir ásamt því að stýra hönnunargenginu. Það fæ ég að gera í þessari stöðu. Þegar ég sagði samstarfsfólki mínu hjá IKEA frá nýju stöðunni minni datt andlitið af mörgum og svo fékk ég spurningar um hvort ég væri sátt við að hætta að hanna og teikna. Í gegnum tíðina hef ég verið að vinna í einu og öðru með og ég fæ að halda því áfram.“

Í desember tók Sigga þátt í Art Basel-messunni á Miami í samvinnu við Vitra Design Museum og Corning Museum of Glass. Í framhaldi af því var hún beðin um að vera með sama teymi á ART Basel í Sviss. Einnig hefur hún kennt á sumarnámskeiðum á vegum Vitra en það fyrirtæki framleiðir m.a. hönnun Rays og Charles Eames. „Ég er bókuð í það núna í september og ég fæ að halda því áfram. Þeir eru ekkert að stoppa það. Fritz Hansen er einnig kominn með fylgihlutalínu. Þeir vilja gjarna að eitthvað af þessum hlutum sem ég er að gera geti ratað inn í þá línu. Þó svo að starf mitt breytist þá er ég ekki hætt að teikna. Auðvitað er alltaf gaman að sjá hluti eftir sig í verslunum en það er svo auðvelt að staðna og maður verður að fara út fyrir rammann sinn ef maður hefur tækifæri til þess.“

**Fann lausnina í Ameríku**

Þegar Sigga var lítil hafði hún gríðarlegan myndlistaráhuga og var eins og grár köttur í Myndlistarskólanum

Ertu að fara í flug?

Gilofa® eru fallegir, hágæða flug- og stuðningssokkar frá Þýskalandi sem örva blóðflæðið í líkamanum, draga úr vökvasöfnun í fótum og geta komið í veg fyrir myndun blóðtappa í fótum.



Útsölustaðir: Iljaskinn, verslanir Lyfju, verslanir Lyf og heilsu, Rimaapótek, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Eðalfætur - Selfossi, Lyfsalan Vopnafirði, Fótatak,, Femin.is og Sjúkraliðafélagið - Grensásvegi.



# heilsa og lífsstíll

FÖSTUDAGUR 8. FEBRÚAR 2008





NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


Þreytist þú eftir langan vinnudag?







Lausnin gæti einfaldlega verið að skipta reglulega um stellingar. Núna bjóðum við úrval af hæðarstillanlegum rafmagnsskrifborðum.

Verð frá kr. 49.900



BRÓS 0137/2007

EG SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Ármúla 22 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is
Opnunartími: mánud. - föstud. 9:00 til 18:00 og laugard. 11:00 - 15:00

www.skrifstofa.is

# Gott á milli mála

**Neytendum er talin trú um að prótínstykki séu full af næringu en spurning er hvort það sé eitthvert mark takandi á þeirri staðhæfingu.**

Ein aðalreglan í breyttum lífsstíl er sú að borða oftar á dag en hafa skammtana smærri. Margir telja sig hins vegar hvorki hafa tíma né aðstöðu til að grípa eitthvað í gogginn sex til átta sinnum á dag og eiga því erfitt með að fylgja eftir þessari gullnu reglu. Margir leysa vandann með því að skella í sig svokölluðum prótínstykkjum (protein bar) en spurning vaknar hvort þau séu í raun nokkuð hollari en hvert annað súkkulaðistykki.

„Það kemur ekkert í staðinn fyrir mat enda eru prótínstykki ekki vel til þess fallin að gefa okkur þá orku og næringarefni sem aðalmáltíð á að sjá okkur fyrir. Því miður falla margir í þessa gildru og læra í staðinn seint að meta að fullu bragðgóða og holla fæðu,“ segir Sölvi Fannar Viðarsson, sem hefur starfað sem heilsuráðgjafi með góðum árangri síðastliðin ár.

„Á móti kemur að oft erum við í þeirri stöðu í nútímaþjóðfélagi, sem er litað af streituvaldandi hraða og samkeppni, að við verðum að velja skárri kostinn af tveimur slæmum,“ segir hann. „Sjálfur vel ég frekar bragðgott prótínstykki og tebolla en að fá mér venjulegt súkkulaði eða aðra óhollustu. Prótínstykkið inniheldur hollari kolvetni, er fullt af gæðaprótíni og einnig trefjaríkara.“

Sölvi Fannar tekur líka fram að prótínsúkkulaði sé vissulega betri kostur en sælgæti fyrir krakka og sjálfur segist hann búa til afbragðs bragðaref úr prótínsúkkulaði, skyri og fleiru fyrir ungdóminn á sínu heimili.

„En ég verð að mæla með því að reynt sé að fá sér, alla vega til jafns, skyr og ávöxt eða álíka holla og góða fæðu sem millibita,“ segir Sölvi Fannar. „Pillur, duft, prótínstykki og svo framvegis kemur ekki í staðinn fyrir mat sem aðalmáltíð. Prótínstykki er þó mun betra að fá sér frekar en ekki neitt þar sem svelti er versta leiðin til að grennast. En vanda þarf valið því stykkin eru jafn mismunandi að gæðum og þau eru mörg. Líklega er það þó bragðskynið sem sker úr um hvað hverjum og einum finnst best.“

*- kk*



Sölvi Fannar segir prótínstykki vissulega vera betri kost en sælgæti fyrir krakka.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Vel er tekið á móti nýliðum í badminton hjá TBR en þar er meðal annars boðið upp á létta kennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Afreksfólk skapar áhuga

**Iðkendum í badminton hefur fjölgað en það er rakið til notkunar frístundakorta og jákvæðrar umræðu.**

Badminton er íþrótt í uppsveiflu. Síðastliðin ár hefur íslensku afreksfólki í badminton fjölgað mikið og ber helst að nefna Rögnu Ingólfsdóttur og mikla velgengni hennar.

Jóhann Kjartansson, kennari hjá TBR, er ánægður með þá jákvæðu umræðu sem hefur fylgt í kjölfar velgengninnar. Menn telja það heiður fyrir félagið að eiga slíkan íþróttagarp innan sinna raða nú þegar það hefur sitt sjötugasta starfsár. Það er talið að afreksfólk skapi áhuga og hefur nýliðum fjölgað hjá TBR og segir Jóhann að vel sé tekið á móti þeim. Meðal annars sé þeim boðið upp á létta kennslu.

„Við erum með góða aðstöðu í húsinu þannig að við viljum hvetja skólana til að víkka sína starfsemi og bjóða krökkunum upp á fjölbreytni í hreyfingu. Eini skólinn sem býður nemendum sínum að stunda badminton á skólatíma og í stundatöflu er Langholtsskóli en nokkrir aðrir hafa kennslutíma síðdegis fyrir sína nemendur. Þar hafa foreldrafélög komið að og skipulagt rútuferðir fyrir krakkana,“ segir Jóhann og er ekki nógu ánægður með hversu þungt kerfið er fyrir skóla sem vilja breyta og bæta sína kennsluskrá. Þess má geta að TBR hefur í fjölmörg ár gefið börnum í 4. bekk badmintonspaða og boðið þeim að kynna sér undirstöðuatriðin í spilamennsku.

„Hins vegar hefur frístundakortið gert mörgum kleift að stunda íþróttina eftir að kynningartíma lýkur, þar sem kortið getur greitt niður ástundun einu sinni til tvisvar í viku. Við vonum auðvitað að sem flestir geti haldið áfram að stunda badminton og það er mjög ánægjulegt að sjá hversu margir njóta sín í badminton sem ekki finna sig í hópíþróttum.“

Badminton er ekki flókin íþrótt og á heimasíðu TBR er því haldið fram að badmintoníþróttin sé ein vinsælasta almenningsíþróttin í dag. „Fólk á öllum aldri hittist einu sinni í viku eða oftar, og keppir eða leikur sér í badminton,“ segir Jóhann. „Sumir æfa mörgum sinnum í viku hverri og keppa til árangurs í mótum, en flestir stunda badminton sér til ánægju og heilsuræktar. Fólk finnur sér andstæðinga við sitt hæfi og best er ef menn eru sem jafnastir á vellinum.“

Jóhanni segir að ánægjan á vellinum sé hátt í hundrað prósent en ekki nema um fimmtán til tuttugu prósent af þeim sem stunda badminton stefna á keppni, flestir vilja bara vera með út af skemmtilegri hreyfingu og góðum félagsskap. „Það geta allir spilað badminton, það er aldrei of seint að byrja en gott er fyrir krakka að kynnast íþróttinni snemma eða þegar þau eru í 3. til 4. bekk.“

*- vaj*

# Snjóþrúguæði í uppsiglingu

Snjóþrúgur hafa í þúsundir ára verið notaðar í þeim tilgangi að auðvelda fólki að komast yfir snævi þaktar breiður. Síðustu áratugi hefur hönnun þeirra fleygt fram og vestanhafs í Kanada og norðarlega í Bandaríkjunum virðist vera í uppsiglingu æði í kringum keppnisíþróttina snowshoeing, snjóþrúgugöngu, en þar er keppt í því að hlaupa tilteknar vegalengdir á sem stystum tíma.

Uppgang þessarar íþróttar má rekja til þess að menn fóru að nota snjóþrúgur til að stunda heilbrigða útivist. Í framhaldi af því var farið að halda keppnir í snjóþrúgugöngu líkt og gert er í skíðagöngu eða langhlaupi. Það er því af sem áður var þegar nánast eingöngu fjallgöngumenn og veiðimenn notuðu snjóþrúgur til að komast leiðar sinnar.

Almenningur áttaði sig nefnilega á ánægjunni sem hlotist getur af því að arka um í snjóþrúgum í djúpri fönn, auk þess sem fólk kemst þannig lengra út í ósnortna náttúruna. Menn hafa látið hafa eftir sér að á snjóþrúgum finnist þeim þeir vera komnir í fótspor hálfgerðra landkönnuða, sem halda inn á ósnortnar breiður af snjó.

Þá eru óupptaldir allir þeir kostir, sem menn hafa uppgötvað við notkun snjóþrúgna. Einn sá helsti er sá að þær dreifa líkamsþunga notandans á stóran flöt. Af þeim sökum sekkur hann ekki algjörlega í snjóinn þar sem þrúgurnar gera honum kleift að haldast ofan á snjónum. Sumir líkja reynslunni við það þegar ökumenn jeppa hleypa lofti úr dekkjum bifreiða sinna.

Þá þykir tiltölulega auðvelt að læra að ganga um á snjóþrúgum, miðað við til dæmis skíði og snjóbretti. Maður bindur snjóþrúgurnar einfaldlega við eigin skó og hermir svo eftir gæsagangi þegar farið er af stað; slengir löppunum ögn til hliðanna og stígur niður á hælana. Fullsannað þykir að menn detta ekki mikið í snjóþrúgugöngu, hvorki fram né aftur fyrir sig.

Þá er óupptalin sú staðreynd að líkaminn brennir meira en sex hundruð kaloríum á klukkustund í snjóþrúgugöngu, en það er 65 prósentum meiri brennsla en hlýst af því að ganga eða hlaupa á sama hraða í jafn langan tíma. Það hljóta að teljast jákvæð tíðindi fyrir þá sem leita leiða til að grenna sig eða vilja einfaldlega komast í gott form.

Þess skal jafnframt getið að í grunninn eru þrjár tegundir snjóþrúgna í boði, eftir því hvað menn ætla sér með þær: Hlaupaþrúgur sem eru litlar og léttar, útivistarþrúgur sem eru stærri og ætlaðar í fimm til átta kílómetra göngur og loks fjallgönguþrúgur sem eru stærstar og ætlaðar, eins og nafnið gefur til kynna, til fjallgöngu og lengri ferða úti í villtri náttúrunni.

Snjóþrúguæðið hefur enn sem komið er ekki teygt sig hingað en snjóþrúgur eru þó fáanlegar í nokkrum af helstu sportvöru-, útivistar- og veiðivöruverslunum landsins, meðal annars í verslunum Útilífs og í Íslensku ölpunum. Þannig að nú er bara að verða fyrstur og starta þessu nýja æði á Íslandi.

*- nrg*



**Víða erlendis er ganga á snjóþrúgum vinsæl keppnisíþrótt, en þar þekkist hún undir heitinu snowshoeing.**



*Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.*

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

# 30 ÁR ÆVINNAR Í RÚMINU!*

*Meðal Íslendingur lifir í tæp 80 ár og u.þ.b. þriðjungur fer í svefn.




Sá nýjasti og besti frá Leggett




Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

Chiropractic®

Amerísku heilsudýnurnar

Sú besta

samkvæmt stærstu samtökum kírópraktora í heimi

IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

Gerið samanburð og finnið muninn.

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




AKUREYRI

Svefn & heilsa ★★★★★




REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*

# *Viltu stinnari líkama á aðeins 4 vikum?*

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar.
4 vikna þjálfunaráætlun fylgir - fáðu stinnari og fallegri líkama á aðeins 4 vikum...



*pakki 1*
Slendertone belti
+ buxur eða pils
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 29.925.-

*pakki 2*
Slendertone belti
+ armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 26.970.-

*pakki 3*
Slendertone buxur eða pils + armar
þjálfar rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 29.925.-

*pakki 4*
Tilboðsverð fyrir dömur
- alhliða pakki
Slendertone belti
+ buxur eða pils + armar
þjálfar og stinnir allan líkamann
kr. 35.985.-

*pakki 5*
Pakki 4 + nuddtæki
- alhliða vellíðan
Slendertone belti + buxur eða pils
+ armar og Slendertone nuddtæki
þjálfar og stinnir og endurnærir allan líkamann
kr. 49.890.-





*pakki 6*
Fyrir hann og hana
Slendertone belti + nuddtæki
kr. 33.900.-

KORTER.IS

**SLENDERTONE**
System belti
fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-




**SLENDERTONE System**

*Tími til að líta vel út ...!*

**Eitt stjórntæki** með hleðslubatteri, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System.

*Öflugt og unaðslegt*

# *nudd sem virkar...*

## *Slendertone Total Body Massage*

slökun - vellíðan - innri ró










## *Nuddtæki sem allir elska...*

Enn ein nýjungin frá Slendertone. Einfalt handfrjálst nuddtæki fyrir hann og hana, sem gefur möguleika á 6 tegundum af nuddi hvenær sem þér hentar. Hægt er að nota hvert kerfi á 7 mismunandi líkamshluta, m.a. efra bak, neðra bak, kálfa og herðar. Mýkir, örvar blóðrás, minnkar bólgur og losar spennu í vöðvum. Byggir á viðurkenndri EMS tækni.



### 6 nuddkerfi

- Kneading Massage
- Swedish Massage
- Shiatsu Massage
- Deep Tissue Massage
- Athletes Massage
- Power Massage

**verð kr. 14.985**

slökun - vellíðan - innri ró

**SLENDERTONE System**

*40 ár í fremstu röð...*

allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

Sendum í póstkröfu

Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf
tímapantanir í síma: 535-7700
ferðavernd
Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1
www.ferdavernd.is ferdavernd@ferdavernd.is

Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN

Vita-Mix
Blandarinn sem allir eru að tala um!
Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er
Hnoðar deig
Býr til heita súpu og ís
Hraðastillir
Lífstíðareign!
Verð kr. 53.974
Uppskriftarbók og DVD diskur fylgir
S. 440-1800 www.kælitækni.is Okkar þekking nýtist þér ...

• Bætir líðan
• Skjótvirkari
• Ósýnilegur
Compeed frunsuplástur!
Nýjung - Byltingarkenndur plástur
Fæst í apótekum
www.compeed.com

Efamol
Efalex
Vönduð blanda fiski- og kvöldvorrósarolíu sem eflir og styrkir:
• Hugsun
• Einbeitingu
• Sjón
• Hormónajafnvægi
Einstakt gegn lesblindu og ofvirkni.
Hentar fólki á öllum aldri.
Fæst í fljótandi formi og hylkjum í lyfja- og heilsuverslunum.
heilsa -hafðu það gott
Vertu skarpari!
Efalex eflir einbeitingu og sjón og stuðlar þannig að betri námsárangri.
Efalex er einstök samsetning úr hreinni kvöldvorrósarolíu og fiskiolíu sem innihalda þrjár mikilvægar fitusýrur, DHA, AA og GLA ásamt tveimur öflugum andoxunarefnum, E-vítamíni og tímían olíu sem vinna saman að viðhaldi lífsnauðsynlegra fitusýra í líkamanum. Nægt magn þessarra olíu í líkamanum stuðla að skarpari hugsun og betri einbeitingu sem eykur færni okkar til þess að læra.



Vöðvavíbrinn á að styrkja vöðvana, vinna á appelsínuhúð, halda öldrunarmerkjum húðarinnar í skefjum, auka úthald og koma fólki í gott skap.

# Tæki sem hristir og kætir

**Bodyshaker er undratæki sem er að ryðja sér til rúms á líkamsræktarmarkaðnum en því er haldið fram að tíu mínútur í því jafnist á við klukkutíma hlaupaæfingu. Stjörnur á borð við Madonnu og Claudiu Schiffer og leikmenn Manchester United eru sagðir nota tækið til að halda sér í góðu formi.**

Að halda sér í formi er auðvelt ef maður hefur tíma til þess. Mörgum reynist þó þrautinni þyngri að koma æfingum inn í tímaáætlun dagsins. Því hafa frumkvöðlar í framleiðslu á líkamsræktartækjum púlað við að hanna og framleiða tæki sem henta hraða nútímans og svo gæti verið að lausnin sé fundin.

Fyrir nokkru kom á markaðinn tæki sem hristir mann í form. Erlendis er þetta tæki kallað Bodyshaker eða Vibration Plate, en blaðamanni Fréttablaðsins finnst íslenska þýðingin vöðvavíbrinn við hæfi þar til málsnyrtar landsins finna hentugra heiti.

Vöðvavíbrinn er þannig hannaður að tíu mínútur í tækinu eiga að jafnast á við klukkutíma hlaupaæfingu og samkvæmt heimasíðu Bodyshaker, www.bodyshaker.com og www.powerplate.com vinnur tækið á öllum vöðvaflokkum líkamans, þökk sé hristingnum sem heldur stöðugu áreiti á vöðvana meðan þolandinn er í tækinu.

Styrking líkamans er þó ekki það eina sem vöðvavíbrinn gerir því framleiðendur tækisins halda því fram að hann vinni á appelsínuhúð, haldi öldrunareinkennum húðarinnar í skefjum, auki úthald og haldi fólki almennt í góðu skapi.

Tæknin var þróuð af rússneskum vísindamanni sem hannaði fyrstu útgáfuna fyrir geimfara. Hugmyndin var sú að geimfararnir gætu notað tækið án mikillar áreynslu á ferðum sínum til að fyrirbyggja vöðvarýrnun. Síðar greip Hollendingur hugmyndina á lofti og hóf framleiðslu á tækinu fyrir almennan markað.

Stjörnur á borð við söngkonuna Madonnu, fyrirsætuna Claudiu Schiffer og nánast allir meðlimir fótboltaliðsins Manchester United eru meðal þeirra sem hafa notað þetta nýja tæki til að koma sér í form.

Þess má geta að sumir sérfræðingar telja að tækið eitt og sér komi þó ekki í stað venjulegra líkamsæfinga. Því megi ekki líta á það sem kraftaverkalausn sem komi mönnum í form á sem skemmstum tíma. Hins vegar telja sérfræðingarnir gott að nota það í bland við önnur tæki ásamt því að æfa.

Vöðvavíbrinn hefur þegar verið tekinn í notkun á líkamsræktarstöðvum hérlendis. Sennilega verður þess ekki langt að bíða að hægt verði að kaupa tækið inn á hvert heimili og halda allri fjölskyldunni í formi á meðan horft er á fréttirnar.

- kk




Upphaflega hannaði rússneskur vísindamaður vöðvavíbrann fyrir geimfara. Hollendingur greip hugmyndina á lofti og markaðssetti tækið fyrir almennan markað.

Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf
tímapantanir í síma: 535-7700
ferðavernd
Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1
www.ferdavernd.is ferdavernd@ferdavernd.is

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



# Gaman að peppa og púla

**Líkamsræktarstöðin Bjarg á Akureyri býður upp á námskeið, þar sem líkamsrækt og ráðleggingar um mataræði fyrir börn eru í fyrirrúmi.**

Ýmis úrræði eru í boði fyrir börn og unglinga sem vilja öðlast betri heilsu. Fyrir utan hefðbundna leikfimi og sund í skólum eru flest sveitarfélög með öflug íþróttafélög sem bjóða börn og unglinga velkomin.

Hins vegar er það ekki allra að vera í hópíþróttum og því verða sum börn örlítið hornreka og finna ekki hreyfingu að sínu skapi. Líkamsræktarstöðvar eru flestar fyrir 16 ára og eldri en yngri krakkar geta oft æft með foreldrum og sumar stöðvar bjóða sérstök námskeið fyrir börn yngri en 16 ára.

Líkamsræktarstöðin Bjarg á Akureyri er í hópi slíkra stöðva því þar er boðið upp á námskeiðið Gravity-Krakkaþjálfun, þar sem líkamsrækt og ráðleggingar varðandi mataræði og almenna hreyfingu fyrir börn og unglinga, sem vilja temja sér holla lífshætti, eru höfð í fyrirrúmi. Davíð Kristinsson heilsuþjálfari sér um Gravity-krakkaþjálfun og hefur verið með full námskeið frá því að þau hófust.

„Tímarnir eru hannaðir með það í huga að fá krakka til að vera virkari í líkamsþjálfun og fræða þau um líkamann og vöðvahópa. Auðvitað reynir maður einnig að hafa áhrif á hvað þau borða með því að tala um hvað er hollt og gott en mestu skiptir að krakkarnir hafi gaman af tímunum,“ segir Davíð.

„Það fer ekki á milli mála að offita hefur aukist, bæði hjá börnum og fullorðnum og það er fyrst og fremst mataræðið og svo hreyfingarleysið sem hefur áhrif. Það er búið að fituskera allt of mikið þannig að við erum komin með það á heilann að fita sé versti óvinurinn en sykurmagnið er sífellt að aukast. Flest börn byrja til dæmis daginn á því að borða sykrað morgunkorn en mun betra væri að fá sér góðan hafragraut og brauð með smjöri og feitum osti,“ segir hann.

Davíð er mjög ánægður með árangur þeirra barna sem til hans hafa komið og segir þau peppa hvert annað upp í að borða betur, mæta vel og púla aðeins meira. Mörg halda svo áfram þar sem þau finna hvað æfingarnar gera þeim gott og ná jafnvel að draga foreldrana með sér í hollustuna og meiri hreyfingu. „Oftast er þetta vandamál sem öll fjölskyldan þarf að vinna í saman en ekki einn og einn ef nást á árangur í átt að betri heilsu og hollari lífsstíl,“ segir Davíð.

Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á heimsíðu Heilsuþjálfunar, www.heilsuthjalfun.is og Bjargs á Akureyri, www.bjarg.is, en þar er einnig verið að skipuleggja heilsupakka fyrir fjölskyldur, vini og vinnufélaga sem geta komið í heilsuheimsóknir til Akureyrar. *- vaj*

**Davíð kennir í tímum sem eru hannaðir til að fá krakka til að vera virkari í líkamsþjálfun og fræða þau um líkamann og vöðvahópa.** FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR


VEGNA HAGSTÆÐRA INNKAUPA BJÓÐUM VIÐ 20 % AFSLÁTT AF FJÖLÞJÁLFUM OG ÞREKHJÓLUM

MARKIÐ
www.markid.is

ÁÐUR KR. 45.900 TILBOÐ KR. 36.720

KETTLER

KETTLER VERSO 107
Seguvliðnám með 12 kg kasthjóli.
10 þyngdarstillingar.
Æfingatölva með púlsmæli.
Fyrir allt að 110 kg.



ÁÐUR KR. 31.200 TILBOÐ KR. 24.960

KETTLER

KETTLER PASIO 107
Segulviðnám með 10 þyngdarstillingum
Æfingatölva með púlsmæli.
Fyrir allt að 110 kg.



ÁÐUR KR. 62.400 TILBOÐ KR. 49.920

KETTLER

KETTLER VERSO 307
Mótorstýrt segulviðnám með 14 kg kasthjóli.
Æfingatölva með 6 kerfum, þyngdarstillingu, púlsmæli og fleiru.
Fyrir allt að 130 kg.



ÁÐUR KR. 45.900 TILBOÐ KR. 36.720

KETTLER

KETTLER PASIO 307
Mótorstýrt segulviðnám með 9 kg kasthjóli.
Æfingatölva með 6 kerfum, þyngdarstillingu, púlsmæli og fleiru.
Fyrir allt að 130 kg.



PIPAR • SÍA • 80297

Markið • Ármúla 40 • 108 Reykjavík • Sími 553-5320 • Opnunartími verslunar: mán. - fös. 10.00-18.00 laugardaga 11.00-16.00




Útilíf Smáralind, Kringlunni og Glæsibæ, Intersport Bíldshöfða og Smáralind, Maraþon Kringlunni og Laugavegi, Fitnesssport Laugum, Músík&Sport Hafnarfirði.
Landsbyggðin: Sportver Akureyri, Skógar Egilsstöðum, Hafnarbúðin Ísafirði, Ozone Akranesi, Sportbær Selfossi.

SPORTÍS
Heildverslun

í Reykjavík. Foreldrar hennar reyndu ítrekað að koma henni í tónlistarnám eða í ballett en faðir hennar, Heimir Sindrason, er tónskáld. Það gekk ekki neitt því ekkert komst að annað en myndlistin. Þegar hún var í MR fór hún sem skiptinemi til Ameríku og þá opnuðust augu hennar. „Ég kynntist yndislegum listakennara sem hvatti mig áfram og opnaði augu mín fyrir því að það væri hægt að fara margar ólíkar brautir í listinni. Auðvitað velti ég því einnig fyrir mér hvort ég gæti lifað af þessu. Fyrst var ég að spá í arkitektúr en svo ákvað ég að fara í iðnhönnun. Þá langaði mig til lands sem væri að gera góða hluti í hönnun og vandaða. Mér fannst Ameríka frekar yfirborðskennd og langaði ekki aftur þangað. Ítalía hitti mig beint í hjartastað en þar var ég í námi í fjögur ár í Istituto Europeo di Design (IED) í Mílanó. Þegar ég kom heim opnaði ég eigið fyrirtæki, Hugvit og hönnun, sem ég á ennþá en er ekki virkt í dag. Ég vann þar til ársins 2000 eða þar til ég dreif mig aftur til Ítalíu í mastersnám í skólanum Domus Academy sem er í Mílanó.“

Meðan á mastersnáminu stóð var henni boðin vinna hjá IKEA, en þá var hún þegar farin að vinna stök verkefni fyrir það fyrirtæki. Hún sló til og setti stefnuna á að vera þar í eitt ár en þau eru nú orðin sjö. Börnin eiginlega fimm, þar sem David, eiginmaður hennar átti tvö börn fyrir, en hann sem starfar sem verkfræðingur hjá Brio. Þótt henni líki vistin vel í Svíþjóð segist hún oft vera með ógurlega heimþrá. „Fyrir hálfu ári var ég mikið að spá í að koma heim því ég sakna fjölskyldunnar og vinanna svo mikið,“ segir hún en sænsku örlagadísirnar hafa greinilega viljað hafa hana lengur í sinni návist. Það er krefjandi að reka stórt heimili og huga að eigin frama í starfi jafnhliða því.

Hún segir þó að þau nái alltaf að púsla öllu saman. „Það er að sjálfsögðu heilmikil vinna að vera með þrjú lítil börn en ég er svo ljónheppin að hafa íslenska stelpu hjá mér, hana Herdísi mína sem er aupair hjá okkur. Hún hjálpar okkur gríðarlega mikið. Ég vinn stundum heima og við prjónum þetta saman. Davíð maðurinn minn hleypur í skarðið þegar eitthvað kemur upp . En auðvitað er þetta stundum mál, sérstaklega af því að við höfum ekki foreldra okkar hjá okkur. Foreldrar mínir koma reyndar stundum í viku og viku og hjálpa mér þegar ég er á ferðalögum. Í janúar var ég til dæmis í Taílandi og Kína og í desember var ég á Miami og í New York. Þetta starf kallar yfirleitt á eina ferð í mánuði og svo ferðast maðurinn minn líka. Þetta reddast einhvern veginn og við höfum fengið góðan skilning frá okkar vinnuveitendum. Það hefur hingað til ekki verið neitt stórvandamál.“

Hún segist nota tímann vel meðan hún sé á ferðalögum og reyni jafnvel að vinda ofan af sér með alls konar dekri. „Þegar ég var á Taílandi fór ég í nudd og andlitsböð út í eitt. Mér finnst mesti munaðurinn vera þegar við maðurinn minn fáum smá tíma saman bara tvö, bara til að fara út að borða eða í leikhús. En að sama skapi kemur að ég elska að vera með börnunum mínum og það gefur manni mikið þótt það kosti mikla vinnu og mikil læti. Þegar börnin sofna um áttaleytið reyni ég að nota tímann vel. Við hjónin erum ekki mikið í því að skjótast í helgarferðir eða eitthvað slíkt, en út af vinnunni förum við nokkrum sinnum á ári saman á





sýningar og þá höfum við það gott, þrátt fyrir að það sé vinnutengt. Svo tek ég börnin stundum með í vinnuferðir, eins og þegar ég held námskeiðin fyrir Vitra koma börnin með. Það er eitt sem ég hef lært eftir að ég eignaðist börnin og það er að skipuleggja mig. Ég er mjög effektíf þegar ég er í vinnunni og ég reyni að taka vinnuna ekki með mér heim, þótt þess gerist stundum þörf. Helgarnar eru helgaðar fjölskyldunni,“ segir Sigga og viðurkennir þó að hún sé stundum svolítið ofvirk.

*martamaria@365.is*

Hillurnar úr smiðju Siggu hafa slegið í gegn en þær fást í Epal.




# tíska

*ferskleiki dagsins í dag*



**DÁSAMLEGUR** kjóll frá versluninn Kron kron.



**GEGGJUÐ** leður-taska frá Triologiu.

*Hönnuðurinn Hlín Reykdal fatahönnuður*

# Listræn & skapandi

Hlín Reykdal er á öðru ári í Listaháskóla Íslands þar sem hún leggur stund á fatahönnun. Þótt Hlín sé einungis rétt hálfnuð með námið hefur hún skapað sér nafn innan hönnunargeirans bæði innan- og utanlands en fatnaður hennar er seldur í verslun Henrik Vibskov í Kaupmannahöfn.



**Hvernig myndir þú lýsa hönnun þinni?**
„Þessa dagana er ég mest að einbeita mér að hönnun fylgihluta fyrir bæði kynin en ég er að hanna klúta og slaufur sem er hægt að nota á marga vegu. Mér finnst fylgihlutir mjög mikilvægir en þeir geta poppað upp útlitið á skömmum tíma.“

**Undir hvaða áhrifum varstu þegar þú hannaðir þessa fatalínu?**
„Ég er undir margs konar áhrifum þegar ég hanna, umhverfinu í kringum mig og tónlist. Auk þess sæki ég mikinn innblástur til myndlistar. Annars koma hugmyndir alls staðar frá.“

**Hvaða efni notaðir þú í línuna?**
„Ég nota alls konar efni en er þó mikið fyrir náttúruleg efni þá aðallega silki og bómull.“

**Hvar selur þú hönnun þína?**
„Hönnun mín er seld hérna heima í versluninni Belleville á Laugaveginum og í Henrik Vibskov-búðinni í Kaupmannahöfn.“

**Hvað er á döfinni hjá þér á næstunni?**
„Skólinn og tískusýning Listaháskóla Íslands sem verður eftir nokkrar vikur en árlega halda annars árs nemar í fatahönnun tískusýningu og sýna hönnun sína.“




## Sara Vilbergsdóttir

### sýnir í Galleríi Fold

Laugardaginn 9. febrúar kl. 15 opnar Sara Vilbergsdóttir sýningu í Hliðarsal Gallerís Foldar. Sýningin stendur til 24. febrúar.

Sýningin saman stendur af litríkum málverkum, pappamassafólki og ljósmyndum af börnum sem brugðu á leik við pappafólkið. Verkin fjalla um fólk í sínu daglega amstri, samskiptum þess og líkamstjáningu. Í hverri mynd er falin smásaga samin af áhorfandanum sjálfum.







Allir velkomnir á opnunina

LISTMUNASALA fold

Opið er í Galleríi Fold virka daga frá kl.10–18, laugardaga frá kl. 11–16 og sunnudaga frá kl. 14–16.

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ ARMANI JEANS

FINUCCI
collezione

Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

Herra lagerinn outlet

# Troðfull verslun af merkjavöru

# 50%

## afsláttur

af öllum herravörum

---

# Kvennvara frá

BOSS
HUGO BOSS

SAND
WOMAN

# 50 til 70%

## afsláttur

af öllum kvennvörum

ATH: OPIÐ ALLA SUNNUDAGA Í VETUR

SÍMI 568 9512  SUÐURLANDSBRAUT 54  BLÁU HÚSIN  ( VIÐ FAXAFEN )

# útlit

*smáatriðin skipta öllu máli*



**MEIK ER EKKI BARA MEIK** Þessi snilld frá Clinique sléttar úr misfellum og lætur andlitið glóa af fegurð.



**GLÆRT GLOSS FRÁ CLINIQUE BJARGAR MÁLUNUM Í KULDANUM** Það er bæði nærandi fyrir varirnar og gefur þeim fallega áferð.



**KINNALITUR KEMUR TIL BJARGAR** Berðu bleikan eða appelsínugulan kinnalit á þig til fá frísklegt útlit. Kinnalitirnir frá Bobbi Brown eru alls ekki of glannalegir en gera þó sitt gagn.

# Vel meikuð á rúntinum



Marta María Jónasdóttir
martamaria@365.is

Þeir sem fæddust á miðju diskótímabilinu þekkja ekkert annað en að glossaðar varir, permanett og ilmvatnsský séu sjálfsagður hluti af tilverunni. Og eftir því sem aldurinn færist yfir verður snyrtidótssafnið alltaf vígalegra og vígalegra. Það þarf sértól í baugafelarann, annan bursta í meikið og þriðju græjuna í augnskuggann og auðvitað verður maður að eiga allt svo lúkkið sé í lagi. Ég er ekkert öðruvísi en aðrar konur, ég elska að eiga fínt snyrtidót og fæ alveg fiðring í magann þegar ég heyri af einhverju nýju. Það er líka eitthvað heillandi við það að geta skellt einhverju í andlitið á sér til að fela það sem undir er.

Ég elska líka þegar mér eru kennd einhver leynitrix sem stuðla að huggulegra útliti án þess að það fari út í öfgar. Eitt af uppáhaldsförðunartrixunum mínum lærði ég í Vindáshlíð þegar ég var tíu ára en það gekk út á að setja svartan blýant inn í augnkrókinn. Þetta ráð þótti það alsvalasta á sínum tíma en datt svo algerlega úr tísku. Þeir sem notuðu þetta á tíunda áratugnum voru algerlega í ruglinu. En á dögunum rann það upp fyrir mér að þetta gamla „Vindáshlíðartrend“ væri ekki svo galið, sérstaklega í tímaskorti.

Þótt ég sé ginnkeypt fyrir nýjungum og langi alltaf í eitthvað þá er ég mjög fastheldin þegar kemur að meiki og möskurum. Ég vil að meikið sé næstum því ósýnilegt, slétti bara úr misfellunum, og maskarinn verður að þykkja svo mikið og lengja að maður hafi helst ekki undan að þurrka hann burt af augnbeininu. Það er heldur ekkert langt síðan ég byrjaði að nota meik nánast daglega. Um daginn vorum við hjónin stödd í fjölskyldubílnum þegar hann hafði orð á því hvað ég væri farin að mála mig mikið. Mig langaði helst til að henda honum út úr bílnum á ferð. Ég ákvað þó að hemja skap mitt áður en ég hreytti því út úr mér að það hefði verið fyrir tíma barneigna, andvökunótta, endalausra bónusferða og þrifa á allt of mörgum fermetrum. Svo útskýrði ég fyrir honum að þegar konur svæfu aldrei heila nótt þyrftu þær að hafa einhver töfratól við höndina. Allavega ef maður vildi ekki láta skipta sér út fyrir nýrra módel. Honum fannst þetta að sjálfsögðu alger vitleysa því hann veit ekki muninn á maskara og augnskugga og kallar þetta allt „meik“.



Þótt meikið sé miklu meira notað núna er ekki þar með sagt að maður eyði meiri tími í herlegheitin. Ó nei, helsti förðunarstaðurinn er nefnilega í bílnum á leiðinni í vinnuna og þetta gerir það að verkum að snyrtibuddan er nánast alltaf á milli sætanna, sem fer ansi mikið í taugarnar á sumum. Auðvitað reynir maður að mála sig bara á ljósunum en stundum er maður ósjálfrátt með annað augað á götunni og hitt í speglinum, aðra hönd á stýri og með meikbursta í hinni. Það versnar hins vegar í því þegar síminn hringir á sama tíma. Ég er alltaf jafn sæl fyrir að það séu ekki til lög sem banna manni að „meika“ sig á ferð. Þá myndi allt fara í klessu.



**Flott tvenna**
Með því að nota bæði ljóst og dökkt púður er hægt að grenna andlitið eða láta stórt nef virka minna.

*Lærðu að móta andlitið án þess að líta út eins og sebrahestur*

# Samspil ljóss & skugga

Til að draga fram fegurðina í andlitinu er nauðsynlegt að skyggja andlitið og gefa því ákveðna dýpt um leið. Björg Alfreðsdóttir, verslunarstjóri MAC í Smáralind, segir að nýja „Sculp and Shape“-línan frá fyrirtækinu sé alger himnasending. Hún samanstendur af tvískiptu púðri, ljósu og dökku. Hún segir að það sé mjög auðvelt að móta andlitið, aðeins þurfi farða í réttum lit, púður í ljósari lit en húðin sjálf og svo annað dekkra púður til að skyggja og móta andlitið. „Gott er að hafa dekkri litinn tveimur til þremur tónum dekkri svo skyggingin verði ekki ónáttúruleg,“ segir Björg. Dökki liturinn er notaður til að minnka og dýpka hlutföllin í andlitinu. Ljósari liturinn er hins vegar notaður til að draga fram fegurðina og lyfta andlitinu upp um nokkur þrep. Til að gera kinnbeinin enn þá lögulegri og fegurri er dökki liturinn settur undir þau. Það er mjög gott að nota skáskorinn bursta, til dæmis bursta no. 169, og svo er ljósi liturinn borinn ofan á kinnbeinin alveg að gagnauganu. Ljósi liturinn er einnig settur undir augabrúnirnar til að lyfta þeim upp. Það er þó alls ekki nóg að móta bara kinnbein og augnsvæði því nebbinn má ekki gleymast. Til að móta nefið er ákaflega gott að nota bursta no. 223. Björg segir að það sé best að byrja við augabrúnina og draga mjúka línu frá auganu og niður að nefinu. Skyggingin á nefinu verður að vera silkimjúk svo hún klúðrist ekki því



ekki viljum við verða eins og sebrahestar í framan. „Til að fá fyllri varir er ljós litur ef til vill með smá sanseringu borinn ofan á efri brún vara og hann látinn ná aðeins inn á húðina. Varalitur eða gloss er svo borinn á,“ segir Björg. Fyrir þær sem finnst þær vera með of mikla undirhöku er töfralausnin sú að bera dökka litinn rétt undir kjálkabeinið og undir hökuna. Þegar þetta er gert er gott að hafa skáskorna burstann við höndina. Einnig er hægt að skyggja aðeins niður hálsinn, en þið verðið að gæta þess vel að hafa skygginguna mjög mjúka svo þetta verði ekki ónáttúrulegt og klúðurslegt.

*martamaria@365.is*

# Gættu þess að fara ekki yfir strikið á árshátíðinni

- Ekki bera á þig brúnkukrem samdægurs. Þú veist aldrei hvað getur gerst og það er ekki gaman að vera flekkótt í framan á árshátíðinni bara af því þú ætlaðir að vera svo fín.
- Ekki fara í förðun til einhvers sem hefur ekki málað þig áður.
- Ekki taka snyrtibudduna með þér á árshátíðina. Eftir því sem drykkjunum fjölgar eiga sumar það til að bæta alltaf á farðann í hvert skipti sem þær fara á klósettið. Í lok kvöldsins er allt komið í óefni.
- Ekki fara berfætt ef þér finnst þú ekki vera með nógu brúna og flotta leggi. Voðinn er vís þegar konur fara að meika yfir ör eða misfellur á löppunum á sér.
- Maður meikar ekki á sér handleggina.
- Of mikil málning er ekki lykillinn að flottu útliti.








Catherine Zeta-Jones
©2007 Elizabeth Arden, Inc.
Elizabeth Arden
Mediterranean
The new fragrance
elizabetharden.com

# bland

*í gær og á morgun ...*

## VETRARHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Dustaðu af þér rykið, hoppaðu upp úr sófanum og drífðu þig á Vetrarhátíð. Á Safnanótt, sem fram fer í kvöld, bjóða öll söfn Reykjavíkur upp á óvenjulegar uppákomur fram eftir kvöldi en þar verður einnig frábær dagskrá fyrir börn. Á Þjóðminjasafninu segir Skotta börnunum skemmtilegar þjóðsögur af draugum og vættum og allir geta tekið þátt í ratleikjunum Hvar eru beinin? og Hvar eru vættirnar?



## díana mist

**FÖSTUDAGUR 1. FEBRÚAR.**
Helgin byrjaði óvenjuvel. Ég eyddi fimmtudagskvöldinu í fegrunaraðgerðir og þótt ég segi sjálf frá leit ég út fyrir að hafa komið úr margra vikna sumarfríi. Hátíðarhöldin hófust með opnun á ljósmyndasýningu Gunnars Þórs Nilsen sem haldin var í húsnæði Virtus. Þar var allt freyðandi í kampavíni og konfekti, mér og vinkonum mínum til mikillar gleði. Ritstjórn Gestgjafans skartaði sínu fegursta og myndlistarmaðurinn Jón Óskar lék á als oddi. Þar var sömuleiðis ofurklipparinn Ásta Briem og ljósmyndararnir Spessi og Bjarni Gríms. Eftir alltof mörg kampavínsglös héldum við vinkonurnar á 101 hótel og sötruðum kampavínskokteil enda er það orðinn árlegur viðburður hjá okkur að fagna því að janúar sé á enda. Eftir stórkostlegan drykk héldum við út í kuldann og tókum leigubíl á Vox. Að loknum dýrindismat héldum við á Ölstofuna sem var í hressari kantinum. Þar stóðu þeir pressubræður Orri Huginn og Stefán Hallur Stefánsson heitir við barinn og virtust ekki láta frostið úti á sig fá. Við vorum aftur orðnar vel sósaðar og héldum heim á leið.





**LAUGARDAGUR 2. FEBRÚAR.**
Vaknaði fáranlega ryðguð eftir allt kampavínssullið. Setti túrbó þrifin af stað og sötraði grænt te fram eftir degi. Ég ætlaði að taka það rólega um kvöldið en þegar vinkona mín hringdi í mig og bað mig um að hitta sig í drykk gat ég ekki sagt nei. Við hittumst á Boston sem er í miklu uppáhaldi hjá mér þessa dagana. Þar var leikaraliðið frá Borgarleikhúsinu, þau Maggi Jóns, Sigríður Friðriksdóttir, Lára Sveinsdóttir og sjarmatröllið Gummi Jóns úr Sálinni. Eftir stórkostlegt kvöld á Boston litum við þó rétt inn á Ölstofunni enda varla hægt að fara í bæinn án þess að kíkja þar við. Nýbakaði Kastljósfaðirinn Helgi Seljan var þar ásamt Þórarni Þórarinssyni ritstjóra DV.is og ræddu þeir félagarnir málin af miklu kappi. Eftir einn drykk á Ölinu hélt ég þó heim á leið og ekki hægt að segja annað en að ég hafi tekið þessi helgi með stæl.

**SUNNUDAGUR 3. FEBRÚAR.**
Vaknaði upp um miðjan dag og ákvað að hætta að drekka að minnsta kosti í 5 daga.










# Kjartan Guðjónsson, leikari

„Ég keypti þessa peysu um daginn á geðveikri útsölu í Ellingsen, eini gallinn á henni er hvað hún er ermastutt en hún er mjög falleg undir vetrarúlpunni minni og algjör lykilflík í kuldanum."

## TOPP 10

„Hljómborðið mitt gegnir mikilvægu hlutverki í mínu lífi svo ég geti samið ódauðlega tónlist sem ég geri oft í frístundum mínum."



„Klósettpappír, það hlýtur eiginlega að segja sig sjálft."

„Það fyrsta sem ég geri á morgnana er að fá mér kaffi."





„Bjór, stútfullur af næringarefnum og algjörlega ómissandi."



„Tölvan er mér mjög nauðsynleg t.d. þegar ég skrifa fyrir Stelpurnar en í gegnum tölvuna fylgist ég sömuleiðis með því sem er að gerast hverju sinni."



„Ég þarf náttúrlega að sjá sjálfan mig á skjánum í því leikna sjónvarpsefni sem ég hef leikið í eins og t.d. Stelpunum og Pressu og því er sjónvarpið mér nauðsynlegt."



Vídeókameran gegnir stóru hlutverki í listsköpun minni þar sem ég geri ódauðlegar stuttmyndir."



„Úlpan mín frá 66° Norður er lífsnauðsynleg í íslensku veðri."



„Útvarpið mitt í eldhúsinu er mér algjörlega nauðsynlegt þar sem verkaskiptingu heimilisins er þannig háttað að konan mín eldar og ég vaska alltaf upp."

## KLINGENBERG SPÁIR *Ingibjörg Sólrún Gísladóttir*

# *Mun sigra Sigurjón digra*

Þessa vikuna spáir Sigríður Klingenberg fyrir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra en hún er fædd 31.12.1954. „Það er mikill kraftur í frú Sólrúnu á þessum síðustu dögum. Ég skynja að hún sé ekki búin að vera í neitt sérlega góðu skapi yfir látunum í borgarstjórn. Þessi læti gætu átt eftir að draga dilk á eftir sér því mér sýnist, ef ég horfi lengra, að frúnni gæti sinnast við herra Geir," segir Sigríður og bætir því við að hún eigi jafnvel eftir að komast í stól forsetisráðherra þegar fram í sækir.

„Hún er að velgja Geir undir uggum. Hann þarf þar af leiðandi að syngja fagurlega í eyra Ingibjargar og vera stilltur. Miklar breytingar verða á árinu hjá henni og þar spilar krafturinn í henni lykilhlutverk. Hún á eftir að koma markmiðum sínum á framfæri og á eftir að vera mikið í fréttum á næstunni. Þegar Ingibjörg stendur upp halda henni engin bönd. Hún er talan átta sem táknar hið óendanlega. Ingibjörg Sólrún er búin að skrifa sína framtíðarsýn þétt í skýin og hún er komin til að sjá og sigra Sigurjón digra," segir Klingenberg sem orti þessa vísu um Ingibjörgu Sólrúnu:

*Ingibjörg er stór og sterk.*
*Stæðileg og björt í framan.*
*Hún mun koma öllu í verk.*
*Í vinnu hennar verður gaman.*



**KRAFTMIKIL** Sigríður Klingenberg segir að Ingibjörg Sólrún eigi eftir að setjast í stól forsætisráðherra.



húsgögn / ljós / gjafir

# nýjungar í exó




ARKETIPO

Reykjavík / Oslo

exó

Fákafen 9
Sími: 568 2866
exo@exo.is
www.exo.is

# HEILL MÁNUÐUR HELGAÐUR UNGU FÓLKI

FEBRÚAR ER MÁNUÐUR UNGA FÓLKSINS

## FEBRÚAR ER MÁNUÐUR UNGA FÓLKSINS

Komið í heimsókn, skyggnist á bak við tjöldin. Skiptist á skoðunum við leikara og listræna stjórnendur að loknum sýningum. Fræðist og skemmtið ykkur en umfram allt: Látið sjá ykkur í Borgarleikhúsinu í febrúar.

---

## BEINAGRINDIN

AÐEINS TVÆR SÝNINGAR 6. OG 8. FEBRÚAR

Beinagrindin er stórbrotin sýning sem er í senn ljóðræn og frumleg. Skemmtilegt ferðalag um mögleika líkamans framin af ótrúlega fimum sirkuslista-manni, nýsirkus eins og hann gerist bestur. 6. og 8. febrúar á Nýja sviðinu.



## KOMMÚNAN

SÉRSTAKAR FORSÝNINGAR 15. TIL 19. FEBRÚAR

Gísli Örn hefur skrifað leikverk upp úr einni vinsælustu norrænu kvikmynd síðusta ára Tillsammans. Gael Garcia, Elena Anaya, Rúnar Freyr, Nína Dögg, Sara Dögg, Ólafur Darri, Atli Rafn, Árni Pétur og fleiri.



## ÓVISSUFERÐ Á BAK VIÐ TJÖLDIN

TILVALIÐ FYRIR KENNARA OG NEMENDUR ÞEIRRA

Leikarar Borgarleikhússins taka á móti ungu fólki og fara með hópinn í leiðsögutúr um leikhúsið. Það leyninst margt í skúmaskotum leikhússins og ótrúlegustu persónur skjóta upp kollinum á leiðinni.



## ALSÆLA

FRUMSÝNT 9. FEBRÚAR. SÝNT MÁN., ÞRI. OG MIÐ. ÚT FEBRÚAR

Unglingaleikritið "ALSÆLA" er kraftmikil sýning Borgarbarna um hve mikilvægt er að velja rétt. Sjónræn veisla og frábær tónlist. Björk Jakobsdóttir leikstýrir hópi unglinga. Frumsýning er 9. febrúar og verður sýnt mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga út febrúar.



## LÍKAMINN

21. febrúar Líkaminn – sýning á 5 verkum um líkamann. Sýningarnar eru afrakstur samstarfsverkefnis Borgarleikhússins, LHÍ og Hins Hússins.

## UMRÆÐUR EFTIR SÝNINGAR

Hittu listafólkið að sýningu lokinni, fylgstu með og taktu þátt í líflegum umræðum. Eftirfarandi sýningar í boði:

7. febrúar, HETJUR
10. febrúar, Ófelló
15. febrúar, Jesus Christ Superstar
17. febrúar, Lík í óskilum
25. febrúar, Kommúnan
27. febrúar, Ást

---



## 1000 KALL INN

ERT ÞÚ **25 ÁRA EÐA YNGRI**
**EÐA NÁMSMAÐUR?** ÞÁ FÆRÐU
LEIKHÚSMIÐANN Á 1000 KALL*

*Gildir á sýningar Leikfélags Reykjavíkur, sé miðinn keyptur sýningardag, ekki er hægt að bóka miðann fyrirfram og ekki á netinu. Gildir ekki á Ladda og barnasýningar.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

**Kornið Borgartúni.**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu frá kl. 05.30-13:30. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593, Ella.

**Kornið auglýsir**
Kornið Bíldshöfða óskar eftir eldri konum til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 8-17. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

**Atvinna.**
**Vegna aukinna umsvifa vantar okkur bakara og annan starfskraft sem fyrst við brauðgerð í Hafnarfirði. Upplýsingar gefur Matthías í síma 867 1715.**

**Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa**
**Frá 10-18 virka daga í verslun Litir og Föndur, Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Viðkomandi þarf að hafa einhverja myndlistar- eða tómstundaþekkingu, vera röskur, áræðanlegur, framkvæmdasamur og hafa góða þjónustulund. Umsóknir með helstu upplýsingum sendist inn á litirogfondur@simnet.is**

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

**Sjávarkjallarinn**
**Vorum að útskrifa úrvalslið af matreiðslumönnum og framreiðslumönnum og hlökkum til að fá nýja nema í lið með okkur. Langar þig til þess að læra matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík? uppl. veitir Lárus (899-1279) alla virka daga milli 10-17. Umsóknir berist á: larus@sjavarkjallarinn.is**

2. stelpur óska eftir vinnu allt kemur til greina. Stundvísar, reglusamar. Uppl. í s. 892 2798.

Rizzo Pizzeria. Ertu hress og dugleg/ur, hafðu þá samband við okkur. Mjög góður mórall og lifandi vinnustaður. Okkur vantar fólk til útkeyrslu og í afgreiðslu í fullt starf og kvöld og helgar vinnu. Nanari upplýs á Rizzo Pizzeria Grensásvegi 10

**Stýrimann**
Vantar á MB Mörtu Ágústsdóttur, til netaveiða frá Grindavík strax. S. 894 2013 & 426 8286.

Vélstjóra vantar á 100 tonna dragnótabát. Vél 560 hö. Uppl. í s. 894 9419.

## Atvinna óskast

We build with the best
UK Builders
employment solutions

**Breskir fagmenn !**
Smiðir á öllum sviðum, kranamenn, vélamenn, rafvirkjar, píparar og aðrir fagmenn tilbúnir til starfa. Geta komið á staðinn með stuttum fyrirvara. Vinsamlegast hafið samband við Alan í s. 895 8798.

Sjálfstætt starfandi trésmiður óskar eftir verkefnum. Stór og smá verk. S. 662 6413.

FCP Klippari og myndatökumaður óskar eftir vinnu, er lærð að utan með Diploma of screen og er margmiðlunarhönnuður. Er opin fyrir öllu. Get hafið starf strax. Elva Rut 8693068

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Einn af þessum eldri mönnum,
óskar þess að sjá.
Heiðarlega eldri hönnun,
hinu kyni frá.
Hressa 70 ára plús, áhugamál
Ferðalög erlendis og innanlands.
Svör sendist Fréttablaðinu merkt
vinaboð.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




## ATVINNA

Auglýsingadeild 365 miðla óskar eftir að ráða starfsmann í auglýsingagerð. Hlutverk starfsmanns í auglýsingagerð er að hanna auglýsingar sem birtast í Fréttablaðinu. Umsækjendur þurfa að hafa góða tölvuþekkingu og þekkingu á Photoshop og InDesign. Viðkomandi þarf að hafa þjónustulund og geta unnið undir álagi.

Auglýsindadeild 365 miðla er ein öflugasta og framsæknasta söludeild landsins og hefur á að skipa hæfileikaríku starfsfólki. Vilt þú komast í þann hóp?

Umsóknum skal skila á 365midlar.is undir „Um 365 - störf hjá 365”. Umsóknarfrestur er til 14. febrúar n.k.

## STARFSMAÐUR Í AUGLÝSINGAGERÐ

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.



## HUGARFAR
### félag fólks með heilaskaða

Við ætlum að hittast
**í Rauða salnum, Sjálfsbjargarhúsinu, Hátúni 12,**
laugardaginn 23.febrúar n.k., **Kl 11:00**

Drekka saman kaffi, spjalla og halda aðalfund.
Hlökkum til að sjá ykkur.

*Bestu kveðjur,*
**Stjórn Hugarfars**
*www.hugarfar.is*

## ATVINNA

**Icelandexcursions** GRAY LINE
GRAY LINE ICELAND

Iceland Excursions Allrahanda óskar eftir að ráða bifreiðastjóra með rútupróf til aksturs hópferðabifreiða og strætisvagna: Við hvetjum konur jafnt sem karla á öllum aldri að sækja um! Um framtíðarstörf er að ræða.

Allar nánari upplýsingar eru í síma:
***540 1303 / 660 1303***

Eða netfang:
***runar@ruta.is***

Einnig má sækja um á:
***www.ruta.is/atvinnuumsókn***

Iceland Excursions Allrahanda er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki og ferðaskrifstofa í örum vexti. Fyrirtækið kappkostar að veita góða og persónulega þjónustu við ferðamenn á Íslandi. Við leitum að drífandi einstaklingum sem vilja verða hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi.

## TILKYNNINGAR

VATNSSKARÐSNÁMUR
*Alexander Ólafsson ehf.*

## Efnistaka í Vatnsskarðsnámum

### Mat á umhverfisáhrifum

**Alexander Ólafsson ehf. kynnir drög að tillögu að matsáætlun**

Hafið er matsferli vegna efnistöku úr Vatnsskarðsnámum við Krýsuvíkurveg þar sem efnistaka hefur farið fram um áratuga skeið. Áætlanir eru uppi um að hægt verði að stunda efnistöku í Vatnsskarðsnámum til að minnsta kosti næstu 25 ára. Matsferlið er liður í að útvega framkvæmdaleyfi fyrir áframhaldandi rekstri námanna.
Alexander Ólafsson ehf. er framkvæmdaraðili verksins en mat á umhverfisáhrifum verður unnið af VGK-Hönnun hf.
Á vefsíðu VGK-Hönnunar (http://www.vgkhonnun.is) eru nú til kynningar drög að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar. Kynningin stendur yfir til föstudagsins 19. febrúar 2008.
Ábendingum og athugasemdum er hægt að koma á framfæri til Hauks Einarssonar (VGK-Hönnun hf., Grensásvegi 1, 108 Reykjavík, haukur@vgkhonnun.is). Í endanlegri tillögu að matsáætlun verður gerð grein fyrir þeim ábendingum og athugasemdum sem kunna að berast.

**Takk fyrir vatnið**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Yfir 150.000 gestir daglega.**
**Stórmarkaður í stofunni heima.**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

**Auglýsingasími**
**512 50 50**



– Mest lesið

**vísir.is**
*"...ég sá það á vísi"*

RE/MAX Lind



Bóas
Sölufulltrúi
**699 6165**
boas@remax.is



Gunnar
Sölufulltrúi
**899 0800**
go@remax.is



Áslaug María
Sölufulltrúi
**8200 301**
aslaug@remax.is



Benedikt
Sölufulltrúi
**661 7788**
benolafs@remax.is



Guðlaugur
Sölufulltrúi
**661 6056**
gulli@remax.is



Hilmar
Sölufulltrúi
**892 2982**
hilmarosk@remax.is



Eir
Sölufulltrúi
**660 6085**
eir@remax.is



Þórarinn Jónsson Hdl.
Löggiltur fasteignasali

BÓAS & TEYMI

# VELKOMIN Á GLÆSILEGA SÖLUSÝNINGU UM NÆSTU HELGI

## Hestavað 1-3 og 5-7, *110 Reykjavík*

**Verð frá 27.300.000 kr.**
**Glæsilegar íbúðir – afhent bæði fullbúið og styttra komið.**

**SÖLUSÝNING MILLI KL. 15.00 – 18.00 BÁÐA DAGANA.**



## Ásakór 13-15, *203 Kópavogur*

**Verð frá 26.700.000 kr.**
**Glæsilegar íbúðir – afhent bæði fullbúið og styttra komið.**

**SÖLUSÝNING MILLI KL. 15.00 – 18.00 BÁÐA DAGANA.**



KÍKTU Í KAFFI OG KLEINUR UM HELGINA..

GLAÐNINGUR FYRIR ALLA HRESSA KRAKKA FRÁ SAMBÍÓUNUM..

ÖMMUBAKSTUR
SAMBÍÓIN

Verðmetum frítt fyrir þig!
**Hringdu núna 699 6165**

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500

# TOYOTA HYBRID





# TÆKNIBYLTING

## *Toyota Highlander og Toyota Camry Hybrid til sýnis í Hagkaup Smáralind.*

**KOMDU**
í **HAGKAUP**
Smáralind í dag
og þú gætir fengið
**GARMIN GPS**
tæki að gjöf!

islandus.com kynnir ***Toyota Highlander*** og ***Toyota Camry*** með nýrri umhverfisvænni ***HYBRID*** tækni sem gefur meiri kraft og minnkar eldsneytisnotkun um nær helming!

**Toyota Highlander - 7,5 á hundraðið 280 hestöfl!**
**Toyota Camry - 5,8 á hundraðið 187 hestöfl!**



Fylgir bílapöntun í dag

## TOYOTA Camry



**HYBRID** bílar eru umhverfisvænir og nota mun minna eldsneyti en hefðbundnir bensín og dísel bílar. Toyota hóf þróun **HYBRID** tækninnar fyrir rúmum fimmtán árum og hefur nú selt meira en milljón **HYBRID** bíla til almennings. Áhersla Toyota er nú á þessari nýju umhverfisvænu tækni og stöðugt fjölgar nýjum Toyota **HYBRID** bílum sem leysa af hólmi eldri gerðir bensín og dísel bíla. Á Íslandi hefur Toyota Prius **HYBRID** og Lexus RX400 verið seldir um árabil og reynst einstaklega vel. Toyota Highlander, Toyota Camry, Lexus RX400 og Lexus ES350 eru einstaklega vandaðir og kraftmiklir lúxusbílar sem allir eru byggðir á sama grunni.

# islandus.com

**www.islandus.com - Sími 552 2000**



*„Þjónustan til fyrirmyndar í einu og öllu og bíllinn alveg draumur"*
*Sæmundur Pálsson, leigubílstjóri*

# Álit Mannréttindanefndar SÞ II

UMRÆÐAN
Fiskveiðistjórn


HELGI ÁSS GRÉTARSSON

Þegar aflabrestur varð í þorskveiðum á árunum 1982-1983 sem og umtalsverður taprekstur í fiskveiðum náðist samstaða á meðal hagsmunaðila og stjórnvalda um að taka upp breytta stjórn botnfiskveiða fyrir árið 1984. Það skipulag var tekið upp að ákveða fyrirfram hversu mikil heildarveiðin mætti vera á einu ári og síðan var veiðiréttinum, kvótanum, skipt á milli útgerða fiskiskipa. Ein ástæðan fyrir því að útgerðir fengu kvótanum úthlutað árið 1984 var sú að aðgöngumiðinn að nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar í eldra stjórnkerfi fiskveiða hafði verið eign á fiskiskipi og tók verðlagning þeirra mið af því, þ.e. þegar skip var keypt fólst í verði þess einnig réttur til að stunda fiskveiðar.

**Skipting kvóta 1984 og veiðar 1984-1990**

Við skiptingu heildarkvótans í botnfiski má telja að 80-90% hans hafi verið skipt skv. veiðireynslu skipa á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983. Fiskveiðiréttur svokallaðra smábáta, þ.e. báta undir 10 brl., var fyrir utan þessa skiptingu. Botnfiskveiðum árið 1984 var að langmestu leyti stýrt með kvótakerfi, en ekki nema að hluta til á árunum 1985-1990. Þannig var landaður þorskafli aflamarksskipa vel innan við 40% heildarafla á árunum 1986-1987 en ríflega 60% aflans var veiddur með stoð í fiskveiðirétti sóknarmarksskipa, smábáta, línutvöföldunar og fleiri undantekninga frá „hreinu“ kvótakerfi. Útgerðir svokallaðra sóknarmarksskipa gátu á tilteknum dögum ársins veitt án íþyngjandi aflatakmarkana og ef veiðar heppnuðust vel fengu þær meiri kvóta úthlutað árið eftir. Frjáls aðgangur að smábátaútgerð og lítt heftar veiðar þeirra gerði að verkum að sá floti stækkaði hratt og jók verulega hlutdeild sína í heildaraflanum.

**Atvinnufrelsið og ofveiðivandinn 1984-1990**

Framangreint gefur til kynna að kvóti hafi að takmörkuðu leyti verið forsenda þess að hefja útgerð á tímabilinu 1984-1990. Það var fyrst og fremst eign á skipi sem skipti máli. Verð á kvóta var lágt miðað við það sem síðar varð. Hægt var að kaupa skip með lítinn kvóta og hefja veiðar í sóknarmarki og þannig vinna sér inn veiðireynslu. Menn voru ekki fastir í upphaflegri úthlutun fyrir árið 1984. Einnig gafst mönnum kostur á að hefja smábátaútgerð. Margir nýttu sér það tækifæri. Atvinnufrelsið á tímabilinu 1984-1990 átti þátt í að samtals var landað 440 þúsund tonnum af óslægðum þorski umfram það sem ráðherra hafði ákveðið sem heildaraflaviðmiðun og 635 þúsund tonnum umfram það sem Hafrannsóknarstofnun hafði mælt með. Þessar tölur er hægt að nálgast í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um ástand nytjastofna 2006/2007 en þar segir m.a. að þorskstofninn hafi verið í sögulegu lágmarki á árunum 1992-1995 og ástæðu þess megi rekja fyrst og fremst til mjög mikillar sóknar á árunum á undan og lélegrar nýliðunar á síðari hluta níunda áratugarins og upphafi þess tíunda.

**Megintilgangur laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990**

Hafi ástandið í sjávarútvegi verið dapurt í árslok 1983 var ekki tilefni til bjartsýni vorið 1990 þegar Alþingi fjallaði um frumvarp sem varð að lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990. Skráðum fiskiskipum hafði fjölgað um tæp 1.000 frá ársbyrjun 1984 með tilheyrandi aukningu á sóknargetu flotans ásamt því sem afkastageta vinnslustöðva hafði vaxið. Takmarkaðar líkur voru á að heildarafli myndi aukast til lengri tíma nema að sókn myndi minnka. Talið var að skynsamlegasta leiðin til að halda heildarafla innan fyrirfram ákveðinna marka og stuðla að hagræðingu í sjávarútvegi væri að fækka undanþágum frá kvótakerfinu og veita atvinnugreininni sjálfri tækifæri til að leysa úr þeim offjárfestingarvanda sem blasti við. Þessi kerfisbreyting hafði í för með sér að verð á skipum lækkaði en að sama skapi urðu kvótar verðmætir þar sem þeir voru ótímabundnir og framseljanlegir. Forsendur gjafakvótahugmyndarinnar verða því að teljast hæpnar.

**Vörn íslenska ríkisins**

Framangreindum grundvallaratriðum um þróun íslenska kvótakerfisins 1984-1990 og tilgang laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 hefði mátt gera betri skil í vörn íslenska ríkisins fyrir Mannréttindanefnd SÞ. Því fer fjarri að stjórn botnfiskveiða síðan 1984 hafi byggst nánast alfarið á kvótakerfi. Af því leiðir að skipting heildarkvóta í botnfiski síðan þá hefur farið eftir mun fleiri sjónarmiðum en veiðireynslu á viðmiðunartímabilinu. Vikið verður að þessu í næstu grein sem og þýðingu þeirrar yfirlýsingar að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar.

*Höfundur er sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Íslands.*

# Í myntbandalag?

UMRÆÐAN
Efnahagsmál


LÚÐVÍK GIZURARSON

Núna er sá bitri sannleikur að koma í ljós, að við erum ekki ríkasta þjóð í heimi heldur ein sú skuldugasta. Við höfum að vísu lifað eins og ein ríkasta þjóð heims en fyrir erlent lánsfé. Samkvæmt forsíðu Mbl. 18. janúar 2008 vill Glitnir banki ekki láta bjóða sér í dag að taka lán erlendis með tvöföldum vöxtum. Þá er svona helmingur vaxtanna, lauslega reiknað, millibankavextir (LIBOR) erlendis, en hinn hlutinn er áhættuþóknun, vegna þess að lánað er til hins skulduga Íslands. Svo er skortur á alþjóðlegu lánsfé, sem hækkar viðbótar- eða áhættugjaldið.

Höfundur þessarar blaðagreinar hefur fyrir þó nokkuð löngu síðan sett þá skoðun fram að á þeim tíma væri rétt að láta okkar krónu síga, sem er sama og að lækka gengi hennar. Þá hefði evran hækkað t.d. í 100 kr. (er í dag 95 kr.) og annar gjaldeyrir hækkað samsvarandi. Þetta hefði hjálpað útflutningi okkar og dregið úr innflutningi, sem bætt hefði gjaldeyrisstöðu okkar í dag. Svo hefði dýrari gjaldeyrir bent fólki á áhættu þess að taka erlend lán. Svona gengislækkun var ekki vinsæl í pólitíkinni. Því var hún ekki samþykkt og allt sagt í fínasta lagi. Nú er ekki hægt að blekkja lengur. Lán til okkar eru talin með í flokki bandarískra húsbréfa með háum vöxtum sem borgast ekki af skuldurum en næg veð vantar á bak við þau svo þau séu gjaldgeng og góðir pappírar. Við erum því í vondum félagsskap fjárhagslega. Nokkuð er síðan þessar fréttir bárust frá útlöndum og allir urðu undrandi. Annað hafði þeim verið talin trú um hér á landi af stjórnvöldum. Var okkur sagt ósatt?

Fyrir nokkrum dögum dró erlent matsfyrirtæki, sem metur lánshæfi ríkja heims, okkur inn í hóp þeirra ríkja sem vafasamt væri að lána þótt háir vextir væru í boði. Þetta varð til að gera fjárhagsstöðu okkar enn verri. Bankar okkar telja þetta ómaklegt, þar sem þeir standi í raun vel.

Sú spurning verður ekki umflúin lengur hvort við getum komist í myntbandalag með auðugu ríki. Við gætum byrjað á Sviss. Vilja þeir vera í myntbandalagi með okkur? Þá værum við jeppakerra, sem þeir sem voldug peningaþjóð, hefðu í eftirdragi. Lægri vextir á erlendum skuldum sparar okkur fljótlega svona álíka upphæð og öll sala okkar á rafmagni til álvera eða meira.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**JAMES DEAN FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1931.**

*„Láttu þig dreyma eins og að þú munir lifa að eilífu. Lifðu eins og þú munir deyja á morgun.“*

***James Dean var bandarískur kvikmyndaleikari og er hvað best þekktur fyrir leik sinn í myndinni Rebel Without a Cause, þar sem hann leikur vandræðapiltinn Jim Stark. Á stuttum ferli lék Dean á móti leikurum á borð við Buddy Holly, Bruce Lee og Marilyn Monroe. Hann lést af slysförum árið 1955, 24 ára að aldri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. FEBRÚAR 1971

## *Nasdaq tekur til starfa*

Þennan dag árið 1971 tók Nasdaq-kauphöllin til starfa. Nasdaq, sem er skammstöfun fyrir National Association of Securities Dealers Automatic Quotation, er önnur af tveimur af helstu kauphöllum Bandaríkjanna. Ríflega fjögur þúsund fyrirtæki eru skráð á Nasdaq og þar fara fleiri viðskipti fram en í nokkrum öðrum kauphöllum í Bandaríkjunum.

Samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands eru reiknaðar út ýmsar hlutabréfavísitölur fyrir bréf sem eru skráð á Nasdaq, til dæmis svokölluð Nasdaq Composite-vísitala sem byggir á verði hlutabréfa allra þeirra fyrirtækja sem skráð eru í kauphöllinni.

Kauphallir eru í grunninn frekar einföld fyrirbrigði eða vettvangur þar sem kaupendur og seljendur verðbréfa eiga viðskipti. Nasdaq varð fyrsta kauphöllin til að taka upp rafræn viðskipti en kauphöllin tók við af OTC-kerfinu svokallaða (over-the-counter) en þá hittist fólk til að eiga viðskipti upp á gamla mátann, það er augliti til auglitis.




### MERKISATBURÐIR

- **1924** Nevada varð fyrsta ríki Bandaríkjanna til að taka mann af lífi með gasi.
- **1925** Halaveðrið. Tveir togarar farast á Halamiðum, Leifur heppni og Robertson. Með þeim farast 68 menn. Einnig ferst vélbátur með sex mönnum. Fimm manns verða úti.
- **1980** Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen tekur við völdum og situr í þrjú ár. Að stjórninni stóðu Alþýðubandalag, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur.
- **1998** Fyrsti íshokkíleikur kvenna á Ólympíuleikum fer fram. Finnland sigrar Svíþjóð 6-0.
- **2005** Ísrael og Palestína samþykkja vopnahlé.

---

RAGNAR MICHELSEN: SELUR BLÓMABÚÐ SÍNA Í BREIÐHOLTI EFTIR 27 ÁR

# Umkringdur blómum alla tíð

Ragnar Michelsen hefur verið einn af máttarstólpum Breiðholts síðastliðna þrjá áratugi. Hann hefur rekið Blómabúð Michelsen í Hólagarði í 27 ár og er vel þekktur meðal Breiðholtsbúa. „Fólkið lítur á mig sem mublu hér í Hólunum. Það hefur leitað til mín í gleði og sorg og þá jafnt ungir sem aldnir,“ segir Ragnar en unglingarnir í hverfinu hafa löngum sótt til hans og átt athvarf í búðinni. „Litlu krakkarnir kalla mig stundum afa og það er mjög vinalegt.“

Ragnar segir að sér hafi farnast sérstaklega vel í Breiðholtinu. „Ég hef fylgst með uppbyggingu hverfisins og uppgangi og séð tvær kynslóðir vaxa úr grasi,“ lýsir hann. Nú hefur hann hins vegar ákveðið að selja búðina sökum heilsubrests. Það eru tvær Breiðholtsmeyjar sem munu taka við en þær eru uppaldar í hverfinu og þekkja viðskiptavini Ragnars vel.

„Ég veit að þær munu halda nafni mínu á lofti,“ segir Ragnar en verslunin mun framvegis heita Englar og rósir. „Ég mun líka vera þeim innan handar og sjá um útfararskreytingar en ég er sérlærður í því fagi og í ár eru einmitt fimmtíu ár síðan ég gerði mína fyrstu kistuskreytingu,“ rifjar Ragnar upp. „Ég var þá fjórtán ára og faðir minn, Paul V. Michelsen, var að vinna á Bessastöðum hjá Sveini Björnssyni forseta. Hann hringdi í mig á föstudegi og spurði hvort ég gæti klárað skreytingu úti í Kotstrandarkirkju. Ég sagði að það væri nú lítið mál og held ég að þetta hafi bara verið reglulega falleg skreyting hjá mér.“ Ragnar segist getinn í blóma, fæddur í blóma, hafa starfað í blóma og að hann ætli sér að deyja í blóma. Hann sleit barnsskónum í Blómaskála Michelsen í Hveragerði, sem faðir hans rak, og fylgdi föður sínum ungur að árum í heimahús til að skreyta kistur. „Ég var því vanur að sjá lík þegar ég fór utan til Danmerkur að læra fjórtán ára gamall. Ég lenti í Kaupmannahöfn um hádegi og klukkan hálf tvö var ég kominn upp í líkhús en húsbóndi minn og lærimeistari sá á þeim tíma um 82 prósent af útfararþjónustu Stór-Kaupmannahafnarsvæðisins. Hann sagði best að byrja á því versta og ætlaði líklega að hræða mig en það tókst ekki því ég var vanur að heiman,“ útskýrir Ragnar. Hann hefur síðan sérhæft sig í útfararskreytingum og auk þess starfað sem líksnyrtir.

Ragnar segist þakklátur Breiðhyltingum og öðrum viðskiptavinum sínum alla velvild í sinn garð í gegnum árin og mun áfram vera viðriðinn fagið þótt hann hafi nú sagt skilið við reksturinn. **vera@frettabladid.is**



**UMKRINGDUR BLÓMUM** Ragnar hefur starfað sem blómaskreytingamaður í fimmtíu ár og eru jafn mörg ár síðan hann gerði sína fyrstu kistuskreytingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Jónsdóttur**

Dvalarheimilinu Hlíð, áður Ránargötu 27, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Hlíð fyrir góða umönnun og vináttu við hina látnu.

**María Elínborg Ingvadóttir**
**Herdís Ingvadóttir**
**Jón Grétar Ingvason** — **Hjördís Arnardóttir**
**Bjarni Rafn Ingvason** — **Rósa Þ. Þorsteinsdóttir**
**Áslaug Nanna Ingvadóttir**
**Ingvi Júlíus Ingvason** — **Unnur Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Eiginmaður minn,*

**Benedikt Thorarensen**

Þorlákshöfn

verður jarðsunginn frá Þorlákskirkju laugardaginn 9. febrúar kl. 14. Blóm afþökkuð en vinsamlegast látið heldur líknarstofnanir og góð málefni njóta.

**Guðbjörg Magnúsdóttir Thorarensen**

---



*Elskuleg móðir okkar, dóttir mín, systir okkar og frænka,*

**Linda María Bellere**

Granaskjóli 34, 107 Reykjavík,

lést á heimili sínu 2. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Eva Dögg Hallgrímsdóttir**
**Jón Kristófer Fasth**
**Anna Norris**
**Jónas James Norris**
**Jo Ann Önnudóttir**
**Antony Lee Bellere**
**Gunnar Þór Norris** — **Helena Norris**
**og frændsystkini.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lilja Jóelsdóttir**

frá Siglufirði,

lést á sjúkrahúsinu á Akranesi 6. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Marteinn Þór Kristjánsson** — **Ásta Óla Halldórsdóttir**
**Jóel Kristjánsson** — **Helga Sigurrós Bergsdóttir**
**Bryndís Hrönn Kristjánsdóttir** — **Þórólfur Tómasson**
**Kristján Haraldur Kristjánsson** — **Margrét Þorvaldsdóttir**
**Guðni Kristjánsson** — **Kristbjörg Kemp**
**Jónína Hafdís Kristjánsdóttir** — **Guðmundur Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir minn og bróðir okkar,*

**Kristinn Kristjánsson**

Miklubraut 88,

er látinn.

**Vilberg Kristinsson**
**Ása Kristjánsdóttir**
**Margrét Kristjánsdóttir**
**Ingibjörg Kristjánsdóttir**
**Símon Kristjánsson.**

---




# 85 ára afmæli

Í tilefni af 85 ára afmæli mínu tek ég á móti gestum í Ekru þann 9. febrúar frá kl. 15.00 - 19.00
Listmunir, kaffi og skemmtilegheit.
Allir velkomnir

**Unnur Kristjánsdóttir**

frá Lambleiksstöðum


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.

---



*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Sigrid Österby**

Dunhaga 15, Reykjavík.

**Atli Konráðsson** — **Anne Berit Valnes**
**Sif Konráðsdóttir** — **Ólafur Valsson**
**Huld Konráðsdóttir** — **Sigurður Tómas Magnússon**
**Ari Konráðsson** — **Þóra Guðmundsdóttir**
**Andri Konráðsson**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginkona mín, systir okkar, móðir, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma,*

**Anna Egilsdóttir**

frá Ísafirði

lést þann 30. janúar sl. á Landspítalanum. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Griffith James Scobie**

# Ótrúlegt verð

Öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum



**79.990kr**
Verð áður 89.990.-

### Panasonic 32" LCD sjónvarp
TX32LE7F
- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD Ready
- V-Real tækni - Einstök myndgæði
- Progressive Scan
- Skerpa: 3.000:1 og birtustig: 500 cd/m2
- Backlight control
- Viera link
- 16w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 200 síðna minni
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 79,1x56,3x10,7 og þyngd: 16kg

### Dantax 19" LCD sjónvarp
19LCDDVDP3
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Progressive Scan • HD Ready
- Innbyggður DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD, CD, CD-R/RW og JPEG
- Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2 • Skerpa: 500:1
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi • Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi
- Textavarp, svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 47x37x6,8



**49.990kr**
GOTT VERÐ

### Dantax 15" LCD sjónvarp
15LCDDVDP1
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Progressive Scan • HD Ready
- Innbyggður DVD spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD, CD, CD-R/RW og JPEG
- Sjónsvið H/V 150/130° og birtustig: 450 cd/m2, skerpa: 500:1
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Kortalesari SD/MS/MMC
- USB tengi, VGA tengi
- Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp, svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Mál í cm (bxhxd): 38,3x30,9x6,5



**39.990kr**
GOTT VERÐ

### Panasonic 32" LCD sjónvarp
TX32LX70F
- Upplausn: 1366x768 punktar
- V-Real 2 Engine tækni
- Sjónsvið (H/V): 178/178° með IPS Alpha skjá
- 100Hz Motion Picture Pro
- Sub-Pixel Control • HD Ready
- Progressive Scan • VIERA Link
- Skerpa: 8.500:1 og birtustig: 500 cd/m2
- Advanced 3D Colour management
- 20w Nicam Stereó með V-Audio surround hljóðkerfi
- 2 x scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1500 síðna minni
- Borðstandur með 15° gráðu snúning fylgir



**129.990kr**
GOTT VERÐ

### United 26" LCD sjónvarp
LTV26W42
- 26" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive Scan
- HD Ready
- 30w Nicam Stereó hljóðkerfi
- 3 scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir



**59.990kr**
GOTT VERÐ

**39.990kr**
Verð áður 44.990.-

### Panasonic heimabíókerfi SCPT450
- 1000w (4x125w og 2x250w RMS) digital magnari • DVD spilari
- Video Upscaling í 720p/1080i/1080p • 12bit/108MHz Video DAC
- Progressive scan • 5 hátalarar og bassabox • Viera Link
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
- FM Útvarp með stöðvaminnum • Tónjafnari
- Hljóðinngangur (RCA) • Scart, HDMI og Component tengi



**29.990kr**
GOTT VERÐ

### Panasonic heimabíókerfi SCPT150
- 330w (5x55w) magnari • DVD Spilari • 12bit/108MHz Video DAC
- Progressive scan • 5 hátalarar og Bassabox • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II • FM Útvarp með stöðvaminnum • Hljóðtengi(RCA) • USB tengi, scart tengi
- Fjarstýring



Gildir til 12. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Vorveisla

## Heimsferða

Síðustu sætin!



Bókaðu núna!

## Barcelona

frá 19.990 kr.

Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð á mann. Takmarkað magn sæta í boði á þessu verði. Lægsta fargjald er uppselt á mörgum brottförum.



**Beint flug**
7. mars - örfá sæti
10. mars
13. mars - örfá sæti
28. mars
31. mars
3. apríl - uppselt
7. apríl
10. apríl - örfá sæti
13. apríl
17. apríl - nokkur sæti
21. apríl
24. apríl - nokkur sæti
27. apríl
1. maí
5. maí
8. maí - nokkur sæti
12. maí

## Prag

frá 39.990 kr.

Flug, skattar og gisting í 4 nætur með morgunverði í tvíbýli á Hotel Corinthia Towers *****. Sértilboð 24. og 31. mars.

**Beint flug**
24. mars
28. mars - nokkur sæti
31. mars
4. apríl - örfá sæti
7. apríl

## Budapest

frá 61.690 kr.

Flug, skattar og gisting í tvíbýli með morgunverði á Hotel Carat **** í 4 nætur 1. maí. Netverð á mann.

**Beint flug**
24. apríl - örfá sæti
28. apríl - UPPSELT
1. maí
5. maí - örfá sæti
8. maí - örfá sæti
8. júní - AUKAFLUG

## Kraká

frá 44.790 kr.

Flug, skattar og gisting í tvíbýli með morgunverði á Hotel Chopin *** eða Hotel Wyspianski *** í 3 nætur 14. apríl. Netverð á mann.

**Beint flug**
11. apríl - örfá sæti
14. apríl
17. apríl - UPPSELT

## Vilnius

frá 40.790 kr.

Flug, skattar og gisting í tvíbýli með morgunverði á Hotel Europa City *** í 3 nætur 27. apríl. Netverð á mann.

**Beint flug**
23. apríl - örfá sæti
27. apríl
30. apríl - nokkur sæti
4. maí
9. maí - örfá sæti



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Mundu MasterCard ferðaávísunina! Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is


# STUÐ MILLI STRÍÐA Svo lengi lærir sem lifir

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** ÆTLAR BARA AÐ GEFA SÉR TÍMA TIL AÐ LÆRA



Eitt af því skemmtilegasta sem ég veit er að læra eitthvað nýtt. Bókasöfn eru því meðal uppáhaldsstaðanna minna en þar get ég endalaust grúskað í bókum um trúarbrögð, landafræði og sögu. Að sama skapi er haustið sú árstíð sem ég hef mest dálæti á því þá byrjar skólinn og alls konar námskeið sem ég er dugleg að sækja.

Því miður er tíminn þó alltaf svolítið vandamál og þrátt fyrir að vera dugleg að draga alls konar doðranta með mér heim af bókasafninu gefst mér yfirleitt ekki tími til þess að klára þá og þeim er venjulega skilað aftur hálf eða lítið sem ekkert lesnum. Það sama má segja um námskeiðin sem ég er alltaf að skrá mig á í háskólanum, því eins spennandi og mér finnst þau vera þegar ég vel þau, þá fer mesti sjarminn af þegar þarf að lesa námsefnið utanskóla með vinnu. Sérstaklega ef við hafa bæst önnur stök námskeið sem ég hef ákveðið að sækja á kvöldin.

Mér hefur því lengi verið hugleikið atriði í fyrstu Matrix-myndinni sem ég sá eins og flestir aðrir á sínum tíma. Aðalgaurinn þurfti að læra margt á skömmum tíma og í stað þess að sitja sveittur yfir bókum var hann bara forritaður með öllu því nauðsynlegasta. Þessi hugmynd fannst mér strax frábær og vonaði að í framtíðinni yrði eitthvað þessu líkt mögulegt. Stundum þegar ég skilaði ólesnum bókum á safnið með tárin í augunum yfir öllum fróðleiknum sem ég innbyrti ekki, velti ég því fyrir mér hversu miklu þægilegra væri að fá bara lánuð alls konar svona forrit fyrir mannsheilann. Tilhugsunin um að fara heim með forrit og læra esperanto, tai chi og stjörnufræði á einum degi og skila þeim svo daginn eftir og sækja ný fannst mér frábær.

Góðar hugmyndir eru hins vegar oft ekki eins góðar og þær virðast í fyrstu og þó að þetta myndi vissulega spara mikinn tíma myndi gamanið fljótt kárna. Því með því að læra allt á engum tíma liði ekki á löngu þangað til að ekki væri lengur hægt að læra eitthvað nýtt. Og hvað væri gaman við það?

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Overli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



**! Kl. 17**

*Sýningin Einhleypur, Grænn eftir myndlistarkonuna Elínu Önnu Þórisdóttur verður opnuð í nýju húsnæði Anima gallerís á Freyjugötu 27 í dag kl. 17. Á sýningunni má sjá málverk og skúlptúra unna með blandaðri tækni. Efniviðurinn í verkin er meðal annars tré, svampur, málning, sprey og snúðar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Forvarnarleikrit frumsýnt annað kvöld*

Leikhópurinn Borgarbörn frumsýnir annað kvöld kl. 20 á litla sviði Borgarleikhússins nýtt íslenskt forvarnarleikrit sem kallast Alsæla. Borgarbörn er barna- og unglingaleikhús sem hefur þá sérstöðu að leikararnir í sýningum þess eru sjálfir börn og unglingar. Í Alsælu koma til að mynda fram tólf leikarar sem allir eru á aldrinum 15-19 ára. Framtakið er klárlega lofsvert, ekki síst þar sem það veitir ungu fólki bæði tækifæri til að spreyta sig á fjölunum og til þess að upplifa jafnaldra sína á sviðinu.

Söguþráður leikritsins er sprottinn af umræðum og hugsunum leikhópsins um forvarnarmál og unglingamenningu. Leikstjóri verksins, Björk Jakobsdóttir leikkona, færði þessar vangaveltur í afar sjónrænan búning; mikið er um söng og dans og tekist er á við málefnin á táknrænan og hreinan máta.

Auk unglinganna og leikstjórans Bjarkar koma ýmsir leikhúslistamenn að sýningunni. Söngstjórn er í höndum Ragnheiðar Hall, Halla



**BORGARBÖRN** Leikhópur skipaður ungu og upprennandi leikhúsfólki.

Ólafsdóttir semur dansa, Valdimar Kristjónsson sér um tónlist og Magnús Arnar Sigurðarson er ljósameistari.

Ljóst er að forvarnir og fræðsla þurfa að vekja áhuga unglinga. Jafningjafræðsla á vegum Reykjavíkurborgar hefur gefið góða raun og því má leiða líkur að því að forvarnarleikrit þar sem unglingar eru í aðalhlutverki eigi nokkuð greiða leið að ungum hugum.

Leikritið verður sýnt á litla sviði Borgarleikhússins út febrúar og er miðaverð 1.000 kr. **- vþ**

**> Ekki missa af …**

Dagskrá í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í kvöld vegna Safnanætur. Dagskráin tengist sýningunni Flickr-flakk og heljarstökk sem nú stendur yfir í safninu. Gestum verður meðal annars boðið upp á aðstoð við að setja upp sína eigin Flickr-síðu og hljómsveitin Vicky Pollard tekur nokkur lög. Dagskráin hefst kl. 19.


GAMANÓPERAN

SÍGAUNABARÓNINN

EFTIR JOHANN STRAUSS - Íslensk þýðing: Egill Bjarnason og Þorsteinn Gylfason

Í GAMLA MJÓLKURSAMLAGINU BORGARNESI

Frumsýn. 7. feb. kl. 20.00 - UPPSELT
2. sýn. 9. feb. kl. 20.00 - UPPSELT
3. sýn. 10. feb. kl. 20.00 - UPPSELT
4. sýn. 16. feb. kl. 20.00 - LAUS SÆTI
5. sýn. 17. feb. kl. 20.00 - LAUS SÆTI
6. sýn. 19. feb. kl. 20.00 - LAUS SÆTI



Leikstjóri: Ása Hlín Svavarsdóttir • Stjórnandi: Garðar Cortes
Píanóleikur: Zsuzsanna Budai
Miðapantanir 437 1598 • tskb@simnet.is
Upplýsingar á: www.borgarbyggd.is

SPM
Tónlistarskóli Borgarfjarðar
MENNINGARRÁÐ VESTURLANDS




**LEIKLIST** Misskilningur á misskilning ofan í Flónni á Akureyri. MYND: GRÍMUR BJARNASON/LA

# Fló á skinni frumsýnd

**Hinn kunni gamanleikur George Feydeau, Fló á skinni, er frumsýndur í kvöld í Samkomuhúsinu gamla á Akureyri. Uppselt er á 24 sýningar af þeim fjörutíu sem komnar eru í sölu og blasir við að Flóin verði afar vinsæl nyrðra rétt eins og hún var í sviðsetningum hér syðra 1973 og 1989, en þá komu tugir þúsunda að sjá sýningarnar. Er farsinn eitt aðsóknarmesta verk íslenskrar leiklistarsögu og styrkir enn stöðu sína með þessari velgengni á Akureyri.**

María Sigurðardóttir leikstýrir stórum hópi leikara í sviðsetningu á nýrri leikgerð Gísla Rúnars Jónssonar. Við hinn unga hóp leikara sem hefur verið kjarninn í leikarahópi LA bætast nú nokkrir sunnanmenn: Randver Þorláksson, Valdimar Flygenring, Margrét Helga Jóhannsdóttir og Árni Tryggvason. Sýningar munu standa fram á vor.

Flóin var fyrst sýnd hér á landi í leikhússtjóratíð Vigdísar Finnbogadóttur í Iðnó og gekk þá í þrjú leikár við miklar vinsældir sem má ekki síst þakka leik Gísla Halldórssonar. Velgengni hennar varð til þess að Leikfélag Reykjavíkur réðist aftur í sviðsetningu hennar í Borgarleikhúsinu. Munu hátt í 70 þúsund gestir hafa séð þessar sýningar og er langt til jafnað. Mun Litla hryllingsbúðin standa nærri þessu meti í þremur sviðsetningum.

Flóin er eitt margra verka sem George Feydeau skrifaði á hátindi franska borgaralega farsans. Verkið dró dám af tvískinnungi í borgaralegu siðferði á keisaratímanum seinni í Frakklandi en Feydeau var afar snjall byggingarmeistari í misskilningsfléttu blekkinga, misskilnings og feluleiks sem útheimti tiltekinn fjölda útganga í opið rými. Það er Snorri Freyr sem fær það erfiða verkefni að koma tveimur stórum og flóknum leikmyndum fyrir á litla sviðinu í Samkomuhúsinu.

Eins og tekið er að tíðkast í mörgum leiksýningum nú um stundir sem eiga að ná til sín vænum hópi leikhúsgesta er tónlist lögð inn í sviðsetningu Maríu Sigurðardóttur nyrðra og er það gleðisveitin Sprengjuhöllin sem sér um hana. Margir þeir ungu leikarar sem koma fram í sýningunni hafa ekki áður leikið í sýningu af þessu tagi þar sem reynir mikið á snerpu og sterka tilfinningu fyrir að láta setningar falla í hljóðhvíld í kappi við hlátursgusur leikhúsgesta því Flóin er mikill hláturvaki ef vel tekst til. **- pbb**






# Þrjú verk fyrir 3,5 milljarða

Triptych 1974-77 eftir írska sjálfmenntaða málarann Francis Bacon (1909-1992) var selt á uppboði Christie´s í London á miðvikudag fyrir þrjá og hálfan milljarð íslenskra króna, eða 26,3 milljónir enskra punda. Er það hæsta verð sem Christie´s í London hefur fengið fyrir eitt verk og hæsta verð greitt fyrir verk listamanns eftir stríð. Bacon vann verkið að mestu 1974 en jók við það 1977 og er það eitt verka sem hann vann í minningu ástmanns síns, George Dyer, sem stytti sér aldur 1971. Verk fleiri listamanna frá þessum tíma fóru á metverði: málverk eftir Gerhard Richter, Lucio Fontana og Bridget Riley seldust þar á háu verði. Meirihluti boða kom að þessu sinni frá evrópskum kaupendum, sem bendir til varúðar á bandarískum myndlistarmarkaði sem hefur verið ráðandi í heiminum um langt skeið. **- pbb**



**MYNDLIST** Hið fræga verk á sýningu Christies´s fyrir uppboðið á miðvikudag.


SÁ YNGSTI
BORÐAR FRÍTT
AMERICAN STYLE
ALLAN FEBRÚAR
FJÖLSKYLDU
DAGAR
Gildir fyrir alla hópa
sem telja 4 eða fleiri – ekkert aldurstakmark
BÍLDSHÖFÐI TRYGGVAGATA SKIPHOLT HAFNARFJÖRÐUR KÓPAVOGUR
STOFA 53 / 00135

# Fiðlusnillingur í Grafarvogi

Merkilegir tónleikar fara fram í Grafarvogskirkju kl. 17 á morgun. Þá kemur þar fram hinn heimsþekkti fiðluleikari Shlomo Mintz og leikur allar 24 Caprísur Niccolo Paganini. Tónleikarnir eru liður í tónleikaför Mintz í tilefni fimmtugsafmælis hans. Þess er vert að geta að þetta er í fyrsta skipti sem Caprísurnar hljóma í heild sinni í lifandi flutningi á Íslandi og því ætti tónlistaráhugafólk ekki að láta tónleikana framhjá sér fara.

Hinar 24 Caprísur ítalska tónskáldsins og fiðlusnillingsins Niccolo Paganini teljast tvímælalaust meðal hátinda rómantískrar fiðlutónlistar enda innihalda þær nánast allar þær tæknibrellur sem hægt er að framkvæma á hljóðfærið. Svo ógurleg var færni Paganinis á fiðluna að sá orðrómur komst á kreik að hann hefði selt djöflinum sál sína. Ekki er líklegt að Caprísurnar hafi gert mikið til að draga úr kjaftasögunum þar sem þær eru svo meistaralega samdar.

Shlomo Mintz er einn þekktasti fiðluleikari heims í dag. Hann stundaði nám meðal annars hjá Isaac Stern og hóf einleikaraferil sinn ellefu ára gamall með Fílharmóníusveitinni í Ísrael. Stuttu síðar var hann beðinn um að hlaupa í skarðið fyrir Itzhak



**SHLOMO MINTZ.** Kemur fram á tónleikum í Grafarvogskirkju á morgun.

Perlman í Fiðlukonsert nr. 1 eftir Paganini undir stjórn Zubins Metha. Hann hefur nú í fjóra áratugi ferðast vítt og breitt um heiminn bæði sem hljómsveitarstjóri og fiðluleikari og haldið ótal tónleika í öllum þekktustu tónleikasölum heims.

Miðaverð á tónleikana er 4.000 kr.

- vþ

# Adapter í Salnum

Í kvöld kl. 20 verða í Salnum í Kópavogi tónleikar með hljóðfærahópnum Adapter og Ásgerði Júníusdóttur, mezzósópransöngkonu. Þau flytja tónlist eftir Jo Kondo, Bunita Marcus, Atla Ingólfsson, Davíð Brynjar Franzson og Toru Takemitsu. Tónleikarnir kallast „Music For Japan“ og er það tilvísun í titil tónverks eftir bandaríska tónskáldið Bunita Marcus sem verður á efnisskrá tónleikanna. Hópinn skipa þau Kristjana Helgadóttir flautur, Ingólfur Vilhjálmsson klarinettur, Gunnhildur Einarsdóttir harpa, Marc Tritschler píanó, Matthias Engler slagverk og stjórnandi er Manuel Nawri. Frekari upplýsingar um hópinn og verkefni kvöldsins má finna á heimasíðu hópsins: www.adapter.is. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá Myrkra músíkdaga.

- pbb



**TÓNLIST** Ásgerður Júníusdóttir mezzosópran kemur fram með Adapter í kvöld.


Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Baðstofan
eftir Hugleik Dagsson
Frumsýning 9/2 - Sun 10/2 uppselt

Ívanov eftir Anton Tsjekhov
Leikstjórn og aðlögun: Baltasar Kormákur
Uppselt í febrúar!!

„Þau eru frábær, öll fjögur ... Þetta er hörkugóð sýning...“
Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

Vígaguðinn e. Yasminu Reza
fös. 8/2, lau. 9/2 örfá sæti laus

Skilaboðaskjóðan
eftir Þorvald Þorsteinsson
Ævintýrasöngleikur fyrir alla fjölskylduna
sun. 10/2 kl. 14 uppselt

Opið hús á Vetrarhátíð!
Fjör fyrir alla fjölskylduna
Laugardaginn 9/2 milli 13-16
kynnið ykkur dagskrána á www.leikhusid.is

Salurinn
MYRKIR MÚSÍKDAGAR 2008
HELGIN 8.-10. FEBRÚAR
FÖST. 8. FEBRÚAR KL. 20
ADAPTER OG ÁSGERÐUR JÚNÍUSDÓTTIR
FÖST. 8. FEBRÚAR KL. 22
RAFTÓNLEIKAR
LAUG. 9. FEBRÚAR KL. 14
HNÚKAÞEYR OG AÞENA
LAUG. 9. FEBRÚAR KL. 20
CAMILLA SÖDERBERG
BLOKKFLAUTUR OG RAFHLJÓÐ
SUNN. 10. FEBRÚAR KL. 20
BRYNDÍS HALLA GYLFADÓTTIR OG ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR
BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
27. febrúar
28. febrúar
2.mars
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Roof Tops
Föstudags- og laugardagskvöld
Vegna fjölda áskorana endurtökum við gamla dansstuðið
ARI JÓNS: söngur, trommur
SVENNI GUÐJÓNS: söngur, hljómborð
FINNBOGI KJARTANS: söngur, bassi
GÚI RINGSTED: söngur, gítar
SIGGI PEREZ: söngur, saxafónn, slagverk
KRINGLU KRÁIN



TOSHIBA
image is everything
REGZA
Örþunn LCD sjónvörp
með ótrúlegum myndgæðum
á frábæru verði.
TOSHIBA er brautryðjandi í tækninýjungum!
HD ready
HDMI
ONKYO
HÁTALARAR
PICTURE FRAME LCD
digital
Active Vision LCD
TILBOÐSDAGAR
ótrúlegur afsláttur af völdum tækjum
TILBOÐ
40.000 kr
afsláttur
109.990,-
fullt verð 149.990
32" WL68 PG
Upplausn: 1366x768
ActiveVision myndvél
100 Hz
Viðbragðstími: 8ms
Skerpa: 3500:1
3 HDMI tengi / 2 scart tengi
40.000 kr
afsláttur
TILBOÐ
119.990,-
fullt verð 159.990
37" WL66Z
Upplausn: 1366x768
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
Skerpa: 800:1
2 HDMI tengi / 2 scart tengi
50.000 kr
afsláttur
TILBOÐ
149.990,-
fullt verð 199.990
42" WL66Z
Upplausn: 1366x768
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
Skerpa: 800:1
2 HDMI tengi / 2 scart tengi
TILBOÐ
60.000 kr
afsláttur
169.990,-
fullt verð 229.990
42" WL67ZG Full HD
Upplausn: 1920x1080
ActiveVision myndvél
Viðbragðstími: 8ms
Skerpa: 800:1
2 HDMI tengi / 2 scart tengi
www.ef.is
P
VIÐ DYRNAR
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • ef@ef.is


JACK JOHNSON


ÞÓRIR GEORG JÓNSSON

> Í SPILARANUM

**My Summer as a Salvation Soldier** - Activism
**Jack Johnson** - Sleep Through the Static
**Lightspeed Champion** - Falling of the Lavender Bridge
**Adele** - 19

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## *Raftónlist í kvöld*

Raftónleikar hafa verið fastur liður á Myrkum músíkdögum, tónlistarhátíð Tónskáldafélags Íslands, um langt árabil. Raunar eru frumkvöðlarnir að Myrkum músíkdögum, þeir Atli Heimir Sveinsson og Þorkell Sigurbjörnsson, líka brautryðjendur í raftónlist, ásamt Magnúsi Blöndal Jóhannssyni. Raftónlist hefur á síðari árum teygt sig yfir í þann geira dægurtónlistar sem sinnir mest tilraunum. Því hefur hópurinn sem sækir hina árlegu raftónlistartónleika hinna menntuðu tónskálda alltaf verið ærið blandaður og stuð á mannskapnum.

Í þetta sinn verða raftónleikarnir í Salnum í Kópavogi og hefjast kl. 22 í kvöld. Sem fyrr er dagskráin rafræn; víðóma og fjölóma (surround) verk sem og gagnvirk tónlist. Meðal verka sem flutt verða í kvöld eru fjögur ný stutt verk eftir Ríkharð H. Friðriksson, tónlistargjörningurinn Hanaegg eftir Þuríði Jónsdóttur og Ólöfu Nordal, óður til íslenskrar náttúru eftir Rúnar og Þórhall Magnússyni undir nafninu „SameSameButDifferent“ og ný tónlist eftir Kjartan Ólafsson. **- pbb**


**TÓNLIST** Kjartan Ólafsson á ný verk á árlegum raftónlistartónleikum Myrkra músíkdaga.




> **Plata vikunnar**

Daft Punk - Alive 2007

★★★★

„Það er greinilegt að þeir Thomas Bangalter og Guy-Manuel de Homem-Christo hafa lagt mikið í tónleikaferðina sína á síðasta ári. Alive 2007 er til vitnis um það. Flott og öðruvísi tónleikaplata.“ **TJ**


**TÓNNINN GEFINN**
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## *Austur-Asíu indí*

Í Bandaríkjunum, aðalheimavelli indí-tónlistargeirans, hefur gætt áhrifa úr öllum áttum og öllum heimsálfum. Þrátt fyrir stærð sína hefur hins vegar minnst farið fyrir Asíu af einhverjum sökum (en þá er Japan undanskilið). Undanfarið hafa hins vegar þrjár hljómsveitir látið á sér kræla sem allar eiga rætur sínar að rekja til Austur-Asíu en sá heimshluti hefur ekki verið sérstaklega hávær né umfangsmikill í indí-heiminum.

Sú elsta af þessum þremur hljómsveitum heitir Dengue Fever. Sveitin hefur gefið út plötur frá árinu 2003 en sú nýjasta, Venus on Earth, kom út fyrir stuttu. Dengue Fever blandar saman kambódísku poppi og vestrænu indíi og tekst nokkuð vel til. Öll lögin eru sungin á kambódísku og til þess að auka áhrifin er blandað saman nokkrum forvitnilegum hljóðfærum. Fyrir áhugasama má finna á MySpace-síðu sveitarinnar (myspace.com/denguefevermusic) nokkra áhugaverða tengla á heimasíður sem fjalla um einkar spennandi menjar kambódísks popps. Jafnframt er nýlega komin út heimildamyndin Sleepwalking Through the Mekong um ferð Dengue Fever um Mekong-svæðið.

Hinar tvær hljómsveitirnar eru reyndar ekki alveg eins austurasískar hvað tónlistina varðar og Dengue Fever þótt þær séu vissulega frá þessu svæði. Sú fyrri er Misha, dúett vinanna Ashley Yao og John Chao. Yao og Chao ólust upp saman á Formósu en hittust aftur, fimmtán árum seinna í New York, og byrjuðu að stinga saman nefjum og semja tónlist. Nýlega kom út skífan Teardrop Sweetheart og má þar finna margt verulega vænt.

Önnur sveit, Thao with The Get Down Stay Down, hefur hina þroskuðu en ungu Thao Nguyen í forsvari. Nguyen kemur frá Víetnam þó svo að tónlist hennar beri þess vart vott. Nýja plata hennar og The Get Down Stay Down, We Brave Bee Stings and All, kom út á dögunum á vegum Kill Rock Stars og hefur fengið fína dóma. Því er vonandi að þeir dómar og fyrrnefndar plötur með ofannefndum sveitum verði til þess að vegsemd Austur-Asíu verði jafnvel enn meiri innan indígeirans.

Reykjavíkurborg
Borgarskjalasafn Reykjavíkur
Tryggvagötu 15, 3. hæð

Safnanótt vetrarhátíðar
föstudag 8. febrúar 2008

Fyrirlestrar - ókeypis aðgangur
Safnið er opið frá kl. 19:00 til kl. 01:00.

20.00 Heilsufarslegir ávinningar kynlífs.
Jóna Ingibjörg Jónsdóttir, hjúkrunar- og kynfræðingur.

21.00 Um Rauðarárholt – þorp í landi Reykjavíkur.
Ómar Ragnarsson, fréttamaður:

22.00 Táknmál líkamans.
Arna Björk Gunnarsdóttir, leiðbeinandi hjá JCI.

23.00 Íslenskur raðmorðingi og útsendarar Evrópubandalagsins.
Ólafur Ásgeirsson, þjóðskjalavörður og sagnfræðingur.

24.00 BlazRoca – Erpur slammar og rappar.

Önnur fjölbreytt dagskrá, m.a. kvikmynd um Breiðavík frá 1963 og sýning um Laugaveg 4 og 6.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Kraumandi sköpunargleði Brooklyn-senunnar

**Fyrstu mánuðir ársins fara oft í að kynna til sögunnar þá nýliða sem þykja líklegastir til afreka á nýju ári. Hljómsveitir af Brooklyn-senunni eru áberandi í ár. Trausti Júlíusson skoðaði nokkrar þeirra og staldraði sérstaklega við hljómsveitina Vampire Weekend.**

Brooklyn hefur verið töluvert í tónlistarumræðunni síðustu ár. DFA-útgáfan hefur þar aðsetur og sveitir eins og TV on the Radio, Black Dice, Yeah Yeah Yeahs og LCD Soundsystem hafa haldið uppi merkjum umdæmisins. Nú er hins vegar komin fram ný og öflug Brooklyn sena sem einkennist af tilraunamennsku og kraumandi sköpunargleði. Þátttakendur þessarar nýju bylgju eiga það sameiginlegt að hafna rokkklúbba-senunni á Manhattan sem þeir segja vera dauðhreinsaða og fasta í úreltum klisjum. Margir tónleikar eru haldnir á óhefðbundnum tónleikastöðum, t.d. listgalleríum, matsölustöðum eða verksmiðjusölum.

**Skólafélagar úr Kólumbíuháskóla**

Meðal þeirra sveita sem mest er talað um þessa dagana eru sýruhausarnir í Yeasayer, soft-rokk rafpoppsnillingarnir í MGMT, Dirty Projectors sem er stórvirki Dave Longstreth, Íslands- og Airwavesvinirnir í Grizzly Bear, gítarhávaðasveitin A Place to Bury Strangers og svo menntamanna poppsveitin Vampire Weekend sem er nýbúin að senda frá sér sína fyrstu plötu samnefnda sveitinni.

Vampire Weekend er fjögurra manna sveit, skipuð Ezra Koenig söngvara og gítarleikara, Rostam Batmanglij hljómborðsleikara, Chris Baio bassaleikara og Chris Tomson trommuleikara. Sveitin var stofnuð árið 2006 þegar þeir voru allir við nám í Columbia-háskóla, en þó að sveitin hafi ekki verið stofnuð í Brooklyn þá er hún gjarnan talin til Brooklyn-senunnar. Ezra er frá Bed-Stuy hverfinu í Brooklyn og var um tíma herbergisfélagi fyrrnefnds Daves Longstreth úr Dirty Projectors og Vampire Weekend hefur líka mikið spilað í Brooklyn.

**Tær gítarhljómur afríkupoppsins**

Vampire Weekend vakti fyrst athygli á nokkrum tónlistarbloggsíðum, þ.á.m. Stereogum. Hún hafði sjálf gefið út einhverjar upptökur frá Columbiatímanum en gerði nú í haust samning við XL-plötufyrirtækið sem er eitt af framsæknustu og flottustu plötufyrirtækjum í dag eins og ég þreytist seint á að endurtaka og hefur á sínum snærum listamenn eins og White Stripes, M.I.A., Basement Jaxx, Dizzee Rascal, Devandra Banhart og Radiohead. Fyrsta plata Vampire Weekend kom út hjá XL í síðustu viku og hefur fengið frábæra dóma. Tónlistin er indípopp með áhrifum víða að, m.a. frá afrískri tónlist. Þetta er samt ekkert afró-beat (önnur Brooklyn-sveit sér um þá deild – Íslandsvinirnir í Antibalas – heldur eru áhrifin frá afrísku poppi, t.d. suðurafrísku soukous-poppi, Kongó-rúmbu og afríkuskotna poppinu hans Pauls Simon. Fyrsta lagið með Vampire Weekend sem vakti athygli var Cape Cod Kwassa Kwassa en byrjunin á því hljómar ekki ólíkt Egyptian Reggae með Jonathan Richman. Það sem Ezra segist m.a. sækja í afríska poppið er hreini og tæri gítarhljómurinn.

**Arkitektúr og greinarmerkjasetning**

David Byrne, fyrrum forsprakki Talking Heads, er mikill aðdáandi Vampire Weekend. Það sem Byrne og Ezra Koenig eiga m.a. sameiginlegt eru skemmtilegir textar. Fyrsta smáskífulag Vampire Weekend heitir Mansard Roof sem er fagheiti úr byggingalistasögunni yfir ákveðna gerð af húsþaki. Lagið Oxford Comma fjallar um greinarmerkjasetningu og víða má heyra skemmtilegar hendingar og tilvísanir sem sýna að meðlimir sveitarinnar eru ekkert feimnir við að láta hlustendur vita að þeir hafi gengið í skóla. Vampire Weekend er að mínu mati frábær plata. Ótrúlega fersk og skemmtileg og harðneitar að yfirgefa spilarann...



**VAMPIRE WEEKEND** Ein heitasta sveitin í dag spilar indí með áhrifum frá afrísku soukous-poppi

**SPENNANDI FRÁ BROOKLYN**

| | |
|---|---|
| A Place To Bury Strangers | LCD Soundsystem |
| Antibalas | MGMT |
| Black Dice | The Muggabears |
| Dirty Projectors | Vampire Weekend |
| Dragons of Synth | TV on the Radio |
| Effibriest | Yeasayer |
| Grizzly Bear | |

# Yfirlitstónleikar á DVD-disk

Tónlistarmaðurinn KK er að undirbúa tónleika sem hann vonast til að halda í Íslensku óperunni í maí. Verða þeir teknir upp og gefnir út á DVD-mynddiski síðar á árinu.

„Þetta er eitthvað sem mig hefur langað til að gera rosalega lengi, halda svona yfirlitstónleika og setja á DVD. Ég fann hjá mér einhverja knýjandi þörf til að gera þetta,“ segir Kristján Kristjánsson, KK. „Það verður ekkert til sparað en samt á ekkert að fara í eitthvað óþarfa dót eins og Sinfóníuhljómsveitina,“ segir hann og hlær. „Mig langar að fá fólk að utan sem var með mér þegar ég gerði Lucky One-plötuna og taka eitt „rythm and blues-session“ með hornum og svo „hillbillie-session“ með alvöru banjóleikara. Mig langar að gera þetta að skemmtilegu kvöldi.“

KK segist hafa valið Íslensku óperuna, eða Gamla bíó, vegna þess hversu vel hún hentaði fyrir myndræna þáttinn. „Þetta er glæsileg höll og skemmtileg,“ segir KK, sem hafði ekki áhuga á stórum tónleikum í Laugardalshöll. „Mér finnst hún of stór. Við myndum frekar halda fleiri tónleika í Gamla bíói.“ KK er einnig að undirbúa nýja sólóplötu sem kemur líklega út um svipað leyti og tónleikarnir verða haldnir. **- fb**


**KK** Tónlistarmaðurinn KK er að undirbúa tónleika sem hann ætlar að gefa út á DVD-mynddiski.



**FAGNA GÓÐU SAMSTARFI** Sigurður Halldórsson, Daníel Þorsteinsson og Marta Hrafnsdóttir.

# Aldarfjórðungur í samstarfi

Píanóleikarinn Daníel Þorsteinsson og sellóleikarinn Sigurður Halldórsson hafa leikið reglulega saman á tónleikum í 25 ár. Þeir hafa ákveðið að halda upp á áfangann með tónleikum í Norræna húsinu í dag kl. 12.15, en tónleikarnir eru liður í hátíðinni Myrkir músíkdagar.

Sigurður og Daníel léku einmitt fyrst saman á Myrkum músíkdögum árið 1983 og því verður að teljast við hæfi að farsælu samstarfi þeirra félaga sé fagnað á hátíðinni í ár. Á dagskrá þessara afmælistónleika er íslensk tónlist úr ýmsum áttum; leikin verða verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Úlfar Inga Haraldsson, Hjálmar H. Ragnarsson og Hafliða Hallgrímsson. Sérstakur gestur á tónleikunum verður Marta Hrafnsdóttir altsöngkona. - vþ

# Kræsilegt kvennapopp

**Tvöfalda safnplatan „Femin – 38 lög fyrir konur“ er komin í búðir. Á plötunni eru ballöður og popplög með flestum af vinsælustu tónlistarmönnum heimsins í gegnum tíðina, þar á meðal John Lennon, Norah Jones, Amy Winehouse, Michael Jackson og Katie Melua. Á meðal íslenskra flytjenda eru Ragnheiður Gröndal, Helgi Björnsson og Garðar Thór Cortes.**



**FEMIN** Safnplatan Femin er komin í búðir.

**Síðasta Femin-plata, sem kom út fyrir tveimur árum, seldist í tvö þúsund eintökum enda var hún full af gæðapoppi rétt eins og þessi nýjasta.**



**Á MÓTI SÓL** Hljómsveitin Á móti sól á vinsælasta lag landsins.

# Árin beint í efsta sæti

Árin, sem er fyrsta lag hljómsveitarinnar Á móti sól í rúmt ár, fór beint í efsta sæti lagalista Félags hljómplötuframleiðenda sína fyrstu viku á lista.

Á móti sól gaf síðast út nýtt efni á safnplötunni Á móti sól í 10 ár sem kom út í nóvember árið 2006. Auk vinsælustu laga sveitarinnar um árin var þar lagið Hvar sem ég fer, sem var afar vinsælt árið 2006. Á móti sól er að undirbúa sína áttundu plötu og er hún væntanleg fyrir jólin. Framundan hjá sveitinni er spilamennska um páskana á Selfossi, Eskifirði, Blönduósi og Akranesi.

# Tónleikar fyrir veikan félaga

Gítarleikarinn Hilmar Jensson er að undirbúa styrktartónleika fyrir samstarfsfélaga sinn og vin, saxófónleikarann Andrew D´Angelo, sem greindist með heilaæxli á dögunum. Liggur hann nú á spítala og bíður eftir því að komast í aðgerð.

„Aðgerðin er mjög dýr og eins og svo margir Bandaríkjamenn er hann án sjúkratryggingar, þannig að það getur verið talsvert erfitt að fjármagna þetta,“ segir Hilmar, sem vonast til að geta haldið tónleikana innan tveggja vikna. „Það verða allir að reyna að gera það sem þeir geta og á síðunni andrewdangelo.com er hægt að nálgast fréttir af hans ástandi. Þar verður líka hægt að leggja inn framlag og síðan eru í burðarliðnum styrktartónleikar í New York og Boston.“

Hilmar, sem er með Andrew í hljómsveitinni Tyft, kynntist honum þegar hann var við nám í Boston. „Þar kynntist ég honum, Jim Black og Chris Speed. Eftir að ég kláraði í Boston bjó ég í New York með þeim þremur og síðan höfum við unnið mjög náið saman,“ segir hann og bætir við að Andrew sé mikils virtur víða um heim. „Hann hefur verið í fremstu röð sinnar kynslóðar í þessari senu sem er yfirleitt kölluð New York Downtown-senan. Hún er oft kennd við tónlistarstaðina Knitting Factory og Tonic. Það var hópur sem var áberandi á þeim stöðum og hann tilheyrði honum.“

Hljómsveitin Tyft stefnir á að fara í tónleikaferð um Evrópu í maí nú í vor verði Andrew búinn að jafna sig fyrir þann tíma. - fb



**ANDREW D´ANGELO** Bandaríski saxófónleikarinn er á leiðinni í skurðaðgerð vegna heilaæxlis.



**HILMAR JENSSON** Hilmar er að undirbúa styrktartónleika fyrir Andrew D´Angelo.







**1.679** kr/kg. áður 2.798 kr/kg.
Goða ungnauta roast beef




**299** kr/kg. áður 399 kr/kg.
Daloon vorrúllur 3 tegundir




**483** kr/kg. áður 568 kr/kg.
Goða hamborgarar 2 x 175 gr.




**149** kr/stk. áður 252 kr/stk.
Drottningar og bláberjasultur




**199** kr/pk. áður 329 kr/pk.
Vilko pönnu og vöffluduft

H:N markaðssamskipti / SÍA    Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 7. febrúar til 10. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

# Frábærar kiljur í nettó !




**33% afsláttur**




**496** kr/kg. áður 740 kr/kg.
Ísfugl heill ferskur kjúklingur

**40% afsláttur**




**89** kr/pk. áður 149 kr/pk.
Stjörnu ostastjörnur og paprikustjörnur 90 gr.

**45% afsláttur**




**98** kr/pk. áður 179 kr/pk.
Nettó samlokubrauð

**25% afsláttur**




**359** kr/pk. áður 479 kr/pk.
Kristall sítrónu og hreinn 0,5 ltr. - kippa

nettó
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

> HIÐ LJÚFA LÍF

Matthew McConaughey kann að meta góðu hlutina í lífinu. „Ég hef lagt hart að mér til að geta átt mér þann lífsstíl og búið á þannig stað að ég þurfi hvorki að klæðast skyrtu né skóm,“ sagði leikarinn nýlega, en það telst nánast til tíðinda að hann sé ekki ber að ofan á myndum.



# Fólk

folk@frettabladid.is

## Faðir Spears óskar eftir lögregluaðstoð

Britney Spears yfirgaf geðdeild UCLA-læknastöðvarinnar á miðvikudag. Talið var að innlögn söngkonunnar yrði framlengd um tvær vikur, eftir að fyrstu 72 klukkustundirnar voru liðnar. Samkvæmt heimildum síðunnar tmz.com reyndist læknum þó ómögulegt að halda söngkonunni lengur, þar sem hún taldist ekki lengur vera hættuleg sjálfri sér eða öðrum.

Jamie Spears, faðir Britney, var skipaður lögráðamaður hennar 1. febrúar síðastliðinn. Á sama tíma úrskurðaði dómari einnig að Sam Lutfi, sem kallar sig umboðsmann Spears, sætti nálgunarbanni. Foreldrar Spears og Lutfi hafa átt í miklum útistöðum síðustu daga, þar sem þau hafa afar skiptar skoðanir á því hvað Britney sé fyrir bestu. Hélt móðir Britney, Lynne, því meðal annars fram að Lutfi hefði gefið Britney annarleg lyf.

Foreldrar Spears eru ósáttir við að hún sé aftur komin á rúntinn um Los Angeles. „Sem foreldrar fullvaxins barns sem glímir nú við geðræn vandamál vorum við afar vonsvikin að frétta að dóttur okkar, Britney, hefði verið sleppt af sjúkrahúsinu sem var best í stakk búið til að hlú að henni og tryggja öryggi hennar, og það gegn vilja sálfræðings hennar. Við höfum miklar áhyggjur af öryggi dóttur okkar og teljum að líf hennar sé í hættu,“ segir í tilkynningu frá þeim. Þau fara þar einnig fram á að úrskurði dómarans, hvað varðar lögræði Spears, verði fylgt.

Samkvæmt heimildum vefsíðunnar Tmz.com hyggst faðir Spears mæta fyrir rétt í dag og fara fram á að lögregla aðstoði hann við að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem hann tekur sem lögráðamaður Britney. Það mun ekki vera óalgengt í málum með þessu sniði. Perezhilton.com heldur því einnig fram að Jamie Spears hyggist flytja inn til dóttur sinnar til að geta fylgst með henni.



**FRJÁLS FERÐA SINNA** Britney Spears var sleppt af geðdeild á miðvikudag, en faðir hennar er enn skipaður lögráðamaður hennar.



**ENGIN KEPPNI Í ÁR** Freestyle-keppni Tónabæjar hefur notið mikilla vinsælda á þeim 27 árum sem hún hefur verið haldin, en ekki var næg þátttaka í ár og var keppninni aflýst.

## Freestyle-keppni aflýst

Freestyle-keppni Tónabæjar, sem átti að fara fram í dag, hefur verið aflýst sökum lélegrar þátttöku. „Okkur brá svolítið við þetta. Keppnin hefur verið haldin í tuttugu og sjö ár, og það er alveg nýtt af nálinni að það sé ekki næg skráning,“ segir Inga Maren Rúnarsdóttir, einn skipuleggjenda keppninnar. Einungis fjórir einstaklingar og fjórir hópar skráðu sig til leiks í ár.

„Við fórum að skoða mögulegar ástæður fyrir þessu, og sáum að fyrir nokkrum árum var 10-12 ára flokkurinn í keppninni lagður niður. Síðan hefur keppnin bara verið fyrir áttunda, níunda og tíunda bekk,“ útskýrir Inga, en hana grunar að sú ákvörðun hafi haft einhver áhrif, þar sem dansarar á keppnisaldri í dag hafi ekki alist upp við freestyle-keppnina.

Inga Maren segir aðstandendur keppninnar þó líta á björtu hliðarnar og að þau hyggi nú á breytingar á formi hennar. „Í ár hélt ég til dæmis danssmiðju fyrir krakkana sem varð mjög vinsæl, og við munum byggja meira á því. Þá verður töluvert stærri umgjörð í kringum þetta. Tónabæ hefur langað að breyta keppninni undanfarin ár, og ég var fengin inn til að sjá um það. Það virðist bara hafa verið of seint til að ná í yngri deildina,“ segir Inga Maren. „Nú leggjumst við bara undir feld og svo kemur í ljós með hvaða sniði keppnin verður að ári,“ bætir hún við.

Þeir sem þegar höfðu skráð sig til leiks fá þó eitthvað fyrir sinn snúð, þó að ekki verði af keppninni sjálfri. - sun





**HIPPAR Á SVIÐI BORGARLEIKHÚSSINS**

Kvikmyndin Tillsammans, eftir Lukas Moodysson, fjallar um lífið í sænskri kommúnu á áttunda áratugnum. Þó að söguþráðurinn hafi tekið einhverjum breytingum í meðförum Gísla Arnar og leikhópsins er þó óhætt að lofa því að hippaandinn muni svífa yfir vötnum í Borgarleikhúsinu þegar að frumsýningu kemur, eins og hann gerði þegar æfingar á verkinu hófust í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fjölþjóðlegur gamanleikur

**Æfingar á leikritinu Tillsammans, eftir samnefndri kvikmynd Lukas Moodysson, eru hafnar í Borgarleikhúsinu. Fjölþjóðlegur leikhópur Gísla Arnar Garðarssonar steig þar á svið í fyrsta skipti í gær.**

Mexíkóska stórstjarnan Gael García Bernal er á meðal leikara í verkinu, en rætt verður við hann í helgarblaði Fréttablaðsins á sunnudag. Þjóðverjinn Daniel Brühl, sem er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt í myndinni Good Bye Lenin!, fer einnig með hlutverk í sýningunni, ásamt spænsku leikkonunni Elenu Anaya og hinni frönsku Joana Preiss. Atli Rafn Sigurðarson, Rúnar Freyr Gíslason, Nína Dögg Filippusdóttir og Árni Pétur Guðjónsson mynda íslenskan hluta leikhópsins.




## Erpur slammar í skjalasafninu

„Ég er náttúrlega langsamlega fyrstur til að slamma á Íslandi. Hef gert það langlengst allra hér,“ segir Erpur Eyvindarson tónlistarmaður með meiru.

Hann ætlar að slamma, eins og það heitir, á Borgarskjalasafninu í Tryggvagötu af öllum stöðum í kvöld á miðnætti. Þá er bara spurningin: Hvað er þetta að slamma?

„Já, í mjög einföldu máli er það þegar bilið milli rapps og ljóðalesturs er brúað. Það besta af hvorutveggja. Rappið þarf að flæða, vera í takti, þarf að vera kraftmikið... fullt af reglum sem rappið þarf að lúta en venjulegt ljóð þarf ekki að hlíta neinu,“ segir rapparinn.

Aðspurður hvort hann ætli þá að fara með Bólu-Hjálmar eða Stein Steinarr og undir nötrar rapptónlistin segir Erpur svo ekki vera. Allt er þetta frumsamið sem hann flytur. „Ég er voðalega lítið í cover-bransanum.“

Erpur útskýrir jafnframt að „slammið“ eigi rætur að rekja til bítnikkanna og djassskáldanna. „Guðfaðir slammsins er Gil Scott-Heron. Hann var náttúrlega með á nótunum hvað bítnikkarnir voru að gera. Hans þekktasta dót er „Revolution will not be Televised“. Margvitnað í það af slammliðinu, til dæmis af Söruh Jones sem endurgerði ljóðið hans en þá undir formerkjum femínismans. Hljómar það: „Revolution will not happen between these thighs.“ Og var þá að vísa til þessarar áráttu rappara að syngja helst bara um píkur og tippi.“

Það var og. Erpur ætlar einnig að bjóða upp á tónlist, segist ætla að spila nýtt dót og klassík. Hvurnig sem hann svo skilgreinir klassík.

Af Erpi er það svo annað að frétta að hann vinnur nú að sólóplötu sinni en er að öðru leyti fastur í Laugardagslögunum þar sem hann blómstrar sem álitsgjafi í Eurovision. Og þá er hann byrjaður að æfa box af krafti.

„Já, en þetta er fitnessbox. Ég hef ekki áhuga á að berja neinn.“ - jbg



**ERPUR** Er voðalega lítið í cover-bransanum og flytur eigin ljóð við nötrandi rapptónlist.


TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 7.-10. febrúar afnemum við virðisaukaskatt af snyrtivörumerkjum.
Fríhafnardagar um helgina
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. febrúar 2008.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| RAMBO | kl. 6.15, 8 og 10-P | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLUMPÍULEIKUNUM | kl. 4 og 5.30 | L |
| ATONEMENT | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 8 og 10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MEET THE SPARTANS | kl. 4 - 6 - 8 -10 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.30 - 5.40 | |
| WALK HARD | kl. 6 - 8 -10 | 14 |
| CLOVERFIELD | kl. 8 -10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 8 -10 | |
| WALK HARD | kl. 6 - 8 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 10.10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 8 - 10.10 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| RAMBO | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 - 8 | |
| ATONEMENT | kl. 6 - 9 | 12 |
| CHARLIE WILSONS WAR | kl. 10.30 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| RAMBO | kl. 8 - 10* | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 6 | |
| ATONEMENT | kl. 5.50 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |

* Kraftsýning — AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 5:50 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 3:30 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 10:30 | 12 |
| TÖFRAPRINSESSAN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN M/- ÍSL TAL | kl. 3:30 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 10:10 | 12 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 | 16 |
| CLOVERFIELD | kl. 10:10 | 16 |
| ALVIN OG ÍKOR... ÍSL TALI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NO COUNTRY ... | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 8D | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 10:30 | 16 |
| THE GAME PLAN | kl. 3:30 - 5:40 | L |
| TÖFRAPRINSESSAN ÍSL TAL | kl. 3:20 | L |
| BÝFLUGUMYNDIN ÍSL TAL | kl. 3:40D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NO COUNTRY ... | kl. 8 - 10:20 -12:30 | 16 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 8 | 7 |
| MIST (MIÐNÆTUR POWER SÝN.) | kl. 12 | 16 |
| SWEENEY TODD | kl. 6 - 10 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 - 10:30 | L |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8 | 12 |
| CLOVERFIELD | kl. 10:30 | 14 |
| THE GAME PLAN | kl. 5:50 | L |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5:50 | 7 |


# Enn græðir Madonna



ÞARF EKKI AÐ KVÍÐA ELLINNI Madonna er ríkust.

Madonna er ríkasta tónlistarkona heims samkvæmt nýlegum lista Forbes-tímaritsins. Barbara Streisand er næstríkust, Celine Dion í þriðja sæti, en Britney Spears greyið nær 14. sæti. Enn hrúgast að reikninga Madonnu því hún gerði nýlega tíu milljóna dala auglýsingasamning við hárvöruframleiðandann Sunsilk. Madonna þurfti ekki að hreyfa litla putta við gerð hálfrar mínútu auglýsingar Sunsilk sem frumsýnd var á Super Bowl leiknum 3. febrúar því notaðar voru gamlar myndir af henni, söngkonunni Shakiru og Marilyn heitinni Monroe. Einnig var lag Madonnu, Ray of light, notað í auglýsingunni. Shakira fékk „bara“ 2,5 milljónir dala fyrir sitt framlag enda er hún bara fjórða ríkasta tónlistarkona heims samkvæmt Forbes. Þess má geta að Björk komst ekki á listann, enda bara þær tuttugu ríkustu taldar upp.



**MIKLAR VÆNTINGAR** Shane Sparks vonast til þess að íslenskir dansarar komi honum skemmtilega á óvart, og hefur fulla trú á velgengni íslensks So You Think You Can Dance-þáttar. NORICPHOTOS/GETTY



**VILL HJÁLPA TIL** Dan Karaty líst vel á íslenskan dansþátt og vonast til að geta lagt hönd á plóginn í einhverju formi. Svo getur farið að hann semji dansrútínur fyrir íslenska keppendur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hafa trú á Íslendingum

**Danshöfundarnir Shane Sparks og Dan Karaty, úr So You Think You Can Dance, koma hingað til lands um næstu helgi og kenna það nýjasta í hip-hoppi. Þeir hafa báðir mikla trú á getu íslenskra dansara.**

Dan Karaty snýr nú aftur til landsins á vegum DanceCenter Reykjavík, en hann hélt dansnámskeið hér á landi í fyrrasumar. Hann segir íslenska dansara hafa komið sér á óvart. „Ég var mjög hrifinn, mér fannst þeir vera mjög góðir,“ segir Dan, sem segist ekki hafa vitað hverju hann ætti von á. „Sumir af nemendunum á síðasta námskeiði voru hip-hopp dansarar, en það komu líka mjög margir sem hafa bakgrunn í ballett og djassballett. Þau áttu samt ekki í neinum erfiðleikum með hip-hoppið og stóðu sig mjög vel. Mér sýnist dansstarfið á Íslandi vera öflugt,“ bætir hann við.

Shane Sparks kemur til landsins í fyrsta skipti og kveðst ekki vita hverju hann eigi við að búast. „Áður en Dan hringdi í mig vissi ég ekkert um Ísland, þó að ég hefði heyrt á það minnst. Ég gat ekki ímyndað mér að það væri einhver dansmenning þar,“ segir hann og hlær við. Shane tekur þó í sama streng og kollegi hans og kveðst búast við miklu af Íslendingum. „Það er yfirleitt þannig að borgin, bærinn eða landið sem maður býst ekki við neinu af er gjörsamlega frábært, svo ég er tilbúinn til að láta koma mér á óvart,“ segir hann.

## Fjölbreytni mikilvæg

Shane segir það afar mikilvægt fyrir dansara að fá að vinna með góðum danshöfundum og kennurum. „Ég ólst upp í Cincinnati í Ohio. Ég veit að ef einhver sem ég dáðist að hefði komið til að kenna mér að dansa, eða bara tala um dans, hefði ég verið ótrúlega ánægður,“ segir Shane, sem ólst upp við svokallaðan street-dans, eða götudans. Hann segist ekki hafa metið önnur form dansins mikils þar til hann gekk til liðs við aðstandendur So You Think You Can Dance. „Þá áttaði ég mig á því að allir ættu að verja tíma í að læra mismunandi dansstíla, og hversu fallegir þeir eru allir,“ segir Shane, sem telur þó mikilvægt að dansarar haldi í eigin, upprunalegan stíl. „Maður á að læra nógu mikið af öðru til að geta bætt því inn í það sem maður kann, en ekki svo að það breyti manni sem dansara,“ segir hann.

## Fólksfjöldi engin fyrirstaða

Shane kveðst hafa fulla trú á því að þáttur í anda So You Think You Can Dance gangi vel hér á landi, þrátt fyrir takmarkaðan fólksfjölda. „Það er kannski erfitt að halda honum gangandi í mörg ár, en svo getur líka vel verið að fyrsta þáttaröðin verði til þess að fleiri fari að dansa,“ segir Shane. Aðstandendur bandarísku þáttanna munu koma að gerð íslensku útgáfunnar, en Shane kveðst ekki viss um að hann geti tekið þátt í því. „Ég er núna með þátt sem heitir America's Best Dance Crew, með Randy Jackson úr American Idol. Ég get ekki tekið þátt í öðrum verkefnum á meðan, en ef hann klárast áður en ykkar þáttur fer af stað gæti verið að ég gæti komið að honum. Ég vona það,“ segir hann. Dan Karaty tekur í sama streng. „Mér leist vel á hugmyndirnar hjá framleiðendunum, sem ég fundaði með síðast þegar ég var á landinu. Ég vonast til að geta gert eitthvað, sama hvort það verður með því að semja dansa, dæma eða annað,“ segir Shane.

sunna@frettabladid.is

# Bítlagúrúið Yogi deyr 91 árs

Indverski gúrúinn Maharishi Mahesh Yogi, sem kynnti Bítlana og fleiri stjörnur fyrir fornum hindúa-hugleiðsluaðferðum, er látinn, 91 árs gamall. Lést hann í svefni í glæsivillu sinni í Hollandi.

Maharishi kynnti Vesturlandabúa fyrir hugleiðsluaðferð sínum árið 1959 með því markmiði að hver einstaklingur fengi innri frið og yrði upplýstari manneskja. „Ekki reyna að berjast við myrkrið. Komið með ljósið inn og þá hverfur myrkrið,“ sagði Maharishi í viðtali árið 2006. Hann varð heimsfrægur þegar Bítlarnir heimsóttu hann til Indlands en þeir voru á endanum reknir í burtu fyrir að reykja hass í hofi hans.

Talið er að allt að fimm milljónir manna hafi notað hugleiðsluaðferðir hans og borgað fyrir það góðan pening. Í framhaldinu byggði Maharashi upp fjölda hugleiðslusetra víðs vegar um heiminn, auk þess sem hann stóð fyrir stofnun nokkurra háskóla.



**MAHARISHI** Indverski gúrúinn Maharishi Mahesh Yogi situr á milli Bítlanna George Harrison og John Lennon. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**DMX KREW** DMX spilar á tvennum tónleikum hérlendis í næstu viku.

# DMX Krew með tónleika

**Danstónlistarmaðurinn DMX Krew spilar á tvennum tónleikum hérlendis dagana 15. og 16. febrúar í tilefni af tíu ára afmæli Hr. Örlygs. Fyrri tónleikarnir verða á Organ og hinir síðari verða á Sjallanum á Akureyri.**

**DMX, sem er á mála hjá útgáfufyrirtæki Aphex Twin, Rephlex, kom hingað fyrst fyrir um tíu árum og spilaði þá á eftirminnilegu klúbbakvöldi á skemmtistaðnum Café Thomsen. Á tónleikunum sem eru fram undan spila með honum Terror-disco og 90´s-drottningin Ki Ki Ow. Forsala miða er hafin á midi.is þar sem miðaverð er 1.000 krónur.**

# Barnvænt Euroband

Eurobandið leggur land undir fót um helgina og heldur til Akureyrar, þar sem það býður til barnaballs í Vélsmiðjunni. „Við hvetjum allar Silvíur Nætur og Eika Hauks á Akureyri til að mæta. Krakkarnir eru rosalega vel með á nótunum þegar kemur að Eurovision og syngja hástöfum með,“ segir Friðrik Ómar, sem er framvörður sveitarinnar ásamt Regínu Ósk.

Eurobandið hefur vakið athygli út fyrir landsteinana fyrir að spila eingöngu Eurovisionlög, og eru nokkur böll í Skandinavíu á dagskrá sveitarinnar fyrir árið.

Aðgangur á barnaballið er ókeypis, en síðar um kvöldið mun Eurobandið leika fyrir dansi fullorðna fólksins fram á nótt.



**BJÓÐA BÖRNUM Í DANS** Eurobandið spilar á Akureyri um helgina og heldur sérstakt barnaball.

# Ættingjar höfða mál

Rúmum fjórum árum eftir dauða gamanleikarans Johns Ritter hafa ættingjar hans ákveðið að höfða mál gegn læknunum sem meðhöndluðu hann. Telja ættingjarnir að Ritter hefði lifað ef læknarnir tveir hefðu komið auga á hjartagalla hans í stað þess að telja að hann hefði fengið hjartaáfall.

Samkvæmt málshöfðuninni juku viðbrögð læknanna líkurnar á að Ritter myndi deyja í stað þess að draga úr þeim. Lögfræðingar læknanna segja að hjartagalli sem Ritter hafði líki eftir hjartaáfalli og því hafi þeir ekki gert neitt rangt.

Ekkja Ritters og fjögur börn hans hafa þegar fengið um 900 milljónir í skaðabætur vegna dauða leikarans, þar á meðal frá sjúkrahúsinu þar sem hann lá.






## > Gunnar kominn til baka

Körfuknattleikskappinn Gunnar Einarsson lék með Keflavík á nýjan leik gegn ÍR í gærkvöldi. Gunnar hefur ekkert æft með Keflavík síðustu daga og alls kyns orðrómur var uppi um ástæður þess að hann væri ekki lengur að æfa. Flestar sögusagnirnar virðast hafa verið byggðar á sandi því Gunnar virðist eingöngu hafa tekið sér stutta hvíld eins og Keflvíkingar héldu fram allan tímann.



# sport

sport@frettabladid.is

**AÐALSTEINN EYJÓLFSSON ÞJÁLFARI:** STÝRIR LOKS STJÖRNUNNI GEGN VAL Í KVÖLD EFTIR AÐ HAFA AFPLÁNAÐ BANN

## *Gríðarlega mikilvægur leikur fyrir bæði liðin*



Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar í N1-deild kvenna, hefur nú afplánað tæplega tveggja mánaða bann sem hann var dæmdur í af aganefnd HSÍ eftir ummæli sem hann lét falla í fjölmiðlum eftir leik Stjörnunnar og Fram hinn 6. desember síðastliðinn. Aðalsteinn verður því í eldlínunni á ný þegar Stjarnan heimsækir Val í gríðarlega mikilvægum leik í toppbaráttu N-1 deildarinnar í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda kl. 20.15 í kvöld.

„Ég er mjög spenntur að koma til baka og þetta verður hörkuleikur á milli tveggja góðra liða og vonandi verðum við betra liðið. Þessi leikur er gríðarlega mikilvægur þar sem bæði liðin vita að liðið sem vinnur leikinn nálgast Fram-liðið, sem er vitanlega í bílstjórasætinu eins og er," sagði Aðalsteinn sem kvað bannið hafa verið erfitt að eiga við.

„Ég hafði aldrei misst úr leik áður, þannig að þetta er ekki búinn að vera auðveldur tími. Það er ef til vill dálítið erfitt að lýsa þessu fyrir þeim sem þekkja ekki þessa tilfinningu, en þetta er kannski eins og að horfa á árekstur gerast á 10 km hraða og geta ekkert gert til að stoppa hann," sagði Aðalsteinn sem er búinn að vera ánægður með gengi Stjörnustúlknanna í fjarveru sinni.

„Ragnar Hermannsson hefur verið að leysa mig af undanfarið og er búinn að gera mjög góða hluti og það er alveg spurning hvort að ég eigi yfirhöfuð nokkuð að fara aftur á bekkinn," sagði Aðalsteinn í léttum dúr en hann getur þó ekki neitað því að vera enn pirraður yfir banninu.

„Þetta er náttúrlega lengsta bann í máli af þessari tegund þannig að ég kærði úrskurðinn til dómstóls HSÍ sem úrskurðaði að taka ætti fyrir efnislega meðferð málsins þar sem ákveðnir vankantar hefðu verið á. Áfrýjunardómstóll vísaði málinu hins vegar frá og ályktaði að meðferð málsins hefði verið eðlileg. Ég er ekki búinn að ákveða hvað ég geri í framhaldinu þar sem ég er búinn að afplána mitt bann, en er að velta fyrir mér hvort ég eigi að fara með málið fyrir Alþjóðlega íþróttadómstólinn eða jafnvel almennan dómstól," sagði Aðalsteinn að lokum.



**ÞAÐ KEMUR HRINGUR** Shaq er farinn að lofa meistarahring í Phoenix en hann á sjálfur þrjá slíka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Shaq fór til Phoenix Suns:

## Shaq lofar titli

**KÖRFUBOLTI** Það fór allt á annan endann í NBA-deildinni þegar spurðist út að Shaquille O´Neal væri farinn til Phoenix Suns fyrir þá Shawn Marion og Marcus Banks. Shaq var himinlifandi með flutninginn enda kominn í eitt besta lið deildarinnar sem mun keppa um titilinn.

„Ég vil gera aðra leikmenn í kringum mig betri. Ég hef trú á því að ég hafi það sem þarf til að koma þessu liði alla leið," sagði Shaq en hann brosti allan hringinn er áhorfendur í Phoenix tóku vel á móti honum.

Skiptin komu gjörsamlega öllum í opna skjöldu og ekki síst leikmönnum Phoenix.

„Þessir síðustu 24 tímar hafa verið lyginni líkastir og maður fer í gegnum mikinn tilfinningarússibana," sagði Steve Nash, stórstjarna Suns. - hbg

Enska úrvalsdeildin:

## Aukaleikir leiknir erlendis?

**FÓTBOLTI** Stjórn ensku úrvalsdeildarinnar í fótbolta hefur ákveðið að skoða nánar möguleikann á að lengja tímabilið úr 38 umferðum í 39 umferðir og myndu þessar tíu aukaleikir verða leiknir utan Englands. Samkvæmt heimildum BBC Sport munu forráðamenn allra tuttugu liðanna í úrvalsdeildinni hafa samþykkt að skoða þennan möguleika nánar í gær.

Talið er að þessir tíu aukaleikir verði ákvarðaðir með drætti þar sem fimm efstu liðin geti ekki mæst innbyrðis en leikvellir verði svo ákveðnir eftir því hvaða borgir bjóði mest og best. Tillagan er vitanlega enn á umræðustigi og ekki þykir líklegt að eitthvað verði ákveðið að fullu fyrir lok deildarinnar í maí, en talið er að mögulegar breytingar gætu tekið gildi tímabilið 2010-2011. - óþ

N1 DEILD KVENNA
Föstudagur 8. febrúar
Valur - Stjarnan
Vodafone höllinni 20.15

# Valsmenn hafa ekki sagt sitt síðasta orð í deildinni

Íslandsmeistarar Vals halda áfram að hleypa Íslandsmótinu í háaloft en eins marks sigur þeirra á Stjörnunni, 27-28, í gær kemur þeim í baráttuna á fullu.

**HANDBOLTI** Valur vann Stjörnuna 27-28 í toppbaráttuleik N1-deildar karla í Mýrinni í gærkvöld. Leikurinn var í járnum framan af þar sem liðin skiptust á að skora og staðan var jöfn 5-5 eftir tíu mínútur.

Þá small allt í einu vörn og markvarsla hjá Valsmönnum og þeir keyrðu yfir Stjörnumenn með vel útfærðum hraðaupphlaupum þar sem Baldvin Þorsteinsson fór á kostum. Valur náði mest fjögurra marka forystu, í stöðunni 8-12, en hélt svo tveggja til þriggja marka mun út megnið af hálfleiknum og staðan var 14-16 fyrir Val í hálfleik.

Stjörnumenn komu grimmir til leiks í síðari hálfleik og náðu að jafna leikinn 18-18 í fyrsta skipti síðan í stöðunni 5-5. Valsmenn voru þó fljótir að koma sér í bílstjórasætið á ný með fjórum mörkum í röð. Stjörnumenn héldu eltingarleiknum áfram og náðu að minnka muninn niður í eitt mark á lokakaflanum 26-27 en Fannar Þór Friðgeirsson innsiglaði sigur Valsmanna með marki þegar 30 sekúndur voru eftir af leiknum. Stjörnumenn skoruðu síðasta markið en það dugði skammt og Valur vann góðan sigur 27-28.

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var afar sáttur með sína menn. „Mér fannst við ferskari í kvöld en við höfum verið og vörnin og Pálmar í markinu voru að skila góðri vinnu og ég er stoltur af mínu liði. Við vorum að keyra góð hraðaupphlaup en ég vil fá meira af því að við tökum hraða miðju þar sem við erum með hraða stráka. Þetta snýst um sjálfstraust og nú erum við komnir að fullu í toppbaráttuna með tveimur góðum sigrum í síðustu leikjum," sagði Óskar ánægður.



**VARNARMÚR** Valsmaðurinn Sigfús Páll Sigfússon reynir hér að brjótast í gegnum þennan varnarmúr Stjörnumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristján Halldórsson, þjálfari Stjörnunnar, var ekki eins kátur. „Við vorum bara ekki nógu einbeittir og menn hafa bara haldið að þetta væri eitthvað sjálfgefið eftir góðan sigur í síðasta leik. Það eru nóg af stigum eftir í baráttunni en við verðum að bæta okkar leik ef við ætlum okkur eitthvað, það er alveg ljóst," sagði Kristján.

omar@frettabladid.is

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *N1-deild karla í handbolta*

**Stjarnan-Valur** **27-28 (14-16)**

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Volodymyr Kysil 6 (6), Vilhjálmur Ingi Halldórsson 5 (7/1), Ólafur Víðir Ólafsson 5 (9/1), Patrekur Jóhannesson 3 (4), Heimir Örn Árnason 3/2 (7/3), Kristján S. Kristjánsson 2 (4).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 17/1 (43/5), 40%, Styrmir Sigurðsson 1/1 (3/2), 33%.

**Fiskuð víti:** 6 (Heimir Örn 2, Ólafur Víðir 2, Volodymyr, Kristján).

**Hraðaupphlaup:** 4 (Volodymyr 2, Vilhjálmur, Patrekur).

**Utan vallar:** 4 mínútur.

**Mörk Vals (skot):** Baldvin Þorsteinsson 7/3 (10/4), Arnór Þór Gunnarsson 6/3 (11/4), Kristján Þór Karlsson 3 (4), Ernir Hrafn Arnarson 3 (6), Sigurður Eggertsson 3 (8), Ingvar Árnason 2 (2), Elvar Friðriksson 2 (4), Fannar Þór Friðgeirsson 1 (3), Sigfús Páll Sigfússon 1 (3).

**Varin skot:** Pálmar Pétursson 20/2 (47/6), 43%.

**Fiskuð víti:** 8 (Sigfús Páll 5, Sigurður, Ingvar, Ernir).

**Hraðaupphlaup:** 8 (Baldvin 4, Arnór Þór 2, Sigurður, Kristján).

**Utan vallar:** 8 mínútur.

### *Iceland Express deild karla*

**Njarðvík-KR** **97-106**

**Fjölnir-Skallagrímur** **66-79**

**Stig Fjölnis:** Sean Knitter 27 (13 frák.), Anthony Drejaj 10, Pete Strobl 9, Kristinn Jónasson 6, Níels Páll Dungal 4, Helgi Hrafn Þorláksson 4, Árni Þór Jónsson 2, Tryggvi Pálsson 2, Hjalti Þór Vilhjálmsson 2

**Stig Skallagríms:** Milojica Zekovic 30, Darrell Flake 23 (16 frák.), Alan Fall 14 (11 stoðs., 10 frák.), Florian Miftari 11, Hafþór Ingi Gunnarsson 2, Pétur Már Sigurðsson 1.

**ÍR-Keflavík** **77-88**

**Stig ÍR:** Sveinbjörn Claessen 17, Hreggviður Magnússon 15, Nate Brown 13 , Ómar Sævarsson 11, Tahirou Sani 11, Steinar Arason 7, Eiríkur Önundarson 3

**Stig Keflavíkur:** Bobby Walker 20, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 18, Tommy Johnson 13, Arnar Freyr Jónsson 10, Anthony Susnjara 10, Þröstur Jóhannsson 4, Jón Norðdal Hafsteinsson 4, Magnús Þór Gunnarsson 4, Vilhjálmur Steinarsson , Gunnar Einarsson 2.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. Keflavík | 16 | 14 | 2 | 1479:1316 | 28 |
| **2. KR** | **16** | **13** | **3** | **1461:1360** | **26** |
| 3. Grindavík | 15 | 11 | 4 | 1372:1312 | 22 |
| **4. Skallagrímur** | **16** | **10** | **6** | **1342:1309** | **20** |
| 5. Njarðvík | 16 | 9 | 7 | 1416:1292 | 18 |
| **6. Snæfell** | **15** | **7** | **8** | **1292:1263** | **14** |
| 7. ÍR | 16 | 6 | 10 | 1349:1386 | 12 |
| **8. Tindastóll** | **15** | **6** | **9** | **1312:1366** | **12** |
| 9. Stjarnan | 15 | 5 | 10 | 1232:1299 | 10 |
| **10. Þór A.** | **15** | **5** | **10** | **1288:1449** | **10** |
| 11. Fjölnir | 16 | 4 | 12 | 1261:1379 | 8 |
| **12. Hamar** | **15** | **3** | **12** | **1126:1199** | **6** |

Keflavík heldur toppsætinu í Iceland Express-deild karla og KR lagði Njarðvík í Ljónagryfjunni:

# Ótrúlegur baráttusigur hjá KR í Njarðvík

**KÖRFUBOLTI** Fimm leikir áttu að fara fram í Iceland Express-deild karla í gær en tveim var frestað vegna veðurs. Keflavík heldur toppsætinu eftir sigur á ÍR og Skallagrímur kom fram hefndum gegn Fjölni í Grafarvogi. Svo voru mikil átök er KR sótti sigur í Ljónagryfjuna.

Njarðvíkingar voru mjög daprir gegn Snæfell á dögunum en það var allt annað upp á teningnum í gær þegar þeir byrjuðu leikinn á móti KR af gríðarlegum krafti. Þeir spiluðu fyrri hálfleikinn hreint frábærlega og leiddu með fimmtán stigum í leikhléi, 61-46.

Íslandsmeistararnir tóku heldur betur við sér í þriðja leikhluta sem þeir áttu með húð og hári. Þeir söxuðu jafnt og þétt á forskot Njarðvíkinga og komust loks yfir, 78-79, er nokkrar sekúndur voru eftir af þriðja leikhluta.

Allur meðbyr var með KR-ingum á meðan Njarðvíkurliðið hreinlega molnaði í sundur. KR náði fljótt frumkvæðinu í fjórða leikhluta,



**BARÁTTA** KR-ingurinn Helgi Már Magnússon tekur hér á Brenton Birmingham. MYND/VÍKURFRÉTTIR

var mikið grimmara í öllum aðgerðum og vann að lokum sanngjarnan baráttusigur, 97-106. Skallagrímsmenn komu fram hefndum gegn Fjölnismönnum og unnu sannfærandi 13 stiga sigur, 66-79, í Grafarvogi í gær. Skallagrímur var með forskotið allan tímann en Fjölnisliðið var þó allan tímann inn í leiknum þrátt fyrir allt annað en sannfærandi frammistöðu.

Milojica Zekovic kom með 30 stig inn af bekknum og Alan Fall náði þrefaldri tvennu. Flake var með 21 stig og 16 fráköst og lék vel þegar hann kom aftur inn í leikinn í lokin. Sean Knitter var í sérflokki hjá Fjölni en miklu munaði um að Anthony Drejaj fann sig ekki og klikkaði á 11 af 14 skotum sínum.

Keflvíkingar unnu 11 stiga sigur í Seljaskóla, 77-88, eftir að hafa lent átta stigum undir í öðrum leikhluta. Keflavík svaraði með því að vinna næstu 20 mínútur 53-26 og komast í 54-73 og eftir það var ljóst hvernig leikurinn færi. Með sigrinum halda Keflvíkinga tveggja stiga forskoti á toppnum. - hbg / - óój


AFMÆLIS
4 ÁRA
TILBOÐ
VIÐ ERUM OG VERÐUM ALLTAF ÓDÝRARI!!
FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ Í TILEFNI 4 ÁRA AFMÆLIS att.is ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!
ATT AFMÆLISPAKKI
• Intel Core2Duo E6550 - 4MB
• 2GB Dual DDR2 667MHz
• 500GB WD SATA2 - 16MB
• 512MB Geforce 8600GT
• 22" Acer skjár, 5ms DVI
• Windows Vista Home Premium
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
99.950
UPPFÆRSLA A
• AMD Sempron64 3600+
• MSI K9N6SGM-V AM2
• 1GB DDR2 667MHz
• 256MB Geforce 6100
12.950
UPPFÆRSLA B
• Intel Core 2 Duo E2180
• MSI P6NGM-FD S775
• 2GB Dual DDR2 667MHz
• Geforce 7100 skjást.
19.950
TURNUPPFÆRSLA 1
• AMD Sempron64 3600+
• 2GB Dual DDR2 667MHz
• 160GB SATAII WD - 8MB
• 512MB ATI Radeon X1250
29.950
TURNUPPFÆRSLA 3
• AMD X2 DualCore 6000+
• 2GB Dual DDR2 667MHz
• 500GB SATAII WD - 16MB
• 256MB GeForce 8600GT
69.950
INTEL TÖLVA 1
• 2.0GHz Intel Core2Duo E2180
• 1GB DDR2 667MHz
• 160GB SATAII WD - 8MB
• 256MB Geforce 7100
49.950
INTEL TÖLVA 5
• 2.4GHz Intel Core 2 Quad Q6600
• 2GB Dual DDR2 800MHz
• 750GB SATAII WD - 16MB
• 512MB Geforce NX8800GT
123.950
INTEL TÖLVUPAKKI 4
• Intel Core2Quad Q6600
• 2GB Dual DDR2 800MHz
• 500GB WD SATA2 - 16MB
• 512MB Geforce 8800GT
• 22" Acer skjár, 5ms DVI
• Windows Vista Home Premium
@tt.is Allt tölvutengt á betra verði
147.950
AMD TÖLVA 2
• Athlon X2 DualCore 4600+
• 2GB Dual DDR2 667MHz
• 320GB SATAII WD - 8MB
• 512MB Geforce NX8500GT
69.950
AMD TÖLVA 4
• 2.2GHz AMD QuadCore 9500
• 2GB Dual DDR2 800MHz
• 500GB SATAII WD - 16MB
• 512MB Geforce NX8800GT
109.950
ACER ASPIRE 5720G - 102
• 1.8GHz Intel Core 2 Duo
• 2GB Dual DDR2 667MHz
• 250GB, SATA 5400rpm
• 256MB DDR Geforce 8400
• 15.4" CrystalBrite skjár
acer
99.950
500GB ICY BOX
500GB IcyBox margmiðlunar-spilari m. LCD skjá, spilar kvikmyndir og tónlist fullkomin fjarstýring fylgir.
ICY BOX
21.950
TVIX 4100
Enn betri og fullkomnari TViX
• Styður H.264
• Innbyggt netkort
• HDMI útgangur
TViX
34.950
160GB PASSPORT
Lítill og nettur utaná-liggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúin til notkunnar
WD Western Digital
12.950
500GB MY BOOK
Nýr og enn betri My Book utanáliggjandi diskur frá WD tengist í USB2, tilbúin til notkunnar.
WD Western Digital
14.750
2GB MINNISLYKILL
Corsair 2GB Usb lykill vatnsþéttur, höggþolinn og með 10 ára ábyrgð
CORSAIR
1.950
SENNHEISER HD202
Öflug Sennheiser HD-202 heyrnartól. Frábær hljómur, frábært verð
SENNHEISER
2.750
@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði
www.att.is
SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS 500 KR HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700

## > Bruce Willis

Bruce Willis var giftur Demi Moore í þrettán ár og eiga þau þrjú börn saman. Þrátt fyrir skilnaðinn eru þau miklir vinir og hann var einn af fjölmörgum gestum í brúðkaupinu Demi Moore og Ashton Kutcher. Bruce Willis leikur í kvikmyndinni Lucky Number Slevin á Stöð 2 í kvöld kl. 21.35



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON SÉR BREYTINGAR

# Loksins íslenskt bíó

Á undanförnum árum hefur RÚV verið að böðlast með hlutverk sitt; á það að vera í stífri samkeppni við aðrar einkareknar stöðvar eða á það að vera leiðandi afl í íslenskri dagskrárgerð? Ríkissjónvarpið hefur ekki enn tekið ákvörðun um það enda hefur það ekki frumsýnt eina einustu leikna þáttaröð á sínum vegum síðan Guð veit hvenær á meðan bæði Skjár einn og Stöð 2 hafa tekið stórar áhættur og grætt á því.

En eitthvað virðist risinn í Efstaleitinu vera að vakna til lífsins og gera sér grein fyrir því að hlutverk þess á ekki að vera að framleiða eingöngu léttmeti á borð við Útsvar og Laugardagslögin heldur einnig að miðla frambærilegri og flottri íslenskri menningu. Og þannig hefur verið tekin ákvörðun um að sýna íslenska kvikmynd seint á fyrsta miðvikudagskvöldi í hverjum mánuði. Þótt dagskrártíminn sé auðvitað til háborinnar skammar – að hefja sýningar á kvikmynd þegar klukkan er langt gengin í miðnætti er náttúrlega skandall – fær RÚV prik í hattinn fyrir viðleitnina. Og ekki síst fyrir upphafsmyndina sem verður að teljast ein sú allra besta í íslenskri kvikmyndagerð: Englar alheimsins.

Fáar, ef einhverjar, íslenskar kvikmyndir hafa kallað fram jafn sterk viðbrögð hjá mér og hún er í raun jafn sígilt efni og þegar Rás 1 endurflytur upplestra Halldórs Laxness á Atómstöðinni. Maður bíður því spenntur eftir næsta leik RÚV og vonast til að þeir flytji þetta flotta framtak yfir á skikkanlegan tíma þannig að öll fjölskyldan geti sameinast fyrir framan sjónvarpið og horft á íslenskt gæðaefni. Og kannski að það verði bara boðið upp á Nýtt líf næst?



**FRÁBÆRT UPPHAF** RÚV hitti í mark með upphafi sínu á íslensku bíói en dagskrártíminn er til háborinnar skammar.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10 Gettu betur** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.40 Bandið hans Bubba** STÖÐ 2



▶ **21.00 The Bachelor** SKJÁREINN



▶ **22.00 Die Hard** STÖÐ 2 BÍÓ





▶ **21.15 Hollywood Uncencored** SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ungar ofurhetjur**
**17.55 Bangsímon, Tumi og ég**
**18.20 Þessir grallaraspóar**
**18.25 07/08 bíó leikhús** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Gettu betur** Í fyrsta þætti í átta liða úrslitum mætast lið Menntaskólans á Akureyri og Fjölbrautaskóla Suðurlands og er þátturinn sendur út frá Akureyri.
**21.15 Bókavörðurinn - Leitin að spjótinu** (The Librarian: Quest for the Spear) Bandarísk spennumynd frá 2004. Bókavörður reynir að endurheimta töfragrip sem stolið er af safninu þar sem hann vinnur og nýtur aðstoðar konu sem er vel að sér í bardagaíþróttum.
**22.50 Taggart - Tímaþröng** (Taggart: Running Out of Time) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál.
**00.00 Handan hafsins** (Beyond the Sea) Bandarísk bíómynd frá 2004 um dægurlagasöngvarann Bobby Darin, ævi hans og feril. Leikstjóri er Kevin Spacey og hann leikur jafnframt aðalhlutverkið en meðal annarra leikara eru Kate Bosworth, John Goodman, Bob Hoskins, Brenda Blethyn og Greta Scacchi. e.
**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Must love dogs**
**08.00 Fjölskyldubíó-Doctor Dolittle 3**
**10.00 Land Before Time XI. Invasion of the Tinysauruses**
**12.00 Field of Dreams**
**14.00 Must love dogs**
**16.00 Fjölskyldubíó-Doctor Dolittle 3**
**18.00 Land Before Time XI. Invasion of the Tinysauruses**
**20.00 Field of Dreams**
▶**22.00 Die Hard** Fyrsta myndin í þessum sígilda spennumyndaflokki.
**00.10 The General's Daughter**
**02.05 Point Blank**
**04.00 Die Hard**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 Wings of Love**
**10.10 Sisters** (e)
**11.00 Joey**
**11.25 Örlagadagurinn**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.45 Man's Work**
**15.25 Bestu Strákarnir**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** W.I.T.C.H., Batman, Smá skrítnir foreldrar, Sylvester og Tweety
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.35 The Simpsons**
**20.00 Logi í beinni**
▶**20.40 Bandið hans Bubba** (2:12) Rokkkóngurinn leggur allt undir í leit að sannri rokkstjörnu framtíðarinnar, einhverjum sem syngur á íslensku, fyrir íslenska rokkþjóð.
**21.35 Stelpurnar**
**22.00 Lucky Number Slevin** Hörkuspennandi grínspennumynd með stórleikurunum Josh Harnett, Bruce Willis og Lucy Liu.
**23.45 Thunderstruck**
**01.25 Shallow Grave**
**02.55 Before Sunset**
**04.15 The Closer**
**05.00 The Simpsons**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Njarvík - KR Iceland Express-deildin 2008** Útsending frá leik Njarðvíkur og KR í Iceland Express deildinni í körfubolta.
**16.55 Írland - Brasilía** (Vináttulandsleikur) Útsending frá vináttulandsleik Írlands og Brasilíu.
**18.35 Inside the PGA**
**19.00 Gillette World Sport**
**19.30 NFL** (NFL Gameday) Helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
**20.00 Utan vallar** Nýr umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Sýnar skoða hin ýmsu málefni sem efst eru á baugi hverju sinni.
**20.45 Spænski boltinn - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**21.10 World Supercross GP**
**22.00 Heimsmótaröðin í póker 2007**
**22.50 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**23.40 NBA körfuboltinn** (Phoenix - New Orleans) Leikur í NBA-körfuboltanum.

## SÝN2

**17.30 Portsmouth - Chelsea** Útsending frá leik Portsmouth og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**19.10 Tottenham - Man. Utd.** Útsending frá leik Tottenham og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Premier League World**
**21.20 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.
**21.50 PL Classic Matches**
**22.20 PL Classic Matches**
**22.50 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**23.45 Enska úrvalsdeildin - Upphitun** (Leikir helgarinnar) Vikulegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir leiki helgarinnar. Viðtöl við leikmenn og þjálfara liðanna sem tekin eru upp samdægurs.

## SKJÁREINN

**07.30 Game tíví** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.25 Vörutorg**
**17.25 Less Than Perfect** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 Game tíví** (e)
**19.00 Jamie's return to school dinners** (e)
**20.10 Bullrun** (4:10) Ný raunveruleikasería
▶**21.00 The Bachelor** (6:9) Andy hittir fjölskyldur stúlknanna fjögurra sem eftir eru. Hann kemst að því að fjölskylda Danielle vill vernda dóttur sína og Bevin segir honum leyndarmál úr fortíðinni. Hann á erfitt með að heilla fjölskyldu Tessu og kynnist meðleigjanda Ambers og krökkunum sem hún kennir. Aðeins þrjár stúlkur fá rósir í lok þáttarins og ein er send heim með tárin í augunum.
**22.15 Law & Order** (14:24) Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Byssumaður ræðst inn í ráðhúsið í New York og myrðir borgarráðsmann og særir annan borgarstarfsmanns. Briscoe og Green kanna fortíð stjórnmálamannsins en komast fljótt að því að þeir eru á villigötum.
**23.05 The Boondocks** (6:15)
**23.30 Professional Poker Tour** (6:24)
**01.00 C.S.I. Miami** (e)
**01.50 Da Vinci's Inquest** (e)
**02.40 The Dead Zone** (e)
**03.30 World Cup of Pool 2007** (e)
**04.25 C.S.I. Miami** (e)
**05.10 C.S.I. Miami** (e)
**05.55 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20

### Logi í beinni



Það er skemmtilegur þáttur hjá Loga Bergmanni í kvöld, sem að mestu verður helgaður hljómsveitinni Sálinni hans Jóns míns, en gestir þáttarins verða meðal annars Stefán Hilmarsson. Hljómsveitin fagnar 20 ára afmæli sínu um þessar mundir og ætla að halda upp á það með pomp og prakt í Laugardalshöll í mars. Auk Stebba verða gestir hjá Loga þau Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona sem hefur farið á kostum í Stelpunum og nú síðast í einleiknum Brák og Óskar Jónasson leikstjóri og meðhöfundur Pressu.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Bullrun**

### Skjáreinn kl. 20.10

Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með æsispennandi götukappakstri um þver og endilöng Bandaríkin. Það eru tólf lið sem hefja leikinn á heimasmíðuðum tryllitækjum og það lið sem kemur fyrst á áfangastað snýr heim með 13 milljónir í farteskinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stjörnukíkir
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin (3:19)
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Pollapönk
**20.30** Brot af íslenskri menningarsögu: Í öðru landi
**21.10** Flakk
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Svörtu sönggyðjurnar
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (119:260)
**16.30 Hollyoaks** (120:260)
**17.00 Skífulistinn**
**17.50 Totally Frank** (19:26)
**18.15 Hollywood Uncensored** (21:26)
**19.00 Hollyoaks** (119:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995.
**19.30 Hollyoaks** (120:260)
**20.00 Skífulistinn** Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**20.50 Totally Frank** (19:26) Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn. Leiðin á toppinn er ströng og stelpurnar þurfa að standa saman ef þær eiga að standast freistingarnar sem bíða þeirra. 2005.
▶**21.15 Hollywood Uncensored** (21:26) Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood. Hér verður öllum spurningum svarað.
**22.00 My Name Is Earl** (1:28)
**22.20 Flight of the Conchords** (3:12)
**22.50 Numbers**(17:24)
**23.35 Falcon Beach**
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Mér finnst** Umsjónarkonur eru Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Elly Ármanns og Guðrún Bergmann koma í þáttinn ásamt leynigesti.
**21.00 Hvernig er heilsan?** Þáttur í umsjá Guðjóns Bergmanns. Gestur þáttarins er Hallgrímur Magnússon læknir og ræða þeir um heilsu og heilbrigði.
**21.30 Mörður** Mörður Árnason ræðir við Jón Magnússon alþingismann um kvótakerfið.

## DR 1

**11.00** TV Avisen **11.10** Ærlig talt **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **12.50** Rabatten **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Listen **16.00** Hannah Montana **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor 20.00 TV Avisen **20.30** X Factor **20.50** På skudhold **22.30** Superstormen **00.00** Boogie Listen

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Saras kjøkken **11.40** Columbo **13.15** Doc Martin **14.00** Megafon **14.30** Dinosapiens **15.05** Hannah Montana **15.30** Laura **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Ørneredet **17.05** Mamma Mirabelle viser film **17.20** Rorri Racerbil **17.30** Store maskiner **17.35** Miniplanetene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Showbiz **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** VM skiskyting 2008 **21.35** Detektimen: Dalziel og Pascoe **22.00** Kveldsnytt **22.15** Detektimen: Dalziel og Pascoe **23.35** Sju historier om rock **00.25** Kulturnytt **00.35** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Grön glädje **12.35** Beckman, Ohlson & Can **13.05** Velvet **13.35** Min stora dröm **14.05** Törnfåglarna **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Staden där tiden stannade **17.00** Lilla spöket Laban **17.05** Pozzie **17.10** Stora maskiner **17.15** Riddaren från Pelargonien **17.30** Evas superkoll **17.40** Fåret Shaun **17.50** Meka med Knäck **18.00** Familjen Ouf **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Robins **20.30** America's Sweethearts **22.25** Rapport **22.35** Kulturnyheterna **22.45** Dubbat **23.15** Hart's War **01.15** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það eru buffalo-vængirnir á TGI Fridays, þeir eru æði. Maður borðar þá einu sinni í mánuði og lifir síðan bara í samviskubiti.“*

Jón Jósep Sæbjörnsson tónlistarmaður.

# Hollywood hringir í Sæma rokk

Frá Hollywood bárust þær fréttir nýverið að kvikmynd um skákeinvígið 1972 hefði fengið grænt ljós og yrði sett í framleiðslu. Þetta er myndin Bobby Fischer Goes To War sem Kevin McDonald mun leikstýra, en hans þekktasta mynd er The Last King of Scotland. Það er ljóst að Sæmundur Pálsson, Sæmi rokk, verður burðarpersóna í þessari mynd, enda hægri hönd Bobbys Fischers á sínum tíma.

„Jú, ég neita því ekki, það hefur eitthvað verið hringt í mig út af þessu,“ segir Sæmi. „Það hringdi einhver náungi en ég man ekki hvað hann heitir. Það hafa verið alls konar þreifingar og maður veit ekkert hvað verður úr þessu. Mér hafa verið boðnar prósentur ef myndin verður gerð í samráði við mig. Ég sagði þeim bara að senda samninginn og ég mun svo skoða hann með lögfræðingi. Maður veit nú ekkert hvað verður úr þessu, þetta er allt á frumstigi enn þá.“ Það er skemmtilegur samkvæmisleikur að gera sér í hugarlund hvaða Hollywood-stjarna verður valin í hlutverk Sæma. „Guðmundur G. Þórarinsson stakk upp á því að Brad Pitt væri rétti maðurinn til að leika mig,“ segir Sæmi og hlær. „Það er ekki leiðum að líkjast, ég segi ekki annað.“

Sæmi sá vin sinn Bobby Fischer síðast um vorið 2007. „Við kvöddumst þá sem vinir. Ég var svo á ferðalagi úti um allan heim, meðal annars á Indlandi og á Spáni, og satt að segja hélt ég að veikindi hans væru ekki jafn alvarleg og þau reyndust. Ef ég hefði vitað það hefði ég reynt að hitta hann aftur.“ **- glh**



**HELLO MR. FISCHER, MY NAME IS SÆMI** Brad Pitt myndi rúlla upp hlutverkinu.



**ALLS KONAR ÞREIFINGAR Í GANGI** Sæmi segir samt allt á frumstigi enn þá með sinn þátt í Bobby Fischer Goes To War.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | 10 | | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** korntegund **6.** klukka **8.** sæ **9.** frostskemmd **11.** bor **12.** óróleg **14.** í vafa **16.** tveir eins **17.** fæðu **18.** svif **20.** ekki heldur **21.** fálma.

**LÓÐRÉTT 1.** lummó **3.** þys **4.** fúslega **5.** væl **7.** flugeldur **10.** meðal **13.** pili **15.** baklaf á flík **16.** fjör **19.** bardagi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** bygg, **6.** úr, **8.** sjó, **9.** kal, **11.** al, **12.** ókyrr, **14.** efins, **16.** tt, **17.** mat, **18.** áta, **20.** né, **21.** pata.

**LÓÐRÉTT: 1.** púkó, **3.** ys, **4.** gjarnan, **5.** gól, **7.** raketta, **10.** lyf, **13.** rím, **15.** stél, **16.** táp, **19.** at.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

MAGNÚS SCHEVING: BBC MEÐFRAMLEIÐANDI AÐ NÆSTU ÞÁTTARÖÐ

# Magnús Scheving í samstarf með Dr. Stoppard

Magnús Scheving hefur undanfarið hálft ár verið að skrifa bók með dr. Miriam Stoppard sem er kannski hvað þekktust fyrir að vera höfundur Kvennafræðarans sem kom út á íslensku árið 1988 og svo Stóra kvennafræðarans sem gefinn var út árið 1996. Bækur hennar hafa selst í milljónum eintaka og Miriam hefur einnig verið með heilsuþætti í sjónvarpi. Að sögn Magnúsar hafa skrifin staðið yfir í hálft ár og bókin mun að öllum líkindum heita How to Raise Healthy Kids eða Hvernig á að ala upp heilbrigð börn. Magnús segir að það hafi verið hæg heimatökin að komast í kynni við Stoppard en hún er góð vinkona forsetafrúarinnar, Dorrit Mousaieff. „Stoppard var sjónvarpsstjarna hérna á árum áður, hún er læknir og mikill fræðingur og því góður samstarfsfélagi,“ útskýrir Magnús.

Eftirspurnin eftir sjónvarpsþáttunum um íbúa Latabæjar og baráttu þeirra við Glanna glæp virðist nánast óþrjótandi. Og Magnús segir að bráðum verði farið af stað með framleiðslu þriðju þáttaraðarinnar en upphaflega var gert ráð fyrir að þeirri framleiðslu yrði slegið á frest eftir síðustu þáttaröð og meira gert út á leikið efni. Að sögn Magnúsar eru allar líkur á því að breska ríkissjónvarpið, BBC, verði einn meðframleiðenda en Magnús hefur verið tíður gestur inni á gólfi sjónvarpsrisans og haldið fyrirlestra um hvernig á að búa til gott barnaefni. Hann segir þó að nýja þáttaröðin verði með eilítið öðruvísi sniði en vill að öðru leyti ekkert tjá sig um málið.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær átti Magnús fund með David Cameron, formanni breska Íhaldsflokksins. Cameron á sjálfur þrjú börn sem eru öll forfallnir Latabæjar-aðdáendur og hann var því ekki í vafa um að Sportacus, eða Íþróttaálfurinn, væri rétti maðurinn til að lesa yfir hausamótunum á forystumönnum úr heilbrigðis- og matvælageiranum í Bretlandi. „Cameron gerir mikið út á heilsusamlega ímynd sína og vissi vel út á hvað Latibær gengur,“ segir Magnús en tekur jafnframt skýrt fram að hvorki Latibær né Íþróttaálfurinn hafi tekið pólitíska afstöðu. „Hins vegar er því ekki að leyna að það er gott að eiga bakland hjá Cameron enda sýna allar kannanir um þessar mundir að hann verði næsti forsætisráðherra Breta,“ segir Magnús en í gær greindi Daily Mirror frá því að þetta herbragð Íhaldsflokksins hefði farið illa ofan í forsvarsmenn Latabæjar og jafnvel væri núna talað um Cameron sem Glanna glæp breskra stjórnmála. freyrgigja@frettabladid.is



**NÝ ÞÁTTARÖÐ Í FRAMLEIÐSLU** BBC verður að öllum líkindum einn meðframleiðandi nýju þáttaraðarinnar um Latabæ.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Dýfur á hlutabréfamarkaði virðast ekki hafa áhrif á **Hannes Smárason** athafnamann. Að morgni fimmtudags hélt Hannes ásamt fjölskyldu sinni í skíðaferð til Frakklands. Þar dvelur hann í eigin fjallakofa og rennir sér niður sínar eigin skíðabrekkur. Orðið „kofi“ er ekki lýsandi því híbýlin eru búin öllum þægindum en í fyrra keypti Hannes sér húsið fyrir 1,2 milljarða. Með í kaupunum fylgdu tvær skíðabrekkur.



Félagarnir **Páll Magnússon** útvarpsstjóri og hans hægri hönd, **Þórhallur Gunnarsson**, eru kampakátir þessa dagana. Þeir fara hvergi í launkofa með þá skoðun að þeirra hlutverk og Ríkisútvarpsins sé fyrst og fremst að standa sig í samkeppni og hafa nú miklar væntingar vegna nýrrar könnunar sem er í gangi og gerð er með tæki sem fólk ber á sér og nemur útvarps- og sjónvarpsbylgjur. Þeir telja sig hafa heimildir fyrir því að þar sé RÚV með áður óþekkta yfirburði.



Meðan athygli RÚV-ara er á útvarps- og sjónvarpsbylgjutækjum sem suða í vösum fólks leggja þeir **Pálmi Guðmundsson,** sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, og **Skarphéðinn Guðmundsson** dagskrárstjóri drög að efnismeiri dagskrá með áherslu á íslenskt efni. Þannig hafa þeir tryggt sér sýningarrétt á Latabæ auk þess sem nú er í vinnslu ný gamanþáttaröð þar sem meðal annarra **Eggert Þorleifsson** kemur við sögu.



**Jeremy Clarkson**, sá og hinn sami og stjórnar hinum ofurvinsæla Top Gear, var væntanlegur til landsins í gær og ætlaði að vera viðstaddur frumsýningu þáttarins þar sem farið var á íslenskum jeppabifreiðum á Norðurpólinn. Nánast allir fjölmiðlar landsins fjölluðu um málið og var meðal annars búið að bóka Clarkson í viðtal hjá Kastljósinu. En Clarkson réð ekki Við vetur konung sem setti velflestar samgöngur úr skorðum á landinu í gær og varð að hverfa frá á Heathrow-flugvellinum.

**- jbg/fgg**



# Baugur styrkir minnislausa athafnamanninn

„Baugur hafði allavega meiri húmor fyrir þessu en Kvikmyndamiðstöð,“ segir fjöllistamaðurinn og læknirinn Lýður Árnason. Hann var einn þeirra 46 sem fengu styrk úr Styrktarsjóði Baugs sem úthlutað var úr í gær. Lýður og kvikmyndafyrirtækið hans, Í eina sæng ehf., eru með í bígerð kvikmyndina Frostrósir en hún fjallar um minnislausan athafnamann og unga stúlku á villigötum í lífinu sem hittast fyrir algera tilviljun. „Og þau eiginlega skiptast á minni og peningum, hún á minnið en hann á nóg af peningum,“ útskýrir Lýður en myndin er með dramatísku ívafi.

Sagan um minnislausa athafnamanninn virðist hafa hitt í mark hjá forsvarsmönnum Baugs sem styrkja verkefnið um eina milljón. Lýður sótti einnig styrk hjá Kvikmyndamiðstöð en þar talaði hann fyrir daufum eyrum. Að sögn læknisins hefur hann þó ekki lagt árar í bát og hyggst bara sækja peningana annars staðar frá. „Við viljum náttúrlega gera þessa mynd áður en við drepumst,“ segir hann en meðal þeirra sem höfðu gefið vilyrði sitt fyrir að leika í myndinni voru Gunnar Eyjólfsson, Kristján Franklín og Anita Briem. **- fgg**



**FROSTRÓSIR** Mynd Lýðs fjallar um minnislausan athafnamann sem kynnist ungri stúlku á villigötum.

**ÆTLUÐU AÐ LEIKA** Gunnar Eyjólfsson og Anita Briem höfðu gefið vilyrði sitt fyrir að leika í myndinni.






Ársbirgðir af kaffi á




**1.990 kr.**

Olís kynnir nýjung á stöðvum sínum.
Þú kaupir sérstakan kaffibolla með loki,
sem hentar sérlega vel í bílinn
**og færð í kaupbæti ábót í heilt ár.**

Fyrir þetta borgar þú aðeins 1.990 kr.
Þú rennir síðan bara við á hvaða Olís-stöð
sem er og færð þér kaffi þegar þér hentar.

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 9080146

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**

# Auli

Fyrir skemmstu tók ég mér frí frá vinnu á föstudegi, drakk kaffi á kaffihúsi og vafraði um netið. Ég notaði líka tækifærið til að skrifa útlenskum vini tölvupóst á ensku. Skyndilega tók ég eftir að tölvan var að verða rafmagnslaus. Ég skimaði undir bekkinn sem ég sat á og kom auga á innstungu undir fótum mannsins á borðinu við hliðina. Sökum bréfaskriftanna voru málstöðvarnar í öðrum ham en venjulega og án þess að hugsa spurði ég manninn á ensku hvort ég mætti stinga tölvunni í samband hjá honum. Hann hélt nú það. En verra var að ég heyrði strax á málrómnum að þessi maður var ekki útlenskur frekar en ég.

**NÚ** voru góð ráð dýr; annaðhvort að leiðrétta mistökin og líta út eins og bjáni eða halda leiknum áfram. Ég kaus síðari kostinn. Til að koma ekki upp um mig þakkaði ég fyrir á ensku með ýktum, óræðum hreim. Eftir það þyrfti ég aðeins að sitja kyrr þangað til maðurinn færi og ekki segja orð á íslensku upphátt á meðan. Gallinn var sá að hann sýndi ekki á sér neitt fararsnið.

**ÞARNA** sat ég og reyndi að láta líta út eins og ekkert væri. Sem betur fer hitti ég engan sem ég þekkti og sem betur fer hringdi síminn ekki. En því miður gat ég ekki lesið dagblöðin eins og ég hafði ætlað mér. Það gat sessunautur minn hins vegar. Og svo óheppilega vildi til að hann ákvað að lesa Bakþanka Fréttablaðsins. Óheppilega segi ég því aftan á blaðinu var pistill eftir mig með mynd og nafni – útlendinginn sem hann hafði verið að tala við rétt í þessu.

**HVERNIG** get ég spilað mig úr þessu? hugsaði ég með mér í sömu andrá og ég bölvaði í hljóði að heita ekki alþjóðlegra nafni. Myndi hann trúa því að ég væri bandarískur gyðingur að nafni Bergstein? Ég horfði á spilaborgina hrynja. Fyrst leit hann á myndina. Svo á mig og aftur á myndina. Síðan veitti hann mér náðarhöggið. „Fyrirgefðu, ert þetta ekki þú?" Ég kinkaði aumingjalega kolli, skreið skömmustulega aftur undir bekkinn til að taka tölvuna úr sambandi, tók saman föggur mínar og dagblaðið og gekk vandræðalegur á dyr.

**MÉR** varð hugsað til þessa atviks þegar ég fylgdist með viðbrögðum manna við REI-skýrslunni. Það er best að viðurkenna mistök strax.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 8. febrúar, 39. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.51 | 13.42 | 17.33 |
| Akureyri | 9.47 | 13.27 | 17.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Sólin bræðir landann!

Viðbrögðin við Sumarplús 2008 hafa farið fram úr okkar björtustu vonum.

Eigum enn nokkur sæti laus.
Spennandi áfangastaðir og hreint ótrúlegt verð.

Verð frá:
Besta verðið bókast fyrst.
9.900 kr.
BÁÐAR LEIÐIR MEÐ SKÖTTUM.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is

VISA MasterCard

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús FERÐIR
www.plusferdir.is